GUNNAR STEINN MÁNASON

*Skíðar af kappi innan lands sem utan*

ferðir bílar heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SJÁVARÚTVEGUR

*Gissur Sigurðsson með pungapróf*

Sérblað um sjávarútveg

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




VILTU GÓÐAN BÍL Á 40% AFSLÆTTI?

bílaland B&L

TILBOÐSBÆKLINGUR FYLGIR BLAÐINU Í DAG bilaland.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. janúar 2008 — 15. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Megas á ensku



Mike Pollock syngur enskan texta Megasar á nýrri plötu sem hann er nú með í smíðum.

FÓLK 28

### Hjólað um fjöll og firnindi



Ný samtök um ferðamennsku og útivist á vélhjólum.

TÍMAMÓT 22

### Fremstur á EM



Eiríkur Hauksson hefur tekið sér spilafrí til að sækja alla leiki íslenska handboltaliðsins á EM í Noregi.

FÓLK 38

### Blóðugur fótbolti



Það var tekið á því í upphitun á æfingu landsliðsins í gær.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verður norðaustan 10-20 m/s á Vestfjörðum, hvassast í kvöld. Vaxandi suðaustan átt annars staðar, 13-18 m/s sunnan til með kvöldinu. Rigning eða slydda syðra en él nyrðra. Vaxandi snjókoma vestan til með kvöldinu.

VEÐUR 4

# Varar við falli krónu og harðri lendingu

**Sérfræðingur hjá fjármálafyrirtækinu Merrill Lynch & Co. segir hugsanlegt á að fjárfestar yfirgefi krónuna og gengi hennar falli. Hætta sé á harðri lendingu í hagkerfinu. Útlitið er ekki slæmt segir Geir Haarde forsætisráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Sérfræðingur hjá fjármálafyrirtækinu Merrill Lynch & Co. telur að fjárfestar kunni að selja íslenskar krónur og að hætta sé á harðri lendingu í hagkerfinu.

„Ég myndi fara afar varlega í að halda í íslenskar krónur,“ sagði Emma Lawsson, sérfræðingur Merrill Lynch, í viðtali við fréttastofuna Bloomberg. Lawson segir grundvallarvandamál vera í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Krónan sé enn of hátt skrifuð miðað við viðskiptahallann.

Geir Haarde forsætisráðherra segir nýjustu spár sérfræðinga fjármálaráðuneytisins benda til þess að viðskiptahallinn lækki hratt á næstunni. „Útlitið er ekkert slæmt,“ segir Geir.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir erlenda ráðgjafa hafa varað íslensk stjórnvöld við að sú óhagstæða hagstjórn sem hér hafi verið til langs tíma geti leitt til þess að tiltrú alþjóðafjármálamarkaðar á íslensku myntinni þverri. „Ég veit ekki hvort þetta er upphafið að því,“ segir Gylfi.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir krónuna hafa verið of hátt metna. „Gengið hefur ráðist miklu meira af stöðu fjármálamarkaðarins heldur en nokkurn tíma stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina,“ segir Vilhjálmur. Hann kveðst hafa trú á minnkandi eftirspurn eftir lánum banka hér á landi, vegna hárra vaxta, og það vegi upp á móti áhrifum vegna hugsanlegra breytinga er varða fjárfestingar í svokölluðum jöklabréfum.

- gar/mh / sjá síðu 4




**HÖRKUTÓL** Eins og sannir Íslendingar létu þessir gestir kaffihússins Segafredo við Lækjartorg smávegis snjókomu ekki á sig fá og nutu kaffibollans utan dyra. Kuldinn er klárlega ekki á leiðinni burtu því veðurspá dagsins hljóðar upp á núll til tíu stiga frost og snjókomu víða um land.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Gæsluvarðhald yfir fimm Litháum sem réðust á lögreglumenn framlengt:

# Þóttust vera að hjálpa stúlku

**LÖGREGLUMÁL** Lithár sem réðust á fjóra lögreglumenn úr götuhópi fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt föstudagsins síðastliðins bera sumir hverjir fyrir sig að þeir hafi verið að hjálpa stúlku sem götuhópurinn hafði afskipti af, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Framburður mannanna er hins vegar mjög misvísandi hvað þetta atriði og fleiri varðar. Stúlkan kveðst ekki kannast við neinn þeirra.

Lögreglumennirnir voru að hafa afskipti af stúlkunni, sem ók bifreið sem leið lá niður Laugaveginn klukkan liðlega eitt aðfaranótt föstudagsins. Þá þustu árásarmennirnir, fimm talsins, að þeim og réðust á þá með höggum og spörkum. Lögreglumönnunum tókst að kalla til liðsauka en þeir hlutu allir áverka í átökunum. Þrír Litháar voru handteknir á staðnum, en tveir komust undan. Þeir voru handteknir á heimili sínu í Reykjavík. Fimmmenningarnir eru á aldrinum 19-25 ára.

Fyrirhugað var að ljúka rannsókn málsins í gær og senda það til ríkissaksóknara, en hún mun taka lengri tíma. Lögreglan hraðar málinu eins og kostur er. Rannsókn beinist meðal annars að því hvort um skipulagða árás hafi verið að ræða. Gæsluvarðhald yfir Litháunum fimm var framlengt í gær fram á föstudag.

Gullforði Seðlabankans:

## 700 milljóna verðhækkun

**EFNAHAGSMÁL** Tæplega tveggja tonna gullforði Seðlabankans hefur aukist mjög að verðgildi undanfarnar vikur. Hann var fyrir einum og hálfum mánuði metinn á rúma þrjá milljarða króna, en slagar nú hátt upp í fjóra. Verðið nú miðað við heimsmarkaðsverð nemur um 3,7 milljörðum króna. Gullverð er í hæstu hæðum. Það hefur verið á uppleið á heimsmarkaði og hefur undanfarna tólf mánuði hækkað um 50 prósent.

- ikh/jab

Hús Slysavarnafélagsins:

## Sigurjón kaupir á 215 milljónir

**FÓLK Fasteignafélagið Heimiliskaup ehf., sem er að stærstum hluta í eigu kvikmyndaframleiðandans Sigurjóns Sighvatssonar, hefur keypt Grandagarð 14, hús sem oft er kennt við Slysavarnafélagið á 215 milljónir. Alls bárust 16 tilboð.**

**Sigurjón sagði í samtali við Fréttablaðið að húsið væri fimmtíu ára gamalt með mikla sögu og hugmyndin væri að gera það upp.**

- fgg / sjá síðu 38

Hæstaréttarlögmaður:

## Segir dómaraskipan ólöglega

**STJÓRNSÝSLA** Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður segir skipan Þorsteins Davíðssonar í stöðu héraðsdómara hafa verið ranga, ómálefnalega og ólögmæta. Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra í málinu, hafi ekki haft vald til að taka stjórnvaldsákvörðun sem byggð sé á ómálefnalegum sjónarmiðum. Verulegar líkur séu á því að dómstólar ógildi ráðninguna ef málið verði borið undir þá.



ÁSTRÁÐUR HARALDSSON

- sþs / sjá síðu 20


Gallery Restaurant

NÝTT ELDHÚS MEÐ BREYTTUM ÁHERSLUM



Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is HÓTEL HOLT

Nýr SkodaFabia ER MEÐ SEX LOFTPÚÐUM



SKODA AUTO SIMPLY CLEVER

OPAL

## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, var þetta ekki bara hreinsunareldurinn?*

„Jú, en ég er ekki viss um að hann hafi náð að klára verkið.“

Lögreglurannsókn leiddi í ljós að kveikt var í tíu bílum sem brunnu til kaldra kola á Vatnsleysuströnd. Eigandinn segir bílana hafa beðið þess að vera þrifnir. Jóhann R. Benediktsson er lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Forsætisráðherra varði mannaskipanir samráðherra sinna á Alþingi í gær:

# Ráðningar innan heimilda

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að nýlegar skipanir iðnaðarráðherra og setts dómsmálaráðherra í þrjú embætti hafi verið innan valdheimilda og að þeir hafi stuðst við gild rök og bestu samvisku og dómgreind.

Árni Þór Sigurðsson, Vinstri grænum, spurði Geir út í umdeildar og umræddar skipanir í embætti orkumálastjóra, ferðamálastjóra og héraðsdómara. Sagði hann vald ráðherra ekki takmarkalaust og mætti aldrei vera háð geðþótta. Vitnaði hann til greinar Sigurðar Líndal lagaprófessors í Fréttablaðinu í gær; sagði orð hans þung og að hvert mannsbarn sæi að hann hefði lög að mæla.

Geir var ekki jafn viss um ágæti greinar Sigurðar og sagði hana honum til minnkunar. Kvað hann jafnframt mats- og hæfisnefndir góðar og nauðsynlegar en það væri ráðherra að eiga síðasta orðið.

Árni harmaði að forsætisráðherra hefði ekki tekið afdráttarlausa afstöðu með lýðræðinu og með faglegum og málefnalegum vinnubrögðum og gegn misbeitingu pólitísks valds. Geir sagði gjörsamlega út í hött að segja að hann hefði tekið afstöðu gegn lýðræðinu og bað Árna um að misnota ekki málfrelsi sitt í þinginu. **- bþs**



**GEIR HAARDE** Forsætisráðherra sagði grein Sigurðar Líndal í Fréttablaðinu í gær vera höfundinum til minnkunar.

Árni M. Mathiesen:

# Tjáir sig ekki um greinina

**STJÓRNMÁL** „Hann verður að eiga þetta við sjálfan sig,“ sagði Árni M. Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, aðspurður hvort hann vildi svara gagnrýni sem Sigurður Líndal lagaprófessor setti fram á hann í grein í Fréttablaðinu í gær.

Í henni gagnrýnir Sigurður Árna fyrir að ganga gróflega í berhögg við álit dómnefndar sem mat hæfi þriggja umsækjenda meiri en hæfi Þorsteins Davíðssonar sem ráðinn var dómari við héraðsdóm Norðausturlands og Austurlands á dögunum. **- mh**

Endurskoðuð þjóðhagsspá:

# Svipaðar tekjur

**EFNAHAGSMÁL** „Forsendur fjárlaganna standast,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Fjármálaráðuneytið gaf í gær út endurskoðaða þjóðahagsspá, í kjölfar hruns á hlutabréfamarkaði. Fram hefur komið að það kynni að hafa þau áhrif að forsendur fjárlaga ársins brystu, þar sem tekjur ríkisins af fyrirtækja- og fjármagnstekjusköttum yrðu minni en þar er gert ráð fyrir. Í spánni segir að þótt eitthvað dragi úr þessum sköttum komi á móti auknir tekjuskattar einstaklinga og frekari veltuskattar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. **- ikh / sjá Markaðinn**



**FORSTJÓRINN** FL Group hefur selt um helming af hlut sínum í Commerzbank.

FL Group seldi í dýfunni:

# Tapaði um 2,6 milljörðum

**VIÐSKIPTI FL Group hefur minnkað hlut sinn í þýska bankanum Commerzbank og fer nú með 2,1 prósent. Félagið hefur tapað 2,6 milljörðum króna á eigninni frá áramótum.**

**Í tilkynningu frá FL Group í gær segir að í ljósi lækkunar hlutabréfa í Commerzbank hafi félagið ákveðið að upplýsa um eignarhlut sinn. Um áramótin var hann um 2,9 prósent en var í lok þriðja ársfjórðungs 4,3 prósent. Markaðsverðmæti bréfanna nú er 30,5 milljarðar króna. Gengi bréfa í Commerzbank hefur fallið um tæp 29 prósent frá því FL Group flaggaði fyrst í bankanum í apríl í fyrra, þar af um rúm átta prósent þegar verst lét í gær.** **- jab**

# Vilja halda öryrkjablokkum í Hátúni

**Það hefur slæm áhrif á fólk að búa í íbúðum Öryrkjabandalagsins í Hátúni, samkvæmt höfundum álitsgerðar um aðstæður íbúa. Þeir segja miður að núverandi stjórn vilji ekki halda áfram að vinna að breyttri íbúasamsetningu.**

**FÉLAGSMÁL** „Næsta ómögulegt er að vinna að endurhæfingu fólks sem býr í íbúðum Öryrkjabandalags Íslands í Hátúni 10,“ segir Svavar Knútur Kristinsson, frístunda- og félagsauðsráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, en hann er einn þriggja skýrsluhöfunda sem unnu álitsgerð um aðstæður þeirra 300 manns sem búa í húsnæði Öryrkjabandalagsins að Hátúni 10 og skilað var 2007.

Álitsgerðin var stimpluð trúnaðarmál en hún var gerð að beiðni Sigursteins Mássonar, fyrrverandi formanns Öryrkjabandalags Íslands, og notaði hann hana meðal annars til að rökstyðja nauðsyn fyrir svokallaðri blöndun í Hátúni. Þeim hugmyndum hafði hann unnið að ásamt Helga Hjörvar, fyrrverandi formanni hússjóðs Öryrkjabandlagsins, og gengu þær út á að ófatlað fólk gæti flutt í Hátún 10 og unnið yrði að því að finna öryrkjum íbúðir í venjulegum íbúðarhverfum. Áreiðanlegar heimildir Fréttablaðsins herma að Garðar Sverrisson, núverandi formaður hússjóðsins, ætli ekki að vinna út frá þeim hugmyndum. „Ég vil fá tækifæri til að ræða þetta mál við mitt fólk áður en ég tjái mig um það á opinberum vettvangi,“ sagði Garðar um málið.

Í skýrslunni kemur meðal annars eftirfarandi fram: „Í húsinu er mikið af veiku og óvinnufæru fólki, sem hefur lítið við að vera og fer lítið út fyrir húsið. Þetta leiðir til nokkurs konar iðjuleysisástands, þar sem gróusögur, illt umtal og virðingarskortur þrífast. Þá er einnig um það að ræða að gangarnir eru íverustaðir fólks. Ungt fólk sem kemur í húsið mætir þannig afar óheilbrigðu umhverfi og er það síst hvetjandi. Meðlimir hópsins hafa horft upp á ungt fólk detta inn í hina óheilbrigðu samfélagsgerð og hrörna mjög andlega og félagslega.“

Niðurstaða skýrsluhöfunda er að hagsmunum fatlaðra og veikra einstaklinga væri mun betur þjónað í smærri íbúðakjörnum og þjónustueiningum í samblöndun við samfélagið.

Íris Eik Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og einn skýrsluhöfunda, segir miður að ekki eigi að snúa frá núverandi formi. „Mér finnst það stangast á við nútímahugmyndir sem tíðkast hafa lengi í nágrannalöndunum,“ segir hún.

„Þetta hús er ekki barn síns tíma heldur afi síns tíma og ætti að vera búið að brjóta upp þessa íbúðarbyggð fyrir löngu,“ segir Svavar Knútur en bendir á að skoðun hans sé ekki áfellisdómur yfir fólkinu sem þar býr heldur þeim aðstæðum sem það býr við.

**karen@frettabladid.is**



**BREYTINGAR EKKI Á DÖFINNI** „Ungt fólk sem kemur í húsið mætir þannig afar óheilbrigðu umhverfi og er það síst hvetjandi. Meðlimir hópsins hafa horft upp á ungt fólk detta inn í hina óheilbrigðu samfélagsgerð og hrörna mjög andlega og félagslega.“ Þetta segir í skýrslu sem unnin var um aðstæður í Hátúni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GARÐAR SVERRISSON**

Barnaklámsmaður dæmdur:

# Með tugþúsundir mynda

**DÓMSMÁL Reykvískur karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa í tölvum sínum mikið magn af barnaklámsmyndum. Maðurinn hlaut sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrotin.**

**Hann aflaði sér tæplega 24 þúsunda barnaklámsmynda og 750 hreyfimynda af netinu og vistaði í tölvum sínum. Þá reyndi hann í tvígang að ná sér í fleiri hreyfimyndir sem hann hafði greitt fyrir með greiðslukorti en myndin komst ekki til hans. Maðurinn játaði brot sín og hefur leitað sér sálfræðiaðstoðar.** **- jss**



**STEVE JOBS** Tölvan er svo þunn að hún kemst auðveldlega í meðalstórt umslag.

Aðeins 1,9 sentimetra þykk:

# Jobs afhjúpar fislétta fartölvu

**TÆKNI** Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnti þynnstu fartölvu heims á MacWorld-ráðstefnunni í San Fransisco í Bandaríkjunum í gær. Vélin er 1,9 sentimetra þykk, 1,36 kíló og heitir MacBook Air. Hún hefur 13,3 tommu skjá, lyklaborð í fullri stærð og er búin áttatíu gígabæta hörðum diski. Vélin er án geisladrifs. Hún kemur á markað eftir tvær vikur og kostar sem samsvarar 113 þúsund krónum í Bandaríkjunum.

Til viðbótar fartölvunni kynnti Jobs meðal annars hugbúnaðaruppfærslur við iPhone-símann og iPod Touch spilarann, og opnaði kvikmyndaleigu iTunes á netinu. **- sþs**






Snjóþyngslin koma sér vel fyrir tvo leigubílstjóra hjá BSR:

# Leigubílstjóri á fjallabíl

**SAMGÖNGUR** Margir bílstjórar hugsuðu veðurguðunum þegjandi þörfina í gær þegar þeir óku um snjóþungar göturnar. Ólafur Einarsson leigubílstjóri brosti hins vegar út að eyrum enda urðu snjóþyngslin til þess að hann fékk óvenjumarga og þakkláta viðskiptavini þar sem hann ekur um á Nissan-jeppa.

„Það er nóg að gera hjá mér þegar svona viðrar,“ sagði Ólafur þegar blaðamaður hitti hann á ferð um Skaftahlíðina. „Svo meðan menn bölva syng ég „meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó!“ segir hann syngjandi og hlær við. „En ég hef keyrt leigubíla síðan árið 2000, reyndar með smá hléum inni á milli, en þessi er sá skemmtilegasti. Ég var líka að keyra um helgina og þá tók ég eftir því að það var áberandi mikil hamingja í bílnum hjá mér. Við erum reyndar tveir hjá BSR sem erum á jeppa og við erum með stöðvarnúmerin 14 og 15.“

Aðspurður hvort gamanið verði ekki orðið grátt í vor þegar færð verður með besta móti. „Nei, það þykir öllum fínt að koma upp í jeppa hvenær sem er,“ segir hann. Reyndar er óvíst hvort Ólafur ekur þá um á jeppanum þar sem hann er ekki eigandi bílsins heldur leysir af á hinum ýmsu bílum.

Ekkert lát er á snjókomunni í dag ef veðurspár ganga eftir svo líklega verður annríkið ekki síðra í dag hjá Ólafi en það var í gær. **- jse**



**LEIGUBÍLSTJÓRINN Á JEPPANUM** Óvenjumikið var að gera hjá Ólafi Einarssyni leigubílstjóra í snjóþyngslunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TIL HAMINGJU ÍSLENDINGAR!

Okkur tókst ekki að sigra Evróvisjón síðastliðið vor en gekk öllu betur í Happdrætti Háskólans. 35.695 Íslendingar fengu vinning á síðasta ári. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ 15.1.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,86 | 64,16 |
| Sterlingspund | 125,39 | 125,99 |
| Evra | 94,8 | 95,34 |
| Dönsk króna | 12,732 | 12,806 |
| Norsk króna | 12,093 | 12,165 |
| Sænsk króna | 10,099 | 10,159 |
| Japanskt jen | 0,5934 | 0,5968 |
| SDR | 101,43 | 102,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

124,6095

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björgvin G. Sigurðsson ósammála umsögn Seðlabanka Íslands um evru:

# Efnahagslíf styrkist með evru

**STJÓRNMÁL** „Almennt er ég fylgjandi því að fyrirtækin geti gert upp í erlentum myntum ef þau uppfylla skilyrði í lögum," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum hefur Kaupþing sent neikvæða umsögn Seðlabanka Íslands, vegna beiðni bankans um að fá að gera upp í evru frekar en krónu, til Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra sem úrskurðar í málinu.

Forsvarsmenn Kaupþings ætla sér ekki að tjá sig um málið fyrr en úrskurður fjármálaráðherra liggur fyrir. „Fjármálaráðherra hefur nú þetta mál til umfjöllunar og verður að fá svigrúm til þess að fara yfir þessi mál," sagði Björgvin. Árni kvað ekkert hafa um málið að segja að svo stöddu, þegar hann kom út af ríkisstjórnarfundi í gærmorgun.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Segir evruna geta styrkt efnahagslífið frekar en veikt það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björgvin segist vera ósammála umsögn Seðlabankans en í henni kemur fram að það geti skaðað íslenskt efnahagslíf ef Kaupþing gerir upp í evru.

„Ég tek ekki undir öll þau rök sem koma fram í umsögn Seðlabanka Íslands. Ég held að það geti styrkt stöðu fjármálalífsins að heimila fjármálafyrirtækjum að gera upp í evrum, ekki síst vegna þess að félögin yrðu að álitlegri fjárfestingakostum og ættu auðveldara með að aðlagast síbreytilegum aðstæðum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi." - mh

Valgerður Sverrisdóttir:

## Veltir fyrir sér hæfi Davíðs

**VIÐSKIPTI** Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, velti því fyrir sér á Alþingi í gær hvort Davíð Oddsson seðlabankastjóri gæti gefið hlutlæga umsögn um fyrirtækin Landic Property og Kaupþing. Fyrirtækjunum hefur báðum verið synjað um að gefa upp í evrum. Í samtali við Fréttablaðið segist Valgerður hafa verið að vísa til meints ósættis Davíðs og Baugsmanna, en ráðandi eigendur Landic Property tengjast Baugi. Menn muni einnig þegar Davíð gekk inn í útibú Kaupþings-Búnaðarbanka árið 2003 og tók út alla peningana sína. - sþs

Tuttugu sagt upp á Akureyri:

## Rækjuvinnslu Samherja lokað

**SJÁVARÚTVEGUR Samherji hyggst hætta rækjuvinnslu á Akureyri. Rúmlega tuttugu manns verður sagt upp hjá fyrirtækinu í kjölfarið. Fundað var með starfsmönnum í gær og þeim tilkynnt ákvörðun fyrirtækisins.**

**Í tilkynningu um lokunina á heimasíðu fyrirtækisins segir að rekstur rækjuverksmiðja hafi verið mjög erfiður undanfarin ár og því komi þessi ákvörðun fáum á óvart sem fylgst hafi með fréttum af þeim vettvangi.**

**Sárt sé að grípa til lokunar en aðrir kostir hafi ekki verið í stöðunni, er haft eftir Gesti Geirssyni, framkvæmdastjóra landvinnslu Samherja hf.** - sþs

Ólétt kona flutt á slysadeild:

## Þrjátíu árekstrar í snjó og hálku

**LÖGREGLUMÁL** Um þrjátíu árekstrar urðu í umferðinni í gær, en snjókoma og hálka var víða um land. Tvennt slasaðist í tveimur árekstranna, hvorugt alvarlega.

Ófrísk kona var flutt á slysadeild um klukkan tvö í gær eftir árekstur á Selásbraut, en hún slapp með lítilvæg meiðsli. Karlmaður fór einnig á slysadeild með eymsli í hálsi eftir aftanákeyrslu í Árbæ í gærmorgun, en hann var ekki alvarlega slasaður.

Alls urðu um þrjátíu árekstrar á höfuðborgarsvæðinu í gær og þrír á Akureyri. - sþs

### LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist síðastliðinn laugardag sagði að svarthol hefði fundist í þriggja og hálfs milljarðs kílómetra fjarlægð frá jörðinni. Hið rétta er að svartholið er í þriggja og hálfs milljarða ljósára fjarlægð frá jörðu.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Emma Lawson hjá bandaríska fjármálafyrirtækinu Merrill Lynch & co. segist mundu fara varlega í að halda í íslenskar krónur.

# Spáir krónunni falli

**Ráðgjafi fjármálafyrirtækisins Merrill Lynch & Co. segir íslenskt efnahagslíf glíma við grundvallarvandamál og varar fjárfesta við krónunni. Forsætisráðherra og lektor við Háskólann í Reykjavík segja viðskiptahallann á undanhaldi.**

**EFNAHAGSMÁL** Hægagangur í hagkerfinu á heimsvísu gæti valdið því að íslenska krónan félli. Þetta segir Emma Lawson, sérfræðingur bandaríska fjármálafyrirtækisins Merrill Lynch & Co.

„Ég myndi fara afar varlega í að halda í íslenskar krónur," segir Lawson í viðtali við fréttastofuna Bloomberg sem hefur eftir Lawson að íslenskt efnahagslíf eigi í grundvallarvanda. Í núverandi umhverfi á alþjóðalega vísu, þar sem menn forðist áhættu, geti menn tekið skyndilega upp á því að losa sig við íslensku krónuna.

Lawson bendir á að jafnvel Seðlabanki Íslands geri ráð fyrir lækkandi gengi krónunnar. Þótt viðskiptahallinn hafi dregist saman sé hann svo mikill að krónan sé enn of hátt skrifuð.

„Ef áhættusækni minnkar verður krónan einn þeirra gjaldmiðla sem fyrst verða seldir. Það er sannarlega hætta á harðri lendingu," segir Lawson við Bloomberg.



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir í raun ekkert nýtt í máli Lawsons. Þeir sem fylgist með þróuninni virðist á einu máli um viðskiptahallinn muni haldi áfram að dragast saman eftir að miklu framkvæmdaskeiði ljúki.

„Það er ljóst að almenningur mun mjög kippa að sér höndum í neyslu og fjárfestingum eftir sviptingar á fjármálamörkuðum á undangengnum vikum og mánuðum," segir Ólafur.

Geir Haarde forsætisráðherra segir að komin sé fram ný þjóðhagsspá sem segi til um ástandið eins og það horfi við færustu sérfræðingum fjármálaráðuneytisins.

„Útlitið er ekkert slæmt. En ástandið á hlutabréfamörkuðum er ekki jákvætt. Það má rekja einna helst til þróunar á alþjóðamörkuðum," segir forsætisráðherra sem kveður viðskiptahallann að líkindum lækka mjög hratt á næstunni og að hagvöxtur verði um 1,4 prósent á árinu. Ekki sé gert ráð fyrir því að forsendur fjárlaganna muni breytast að neinu marki.

„En það verður að hafa það huga að það er erfitt að meta ástandið á mörkuðum eins og mál standa nú þar sem þróun á mörkuðum er óvissuforsendum háð," segir Geir Haarde.

gar@frettabladid.is/ magnush@frettabladid.is



**ÁRNI MATHIESEN** Synjaði Landic Property um að færa bókhald í evrum.

Evrubókhald fyrirtækja í bið:

## Ákvörðunar ráðherra beðið

**VIÐSKIPTI Ekki er útlit fyrir að fjármálaráðherra taki á næstu dögum ákvörðun um hvort Kaupþing fái að færa bókhald sitt í evrum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kaupþing býst við svari í þessum mánuði.**

**Ársreikningaskrá heimilaði að bankinn fengi að gera upp í evrum, en með því skilyrði að yfirtökunni á hollenska bankanum NIBC yrði lokið. Seðlabankinn lagðist gegn þessu í umsögn sinni. Fasteignafélaginu Landic property hefur einnig verið hafnað að gera upp í evrum. Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Landic, segir óvíst hvað félagið taki til bragðs. Þó hafi ekki verið íhugað að fara með reksturinn úr landi.** - ikh

### FJÖLMIÐLAR

**Skiptum lokið á Fróða**

Gjaldþrotaskiptum á Tímaritaútgáfunni Fróða ehf. lauk milli jóla og nýárs með því að 146 milljónir króna fengust greiddar upp í almennar kröfur sem alls námu 315 milljónum. Forgangskröfur upp á 6 milljónir króna voru greiddar að fullu.

### SUÐURLAND

**Ríkið selur stóðhestastöð**

Þessa dagana auglýsa Ríkiskaup til sölu stóðhestastöð og sæðistöðuhús í Gunnarsholti í Rangárþingi ytra. Með fylgja 87 hektarar lands. Áskilið er að kaupandinn reisi griphelda girðingu.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BÆTIR Í VIND** Almennt er vaxandi vindur á landinu. Um hádegi verður kominn norðaustanstrekkingur á Vestfjörðum en þar má búast við um eða yfir 20 m/s nyrst og vestast í kvöld. Sömuleiðis vex vindur sunnan til og austan og eru horfur á 13-18 m/s í kvöld. Sunnan og vestan til á hálendinu má búast við um eða yfir 23 m/s í kvöld. Það er vaxandi snjókoma vestan til síðdegis eða í kvöld.

**REYKJAVÍK Í DAG** Hægviðri í fyrstu en suðaustan 13-18 m/s í kvöld. Snjókoma eða slydda. Hiti við núllið.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C skúrir | London | 9°C skúrir | Friedrichshafen | 3°C skúrir |
| Billund | 8°C skúrir | París | 10°C hálfskýjað | Lúxemborg | 6°C skúrir |
| Osló | 3°C rigning | Amsterdam | 9°C skúrir | Alicante | 16°C skúrir |
| Stokkhólmur | 6°C rigning | Frankfurt | 8°C skúrir | Róm | 13°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 20° C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




## KIA Sorento

Fullbúinn alvöru jeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP-stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Þakbogar
- Hátt og lágt drif
- Ný og glæsileg innrétting
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir (Cruise Control)
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með.**

EURO2008 · KIA MOTORS Official Partner

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## KJÖRKASSINN



*Léstu sprauta þig við hinni árlegu inflúensu?*

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að læknar eigi að manna Neyðarbíl Landspítalans?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Bush Bandaríkjaforseti hefur lokið ferð sinni um Mið-Austurlönd:

# Vill aukið framboð olíu frá Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA, AP** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, lauk ferð sinni um Mið-Austurlönd með því að hvetja Sádi-Araba og önnur olíuframleiðsluríki til að auka framboð sitt á olíu og hjálpa þannig til við að lækka olíuverðið.

„Hátt orkuverð getur skaðað efnahagslífið,“ sagði Bush við blaðamenn þegar hann var á leið til fundar við Abdullah, konung Sádi-Arabíu. „Þetta hefur haft áhrif á fjölskyldur okkar. Að greiða meira fyrir bensínið skaðar sumar bandarískar fjölskyldur, og ég ætla að gera honum það ljóst.“

Stuttu síðar sagði Abdullah konungur að Sádi-Arabía myndi ekki framleiða meiri olíu fyrr en markaðsaðstæður leyfðu. Sádi-Arabía flytur út meiri olíu en nokkurt annað ríki á jörðu.

Bush hótaði einnig Írönum því að Bandaríkin myndu bregðast hart við árásum á bandarísk herskip á Persaflóa. Bandaríkin hafa haldið því fram að Íranar hafi áreitt bandarískt herskip þann 6. janúar síðastliðinn, en írönsk stjórnvöld kannast ekkert við það. Bush hefur verið í rúma viku í Mið-Austurlöndum. Megintilgangur ferðarinnar var að hitta Ísraela og Palestínumenn og hvetja þá til að semja um frið. Condoleezza Rice utanríkisráðherra ferðaðist með Bush. - gb



**GEORGE W. BUSH OG SALMAN PRINS** Bandaríkjaforseti fylgdist með sverðdansi í gær ásamt Salman prins, bróður Abdullah konungs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fríkirkjuvegur 11:

# Hallargarðssala enn ófrágengin

**STJÓRNSÝSLA** Enn hefur ekki verið gengið frá sölu borgaryfirvalda á húsinu á Fríkirkjuvegi 11.

Eins og komið hefur fram átti Björgólfur Thor Björgólfsson hæsta tilboðið í húsið auk þess að senda inn 800 milljóna króna frávikstilboð sem gerði ráð fyrir að hann fengi mun stærra svæði af Hallargarðinum til afnota en gert var ráð fyrir. Samningar um málið voru komnir á lokastig í haust en málið hefur tafist eftir að nýr meirihluti tók við. - gar



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**

## ALÞINGI

### Þriðjudagskvöldin verði laus

Forseti Alþingis mælist til þess við forystumenn í stjórnmálum að ekki verði efnt til funda á þriðjudagskvöldum. Þau kvöld geta þingfundir staðið fram að miðnætti.

### Vill vita um verndunaráform

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks, hefur lagt fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um hvaða áform séu uppi um innréttingarnar í fyrrum verslun ÁTVR á Seyðisfirði. Vill hún vita hvort fyrirtækið eða ráðuneytið hyggist beita sér fyrir verndun innréttinganna.

## TAÍVAN

### Þjóðarflokkur sigraði

Þjóðarflokkurinn í Taívan, sem er í stjórnarandstöðu, vann stórsigur í þingkosningum um helgina. Niðurstaðan er mikið áfall fyrir ráðandi öfl í landinu er rúmir tveir mánuðir eru til forsetakosninga.



**AÐ VEIÐUM** Spurðir um aðgerðir í kjölfar álits mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á fiskveiðistjórnunarkerfinu vísa formenn stjórnarflokkanna til fyrirhugaðrar stjórnarsáttmálabundinnar skoðunar á kerfinu.

# Geir telur álit SÞ ekki kalla á lagabreytingu

**Formaður Frjálslynda flokksins telur að breyta verði lögum um stjórn fiskveiða vegna álits mannréttindanefndar SÞ. Forsætisráðherra er ósammála en segir að farið verði yfir kerfið enda kveðið á um það í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur ekki að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið kalli á endurskoðun kerfisins. Nefndin komst að því á dögunum að jafnræðis væri ekki gætt í lögum um kvótakerfið.

Geir bendir á að í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar sé ákvæði um að fara beri yfir kerfið og tekur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í sama streng. Hún er þó þeirrar skoðunar að taka beri álitið mjög alvarlega en Geir metur rökstuðning þess fátæklegan.

Um leið og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, leitaði eftir afstöðu forsætisráðherra til málsins á Alþingi í gær lýsti hann þeirri skoðun sinni að ekki yrði undan því vikist að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Þannig yrði komið til móts við mannréttindanefndina.

> **ÚR STJÓRNARSÁTTMÁLANUM**
>
> „Tryggja skal stöðugleika í sjávarútvegi. Gerð verður sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.“

„Þetta álit er athyglisvert. Það er hins vegar ekki bindandi fyrir Íslendinga að þjóðarrétti og veitir engar vísbendingar um hvernig nefndin ætlast til að við sé brugðist. Og rökstuðningur er fátæklegur,“ sagði Geir H. Haarde í svari sínu. Hann sagði farið yfir málið og þá yfirferð mætti tengja fyrirhugaðri skoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem fjallað er um í stjórnarsáttmálanum. „Ég tel hins vegar ekki að þetta álit gefi sérstakt tilefni til lagabreytinga á Íslandi,“ sagði Geir og benti á að í álitinu stæði að það markmið kerfisins, að vernda og verja fiskistofnana, væri bæði eðlilegt og lögmætt.

Geir sagði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þingsins fara yfir málið og fá helstu sérfræðinga á sinn fund. Það væri hinn eðlilegi gangur málsins en óeðlilegt væri að rjúka upp til handa og fóta og kalla eftir lagabreytingu að óathuguðu máli. Þó kæmi það honum ekki á óvart að Frjálslyndi flokkurinn gerði ágreining um málið.

„Ég hef sagt að okkur beri að taka áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna mjög alvarlega,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun. Vísaði hún – líkt og Geir – til ákvæðis stjórnarsáttmálans um endurmat kerfisins. „Við vinnum eftir stjórnarsáttmálanum í þessu máli sem öðrum,“ sagði Ingibjörg Sólrún. Fundur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar verður í dag.

bjorn@frettabladid.is/
magnush@frettabladid.is







Þann 2. janúar sl. voru 100 ár liðin frá útgáfu fyrsta tölublaðs Lögbirtingablaðsins.

Að því tilefni verður haldið upp á afmælið með opnu húsi föstudaginn 18. janúar milli kl. 9 og 15 á skrifstofu sýslumannsins í Vík að Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal, þaðan sem blaðið er gefið út.
Starfsemi blaðsins og embættisins verður kynnt.
Boðið verður upp á veitingar.

Allir velkomnir.

Starfsfólk sýslumannsins í Vík og Lögbirtingablaðs

Læknar ósáttir við að þeir hætti að manna Neyðarbílinn frá morgundeginum:

# Segja mannslíf sett í hættu

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar Neyðarbílsins mótmæla harðlega þeirri breytingu að læknar hætti að manna Neyðarbíl Landspítalans og slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Þeir telja að breytingin hafi í för með sér verri bráðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og óttast að það geti leitt til þjáninga og dauðsfalla sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir. Læknarnir hvetja almenning til að bregðast við og mótmæla þessum breytingum.

Í yfirlýsingu segir einnig ljóst að sparnaður vegna aðgerðanna verði enginn þegar upp er staðið, en fyrirhugað var að spara um tuttugu milljónir króna. Aukinn kostnaður vegna breytinga innan Landspítalans og við breytta þjónustu Slökkviliðsins geri það að verkum að aðeins sé um að ræða tilfærslu á peningum.

Sú staða sem þeir læknar sem hafa sinnt Neyðarbílnum eru settir í er algjörlega óásættanleg læknisfræðilega, segir í yfirlýsingunni. Það hafi leitt til þess að helmingur þeirra hafi hætt eða séu að hætta störfum á Slysa- og bráðasviði. - sþs



**NEYÐARBÍLLINN** Bjarni Þór Eyvindsson, læknir á Neyðarbílnum og deildarlæknir á Slysa- og bráðadeild, skrifar undir yfirlýsinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NISSAN X TRAIL
Nýskr: 12/2006, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 11.000 þ.
Verð áður kr. 3.050.000
2.500.000,-
Greiðsla per mán.: 36.900
Fjöldi mán.: 84
550þ. AFSLÁTTUR
550þ. AFSLÁTTUR
HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 4/2004, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 62.000 þ.
Verð áður kr. 2.200.000
1.650.000,-
Greiðsla per mán.: 27.700
Fjöldi mán.: 72
630þ. AFSLÁTTUR
CITROEN C5
Nýskr: 12/2005, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 30.000 þ.
Verð áður kr. 2.100.000
1.470.000,-
Greiðsla per mán.: 21.700
Fjöldi mán.: 84
JANÚARÚTSALA
RENAULT SCENIC II
Nýskr: 6/2004, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 272.000 þ.
Verð áður kr. 1.130.000
680.000,-
Greiðsla per mán.: 11.500
Fjöldi mán.: 72
450þ. AFSLÁTTUR
670þ. AFSLÁTTUR
RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 12/2005, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 22.000 þ.
Verð áður kr. 2.250.000
1.580.000,-
Greiðsla per mán.: 23.400
Fjöldi mán.: 84
510þ. AFSLÁTTUR
FORD ESCAPE
Nýskr: 11/2005, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 35.000 þ.
Verð áður kr. 2.830.000
2.320.000,-
Greiðsla per mán.: 34.300
Fjöldi mán.: 84
360þ. AFSLÁTTUR
RENAULT MEGANE II
Nýskr: 4/2006, Bensín, Beinskiptur
Ekinn 30.000 þ.
Verð áður kr. 1.880.000
1.520.000,-
Greiðsla per mán.: 22.500
Fjöldi mán.: 84
Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur
VISA MasterCard
Bílarnir hér til hliðar fást á einstaklega hagstæðum 100% MASTERCARD / VISA lánum til allt að 36 mánaða*. Fyrsta afborgun 2. apríl 2008. Gríptu tækifærið og fáðu þér ódýran bíl á frábærum kjörum.
40% AFSLÁTTUR
NISSAN TERRANO
Nýskr: 7/1999, Bensín, Beinskiptur
Ekinn 173.000 þ.
Verð áður kr. 690.000
390.000,-
Greiðsla per mán.: 13.450
Fjöldi mán.: 36
40% AFSLÁTTUR
MITSUBISHI CARISMA
Nýskr: 7/2000, Bensín, Sjálfskiptur
Ekinn 140.000 þ.
Verð áður kr. 470.000
270.000,-
Greiðsla per mán.: 10.150
Fjöldi mán.: 36
30% AFSLÁTTUR
LAND ROVER FREELANDER
Nýskr: 10/2000, Bensín, Beinskiptur
Ekinn 70.000 þ.
Verð áður kr. 1.230.000
860.000,-
Greiðsla per mán.: 31.750
Fjöldi mán.: 36
30% AFSLÁTTUR
SUBARU LEGACY
Nýskr: 1/2000, Bensín, Beinskiptur
Ekinn 142.000 þ.
Verð áður kr. 750.000
530.000,-
Greiðsla per mán.: 19.650
Fjöldi mán.: 36
FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!
bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is
Reykjavík 575 1230
Selfoss 575 1460
Bílaland B&L
Grjóthálsi 1 Reykjavík
Hrísmýri 2a Selfossi
Opið virka daga frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða norræna þjóð gengur að kjörborðinu um næstu helgi?

2 Íslenskur kvikmyndatökumaður hefur verið tilnefndur til æðstu verðlauna kvikmyndatökumanna í Bandaríkjunum. Hvað heitir hann?

3 Hvað heitir sonur Katrínar Jakobsdóttur og Gunnars Sigvaldasonar, en hann er alnafni þingmanns Sjálfstæðisflokksins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Harðar deilur á þingi Kenía í kjölfar kjörs nýs þingforseta:

# Andstæðingur Kibaki kjörinn

**KENÍA, AP** Keníaþing kom saman í fyrsta sinn í gær eftir kosningarnar umdeildu í lok desember. Nýja þingið kaus Kenneth Marende, rúmlega fimmtugan stjórnarandstæðing, forseta sinn.

Þingforsetakjörið þykir sýna fram á að Mwai Kibaki forseti muni ekki eiga auðvelt með að fá sínum málum framgengt á þingi, þrátt fyrir að sitja áfram sem forseti landsins.

Marende hlaut 105 atkvæði en Frances ole Kaparo, frambjóðandi stjórnarflokksins, hlaut 101 atkvæði.

Fyrsti dagur þingsins var átakamikill og fullur spennu. Þeir Kibaki forseti og Raile Odinga, mótframbjóðandi hans sem viðurkennir ekki sigur Kibakis í forsetakosningunum, voru í fyrsta sinn saman komnir í herbergi.

Von var á Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til Kenía í gær, en för hans var frestað um nokkra daga vegna veikinda Annans, sem hafði fengið flensu. Annan hyggst reyna að miðla málum milli Kibakis og Odinga.

Stjórn landsins hefur bannað alla mótmælafundi, en Odinga hefur engu að síður boðað þriggja daga mótmælafundi á 41 stað í landinu. Þeir fundir eiga að hefjast í dag. **- gb**



**ÁTÖK Í KENÍA** Enn eru átök í landinu og harðar deilur eftir umdeild kosningaúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dýravinir kröfuharðir:

# Fílahald ekki leyft í Bretlandi

**DÝRAHALD** Stjórnvöld í Englandi hafa hafnað ósk um að gæludýrabúðum verði gert kleift að selja fíla.

Bænaskjal þessa efnis var sent til stjórnvalda en það var tólf ára drengur, Jack Smithies, sem hóf að safna undirskriftum. Alls 650 manns skrifuðu undir skjalið og tóku undir rök drengsins. Þau voru helst að öll börn í landinu myndu græða á umgengni við fíl og því ætti að vera hægt að kaupa slík dýr í gæludýraverslunum.

Í yfirlýsingu stjórnvalda kemur fram að vissulega sé jákvætt fyrir börn að eiga gæludýr en það geti ekki átt við um fíla. **- shá**

Samkomulag í Dalvíkurbyggð:

# Svanfríður situr út kjörtímabilið

**STJÓRNMÁL Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar og oddviti J-lista, mun gegna starfi sínu út kjörtímabilið. Því verður ekki skipt um bæjarstjóra á miðju kjörtímabili, eins og kveðið var á um í samþykkt meirihluta B- og J-lista.**



SVANFRÍÐUR INGA JÓNSDÓTTIR

**Samkomulag þess efnis var undirritað á dögunum.**

**Fram kemur í tilkynningu að Hilmar Guðmundsson, fulltrúi B-lista, verði forseti bæjarstjórnar og Bjarnveig Ingvadóttir, B-lista, verði formaður bæjarráðs.**

**Á næstu dögum verður gengið frá nýjum samstarfssamningi á milli listanna tveggja. - sþs**

# Réði sig í vinnu í Sunnubúð til þess að ræna verslunina

**Piltur á tvítugsaldri var settur í síbrotagæslu í gær vegna fjölda rána og innbrota. Hann reyndi að setja á svið rán í Sunnubúðinni með vini sínum. „Hélt ég væri að fá góðan mann í vinnu,“ segir eigandi verslunarinnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn stöðvuðu sviðsett rán í Sunnubúð í Mávahlíð í fyrradag. Tveir menn á tvítugsaldri voru handteknir. Annar þeirra var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa framið fleiri rán, meðal annars í verslun 11-11 um helgina.

Sviðsetta ránið átti að fara fram um hádegisbil á mánudag. Þá hafði nýráðinn afgreiðslumaður í versluninni fengið félaga sinn til að koma grímuklæddur og ræna verslunina. Þeim til óhapps var lögreglan þá nýkomin á staðinn til að handtaka afgreiðslumanninn vegna gruns um aðild hans að tveimur ránum í verslun 11-11 við Grensásveg í Reykjavík.

Maðurinn sem átti að ræna verslunina var vopnaður eldhúshnífi. Hann var klæddur í tvennar buxur og tvær peysur til að geta klætt sig úr ysta laginu á hlaupum og hent fötunum.

Félagarnir voru handteknir og færðir í fangageymslur. Við yfirheyrslur kom í ljós að þeir höfðu undirbúið og skipulagt sviðsetningu á ráni í versluninni í þeim tilgangi að ná peningum, tóbaki og farsímainneignum.

„Ég er farinn að halda að ég þurfi að endurskoða ráðningarmálin hjá mér,“ segir Þórður Björnsson, eigandi Sunnubúðarinnar. „Ég hélt að ég væri að fá góðan mann í vinnu, hann kom mjög vel fram og virkaði mjög



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Í SUNNUBÚÐINNI** Þórður Björnsson, eigandi Sunnubúðarinnar, segist ætla að krefja umsækjendur um afrit af sakavottorði héðan í frá.

stöndugur.“ Hann segist ætla að fara fram á afrit af sakavottorði þegar hann ræður starfsfólk í framtíðinni.

Þegar gerð var leit í íbúð starfsmannsins fannst einnig þýfi sem tengist innbrotum, meðal annars innbroti í Grunnskóla Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum aðfaranótt mánudags.

Starfsmaðurinn var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald og síbrotagæslu í gær vegna gruns um aðild hans að fleiri ránum. Hinn maðurinn hóf sex daga afplánun vegna auðgunarbrotadóms sem hann hafði á bakinu. Þetta staðfestir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Málið er nú á borði rannsóknardeildarinnar.

salvar@frettabladid.is

## FISKELDI

### Hlýsjávarfiskar í þrot

Fiskeldisfyrirtækið Máki ehf. sem lagði stund á eldi hlýsjávarfiskskins barra í Skagafirði er gjaldþrota og er skiptum í því lokið með að ekkert fékkst upp í almennar kröfur upp á 88 milljónir króna. Hins vegar fengust 70 milljónir upp í 105 milljóna verðkröfur og 1,5 milljónir upp í 5,4 milljóna króna forgangskröfur.




ASÍ hefur kynnt jafnréttistillögur í kjaraviðræðunum:

# Kynbundnu misrétti verði útrýmt

**KJARAVIÐRÆÐUR** Alþýðusamband Íslands, ASÍ, hefur kynnt Samtökum atvinnulífsins, SA, tillögur um samstarf til að útrýma kynbundnu misrétti á almennum vinnumarkaði. Tillögurnar ganga út á sameiginlegar kannanir á launamun, samstarf í fræðslumálum og jafnréttisráðgjafa til fyrirtækja og er stefnt að því að semja um þær í kjaraviðræðunum sem nú standa yfir.

ASÍ leggur til að endurskoðuð og uppfærð verði bókun frá 1989 þar sem aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um að skoða launamun kynjanna og að þeir komi sér saman um þá aðferðafræði sem notuð verði þannig að sátt ríki um niðurstöðurnar. Einnig er lagt til að farið verði í sameiginlegt kynningarátak og gerður verði til dæmis kynningarbæklingur sem nýtist í öllum fyrirtækjum.



HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

„Í þriðja lagi viljum við leita sameiginlegra leiða til að aðstoða fyrirtæki við að setja sér jafnréttis- og framkvæmdaáætlun. Við viljum vinna þetta í sameiningu. Við höfum verið með fræðslustjóra til leigu. Af hverjum ekki að vera með jafnréttisráðgjafa á leigu sem fer inn í fyrirtækin, gerir úttekt og kannar kannski líka þekkingarþörf stjórnenda á jafnréttismálum,“ spyr hún og bætir við að ASÍ sé tilbúið til að leita nýrra leiða.



**VINNA Í SAMEININGU** „Við viljum vinna þetta í sameiningu,“ segir Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur SA, segir að málið sé í samningsfarvegi og lítið um það að segja. Auðvitað sé sameiginlegt áhugamál að konur og karlar njóti sömu tækifæra í atvinnulífinu. „Við viljum meina að í stóra heila sé það þannig en það er alltaf besta mál ef getum lagt krafta saman,“ segir hún. **- ghs**

DEBENHAMS

# Bláa bomban



# 20% viðbótarafsláttur

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU. REIKNAST AF VIÐ KASSANN.

| Upprunalegt verð | 50% afsláttur af útsöluvöru | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | 396 kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | 796 kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | 1.196 kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | 1.996 kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | 2.796 kr. |

Alltaf

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 40576 01/2008



**HERMENNSKAN Í BAGDAD** Bandaríska hermenn sinna eftirliti í Bagdad, höfuðborg Íraks, og hafa vakandi auga með öllu. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn nauðgunarmáls í Vestmannaeyjum lokið:

# Lífsýni í nauðgunarmáli jákvætt

**LÖGREGLUMÁL** Niðurstaða í rannsóknum lífsýna úr karlmanni sem grunaður er um að hafa nauðgað ungri konu í Vestmannaeyjum í september síðastliðnum bendir eindregið til þess að hann hafi átt þar hlut að máli. Þetta staðfestir Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Selfossi.

Konan, sem er íslensk, kærði karlmanninn, sem er pólskur að uppruna, fyrir nauðgun sem átt hefði sér stað í Vestmannaeyjum, að morgni laugardagsins 22. september. Skömmu síðar var umræddur maður handtekinn og málið rannsakað af rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi. Maðurinn sat inni á meðan á yfirheyrslum yfir honum stóð, en var sleppt að þeim loknum. Einnig yfirheyrði lögregla allmörg vitni vegna málsins. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins bar maðurinn að hann hefði átt kynmök við konuna en það hefði verið með hennar vilja. Hún var hins vegar með talsverða áverka eftir atburðinn.



**VESTMANNAEYJAR** Verknaðurinn var framinn í Vestmannaeyjum í september.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi hefur nú lokið rannsókn málsins og hefur það verið sent til ríkissaksóknara til ákvörðunar um framhaldið. Maðurinn er í farbanni til 18. janúar. - jss

Ræktendur teknir á Akranesi:

# Með kannabisverksmiðju

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sem lögreglan á Akranesi handtók síðdegis í fyrradag voru að rækta kannabisplöntur. Þeir höfðu komið sér upp sérútbúnu herbergi fyrir ræktunina og þurrkgeymslu fyrir væntanlegar afurðir.

Lögreglan fann 18 kannabisplöntur hjá mönnunum við húsleit á tveimur stöðum á Akranesi. Plönturnar voru á lokastigi framleiðslunnar. Einnig fann lögreglan tæki og tól til fíkniefnaneyslu. Málið er upplýst. Ljóst er að afurðirnar hefðu farið í dreifingu á götum bæjarins hefði lögreglan ekki gripið inn í. - jss



**HUNDSA BANN** James Kennedy, yfirmaður British Council, og Paula Medovnikov, forstöðumaður útibúsins í Sankti Pétursborg, á tali þar á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

British Council í Rússlandi:

# Opnun þvert á bann sögð ögrun

**RÚSSLAND, AP** **Rússnesk yfirvöld brugðust reiðilega við er starfsmenn bresku menningarmálastofnunarinnar British Council mættu til starfa í útibúum stofnunarinnar í Sankti Pétursborg og Jekaterínburg á mánudag, þvert á fyrirskipun um að þeim skyldi lokað um áramótin.**

**Breski sendiherrann var boðaður í utanríkisráðuneytið í Moskvu þar sem honum var tjáð að rússnesk yfirvöld álitu opnun skrifstofanna nú eftir jólahlé „vísvitandi ögrun“. Breski utanríkisráðherrann David Miliband sagði í gær að menningar-, vísinda- og menntamálatengsl þjóðanna ættu ekki vera höfð í gíslingu óskyldra mála.** - aa

# Vildi fela eiturlyfin við sumarbústað á Suðurlandi

**Sex menn á þrítugs- og fertugsaldri hafa verið ákærðir fyrir að standa að baki tilraun til smygls á tæplega fjörutíu kílóum af fíkniefnum. Einn mannanna hugðist fela fíkniefnin í sumarbústaðalandi.**

**DÓMSMÁL** Sex menn hafa verið ákærðir fyrir stórfelld fíkniefnalagabrot fyrir að hafa gert tilraun til þess að smygla til landsins 23,5 kílóum af amfetamíni, fjórtán kílóum af MDMA-dufti og 1.746 MDMA-töflum. Fíkniefnin voru flutt hingað með skútu sem lagði að bryggju í Fáskrúðsfjarðarhöfn að morgni 20. september.

Samkvæmt ákærunni er Kópavogsbúi á 28. aldursári, Einar Jökull Einarsson, sagður standa á bak við skipulagningu á innflutningi fíkniefnanna og hafa skipt verkum með hinum sem ákærðir eru.

Hann er einnig talinn hafa komið fíkniefnunum til Alvars Óskarssonar og Guðbjarna Traustasonar, sem sigldu skútunni til Íslands. Einar Jökull afhenti Alvari og Guðbjarna efnin í Hanstholm í Danmörku í byrjun september.

Bjarni Hrafnkelsson, Hafnfirðingur á 36. aldursári, sá um að ganga frá fíkniefnum til flutnings í íbúð í Kaupmannahöfn mánuði áður en efnin voru haldlögð í Fáskrúðsfjarðarhöfn.

Marinó Einar Árnason, Reykvíkingur á 24. aldursári, er ákærður fyrir að hafa átt að taka á móti efnunum á Fáskrúðsfirði og afhenda þau Arnari Gústafssyni, 27 ára Garðbæingi sem ætlaði sér að fela efnin í sumarbústaðalandi í Rangárvallasýslu, að því er fram kemur í ákæru. Marinó átti einnig að koma olíu og vistum til Alvars og Guðbjarna svo þeir gætu farið á skútunni frá landi að smygli loknu.

Skútan sem notuð var til smygltilraunarinnar var tekin á leigu í Noregi en hún hafði viðkomu á Hjaltlandseyjum og í Færeyjum áður en hún kom til Íslands. Einn maður var handtekinn vegna málsins í Færeyjum en í förum hans fundust fíkniefni.

Rannsókn fíkniefnalögreglunnar var viðamikil og teygði anga sína víða um Evrópu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins standa líkur til þess að mennirnir játi brot sitt, að minnsta kosti að hluta, þegar málið verður þingfest á föstudag. Þar ráða gögn málsins mestu en lögreglan hafði fylgst ítarlega með ferðum mannanna, mánuðum saman, áður en þeir voru gripnir með fíkniefnin í Fáskrúðsfjarðarhöfn. magnush@frettabladid.is





**Í FÁSKRÚÐSFJARÐARHÖFN** Fjölmiðlar greindu frá því eftir að smyglmálið kom upp að skútan Lucky Day hefði staðið í höfninni mánuðum saman. Bróðir Einars Jökuls, sem búsettur er í Stavanger, greiddi hafnargjöld af skútunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**ÞREYTTUR Á KOSNINGAFUNDI** Verkamenn hjá málmverksmiðjunni Demmer fengu að taka sér hlé í vinnunni á mánudag þegar Mike Huckabee, einn frambjóðandi repúblikana, efndi þar til kosningafundar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Repúblikanar nánast einir um hituna í Michigan:

# Lítil spenna var meðal demókrata

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar sýndu forkosningunum í Michigan, sem haldnar voru í gær, lítinn áhuga. Hillary Clinton var ein í framboði en aðrir frambjóðendur höfðu dregið framboð sitt til baka.

Ástæðan er sú að Michigandeild Demókrataflokksins hafði brotið reglur flokksins með því að flýta forkosningunum, sem halda átti á „stóra þriðjudeginum“ hinn 5. febrúar þegar kosið verður samtímis í meira en 20 ríkjum.

Í refsingarskyni ákvað forysta flokksins á landsvísu að refsa Michigan-deildinni með því að svipta ríkið öllum kjörmönnum á flokksþinginu, sem haldið verður í lok ágúst, en þar verður forsetaefni flokksins formlega útnefnt fyrir forsetakosningarnar sem verða í nóvember.

Sama staðan verður í Flórída hinn 29. þessa mánaðar þegar forkosningar Demókrataflokksins verða haldnar þar. Flórída-deild flokksins hlaut sömu refsingu fyrir að flýta forkosningunum, nefnilega sviptingu kjörmanna á flokksþinginu í ágúst.

Mikið fjör var á hinn bóginn í herbúðum repúblikana þar sem þeir Mitt Romney og John McCain háðu slag um útnefninguna. - gb


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
TINO COSMA
LLOYD
BELLINI collezione
bugatti
MABRUN
REDGREEN
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra lagerinn outlet
Lokadagar!
80%
afsláttur af öllum útsöluvörum*
Jakkaföt frá kr. 7.356
Skyrtur frá kr. 1.396
Útijakkar frá kr. 3.396
Leðurjakkar frá kr. 6.996
Buxur frá kr. 1.996
*Af upprunalegu verði
Kvennvara frá
BOSS HUGO BOSS
SAND WOMAN
80%
afsláttur
Nýjar sendingar!
jakkaföt, skyrtur, útijakkar ofl.
30 til 50% afsláttur
ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# Talibanar boða fleiri árásir í Kabúl

**Norski utanríkisráðherrann stytti heimsókn sína til Afganistans í gær vegna dauða norsks blaðamanns í árás talibana á hótel þar sem hann dvaldi í fyrradag. Talsmaður talibana boðar fleiri árásir á útlendinga. Íslendingar sagðir óhultir.**

**AFGANISTAN** Talsmaður talibana sagði í gær að árásinni sem liðsmenn skæruliðasamtakanna frömdu á Selena-hótelið í Kabúl í fyrradag, sem varð norskum blaðamanni og sjö öðrum að aldurtila, hefði ekki verið beint sérstaklega gegn norska utanríkisráðherranum, sem var á fundi á hótelinu þegar árásin var gerð en sakaði ekki. Sú yfirlýsing var þó í ósamræmi við ummæli enn annars talsmanns, sem hélt einmitt því fram, að ráðherrann hefði verið skotmarkið.

Sami talsmaður, Zabihullah Mujahed, boðaði fleiri árásir á staði í Kabúl þangað sem vestrænir menn tíðkuðu komur sínar. „Við höfum heilaga stríðsmenn í Kabúl og brátt munum við gera fleiri árásir á hermenn og útlendinga,“ tjáði hann AP-fréttastofunni.

Norski ráðherrann, Jonas Gahr Støre, stytti heimsókn sína til landsins í gær vegna dauða Carstens Thomassen, blaðamanns Dagbladet, sem er eitt útbreiddasta dagblaðið í Noregi. Støre hélt heim á leið eftir fund með Hamid Karzai forseta Afganistans í gær, en til hafði staðið að heimsóknin stæði fram á fimmtudag.

„Við ákváðum að gera árás einmitt á þessum tímapunkti til að sýna þessum ráðherrum og útlendingapakki að armur okkar og völd ná út um allt,“ hefði AFP-fréttastofan eftir Mujahed.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lét svo ummælt strax eftir árásina í fyrrakvöld, að Støre hefði verið skotmarkið. Hann sjálfur tók þó ekki undir það. „Ég hef engar vísbendingar um að þessari árás hafi sérstaklega verið beint að norsku sendinefndinni, en við verðum að gera ráð fyrir að hún hafi beinst gegn alþjóðaliðinu í Afganistan,“ sagði Støre.



HITTI KARZAI Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, á fundi með Hamid Karzai forseta Afganistans í Kabúl í gær. Strax eftir fundinn hélt Støre heim. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirvöld í Afganistan greindu frá því í gær að þau hefðu handtekið fjóra menn, grunaða um að hafa átt aðild að árásinni á Serena-hótelið. Meðal hinna handteknu var einn árásarmannanna, sem var dulbúinn í einkennisbúning afgönsku lögreglunnar. Sökuðu talsmenn yfirvalda þekktan öfgamann með tengsl við uppreisnarforingjann múlla Abdullah í Pakistan um að standa að baki árásinni. Í íbúð í Kabúl, þar sem tveir hinna grunuðu voru handteknir, fannst myndband með yfirlýsingum frá tveimur af árásarmönnunum. Einn hinna grunuðu var handtekinn er hann reyndi að komast yfir landamærin til Pakistans.

Árásin var framin með þeim hætti, að þrír menn stukku út úr bíl fyrir utan aðalinngang hótelsins. Einn þeirra var skotinn þar af öryggisverði og við það sprakk sprengjubelti hans. Hinir stormuðu inn í hótelið og skutu á allt og alla. Í anddyrinu sprengdi annar sprengjubelti sitt. Þriðji árásarmaðurinn hélt áfram inn að líkamsræktarsal hótelsins og hélt áfram að skjóta um sig. Hann var síðar handtekinn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir liðsmenn Íslensku friðargæslunnar í Kabúl búa og starfa á „vel vörðu svæði“.

audunn@frettabladid.is



VINSÆLUSTU DÝRIN Hamstrar, sporðdrekar og tarantúlur eru vinsælustu gæludýrin sem seljast í gæludýrabúð í kínversku borginni Xian. NORDICPHOTOS/AFP

Vitnisburður einkaþjóns:

## Díana vildi ekki giftast Dodi

**LONDON, AP Díana prinsessa gaf ekkert í skyn sem benti til þess að hún hygðist giftast Dodi Fayed áður en hún lést. Þetta kom fram í vitnisburði einkaþjóns hennar og trúnaðarvinar, Paul Burrell, frammi fyrir dánardómstól á mánudag vegna rannsóknar á láti hennar og Dodis árið 1997.**



PAUL BURRELL

**Sagði Burrel að ef til hefði staðið að tilkynna um slíkt – eins og faðir Dodis, Mohammed, heldur fram – þá hefði Díana verið búin að ganga frá undirbúningi. Lýsti hann sambandi Díönu og Dodis sem „30 daga sambandi“ þar sem hún var enn að jafna sig eftir sambandsslit við hjartaskurðlækninn Hasnat Khan.** - sdg



TF-LÍF Miklar breytingar hafa orðið á flugdeild LHG og verkefnum fjölgar.

Landhelgisgæslan:

## Mikil fjölgun útkalla

**ÖRYGGISMÁL** Útköllum á þyrlur og flugvél Landhelgisgæslunnar (LHG) fjölgaði mikið milli áranna 2006 og 2007. Árið 2007 voru útköll á loftför LHG samtals 182 en voru 142 árið 2006. Þetta er um 28 prósenta heildaraukning á milli ára, sem er töluvert meiri aukning en árin á undan.

Af þessum 182 útköllum voru 76 útköll á láglendi, 54 útköll í óbyggðir og 52 útköll á sjó, þar af sex lengra út en 150 sjómílur. 121 einstaklingur var fluttur í 182 útköllum árið 2007. Aukningin er nokkuð jöfn í útköllum í leit og björgun annars vegar og sjúkraflutningum hins vegar. - shá

SANDGERÐI

### Skólasund í uppnámi

Eignarhaldsfélagið Fasteign stendur að sögn bæjarstjórnar Sandgerðis ekki við það að bygging við Íþróttamiðstöð og ný sundlaug verði tilbúin í upphafi árs 2008. Gríðarlega slysahætta fylgi því að senda börn í skólasund í laug þar sem byggingaframkvæmdir eru í gangi. Slíkt sé ekki bjóðandi og þurfi því að koma börnunum í skólasund til nágrannasveitarfélaga fram á vorið.


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 02/2007, Supercharged Vogue
4200cc, 400 hestöfl
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur
Ekinn 16.000 þ.
**Verð kr. 14.500.000**



**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 12/2006, V8 diesel Vogue
3600cc 282 hestöfl
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár
Ekinn 25.000 þ.
**Verð kr. 11.100.000**



**LAND ROVER - DISCOVERY 3**
Nýskr: 03/2007, Windsor HSE
2700cc diesel
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn
Ekinn 21.000 þ.
**Verð kr. 7.800.000**



**BMW 520 diesel**
Nýskr: 07/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár
Ekinn 10.000 þ.
**Verð kr. 5.700.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230




„Eftir Sölu-, markaðs- og rekstranámið hjá NTV fór ég í Alþjóða Markaðsfræði hjá BA-West. Langþráður draumur loksins orðinn að veruleika. Hér í Esbjerg líður fjölskyldunni vel. Frábær skóli og meiriháttar skemmtilegt nám.”

„Eftir að hafa menntað mig sem lífvörður í Bretlandi fór ég Sölu- og markaðsnám hjá NTV. Nú er ég í Alþjóða Markaðsfræði hjá BA-West í Esbjerg í Danmörku. Í bekknum mínum eru nemendur frá 12 löndum sem hlýtur að teljast gott í Alþjóða Markaðsfræði .”

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, Business Academy West (BAW) í Esbjerg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum. Allar nánari upplýsingar um inntökuskilyrði og samstarfið við BAW er að finna á vefsíðu NTV: www.ntv.is

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Nám sem bæði eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum og á áframhaldandi háskólanámi.

### *Skrifstofu- og tölvunám*
258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Fjármál og rekstur*
132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 8. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. janúar

### *Sölu- og markaðsnám*
264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Skrifstofunám & hönnun*
414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Sölunám & hönnun*
420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Skrifstofu- og rekstrarnám*
462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*
396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Viðbótarnám v. háskólanáms*
72 stundir - Verð: 84.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 15. maí.

## BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### *Grunnnám í bókhaldi*
108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. febrúar

### *Navision viðbótarnám*
24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

### *Auglýsingatækni*
156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 11. febrúar

### *Photoshop Expert*
72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 31. mars

### *Photoshop grunnnám*
30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 23. janúar

### *Alvöru Vefsíðugerð*
210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 12. febrúar

### *Myndbandavinnsla – Adobe Premiere*
36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið auglýst síðar

## SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

### *Tölvuviðgerðir*
72 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 29. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. janúar

### *MCP XP netstjórnun*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. janúar
Morgunnámskeið byrjar 11. mars

### *MCSA 2003 netstjórnun*
150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið (aðra hverja) byrjar 9. febrúar

### *Kerfisstjórinn*
180 stundir - Verð: 233.000.-
(Byrjar á tölvuviðgerðum - Sjá að ofan)

### *Forritun og kerfisfræði*
240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### *MCDST DIPLOMANÁM*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 25. mars

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### *Tölvunám - fyrstu skrefin*
30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 18. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 18. febrúar

### *Almennt tölvunám*
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 11. febrúar

**INNRITUN FYRIR VORÖNN 2008 STENDUR YFIR!**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv




ENNEMM / SÍA / NM31420



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 -





Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### *Nýtt kjörorð*

**„Einu sinni var kjörorð Sjálfstæðisflokksins „Gjör rétt – þol ei órétt.“ Er kjörorðið nú: Gjör rangt – þol órétt?“**

SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR UM SKIPAN DÓMSMÁLARÁÐHERRA Í EMBÆTTI HÉRAÐSDÓMARA.
**Fréttablaðið 15. janúar.**

### *Alnafnar*

**„Ég hef fengið nokkra tölvupósta um það hvort næsta barn verði ekki annaðhvort skírt Kjartan eða Þorgerður Katrín.“**

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR EIGNAÐIST DRENG SEM HEFUR FENGIÐ NAFNIÐ ILLUGI OG ER GUNNARSSON, EINS OG ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.
**Fréttablaðið 15. janúar.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELMA CATES, TÆKNITEIKNARI Á TEIKNISTOFUNNI ELÝS:

## *Forréttindi að geta starfað heima hjá sér*



„Það er allt gleðilegt að frétta. Það er alveg meiri háttar að geta verið heima hjá sér og unnið. Ég er með teiknistofu heima og vinn í raflagnateikningum þar, svo vinn ég í Herbalife heima hjá mér og hér get ég haft dýrin í kringum mig. Það eru forréttindi að geta verið heima hjá sér þegar börnin koma heim og gefið þeim hádegismat,“ segir Elma Cates, tækniteiknari á Teiknistofunni Elýs ehf. og sjálfstæður sölu- og dreifingaraðili Herbalife.

„Það er nóg að gera í vinnu, það er ennþá mikið byggt svo að það er nóg að gera í teikningunum. Það hefur ekki slakað neitt á hjá mér. Það er mikið að gera í þrívíddarmyndunum. Menn fá þrívíddarmyndir til að setja í blöð þannig að það er fullt að gera. Svo er líka svo mikið heilsuátak í gangi þannig að Herbalife gengur mjög vel. Fólk sem er í sportinu kemur mikið inn í Herbalife núna. Íþróttahreyfingin er að koma sterk inn,“ segir hún.

Elma og fjölskylda hennar eru með þrjá hunda, Blíðu, Dimmu Nótt og Skrúð, tvo ketti og kettlinga fyrir utan rúmlega 20 hesta og fiska. „Við erum með íslenska hunda og það er mjög gaman. Við förum mikið á hlýðninámskeið og í sporaleit þannig að við vinnum mikið með hundunum. Þetta er bara gert okkur til gamans því að það myndar svo mikil tengsl milli okkar hjónanna og dýranna þannig að þetta er bara gert til að við getum verið í útiveru með dýrin. Tveir hundanna eru einmitt að fara á sýningu um helgina en þar hefur þeim gengið mjög vel. Við erum að undirbúa það og æfa. Við höfum góða aðstöðu hér heima, erum með lokaðan garð á bak við húsið og hundalúgu út þannig að þau hlaupa bara inn og út eins og þau vilja. Það breytir öllu þegar aðstaðan er góð.“

## SJÓNARHÓLL
**FRUMVARP UM VARNARMÁL**

### *Gagnsæi og lýðræði*



**EVA BJARNADÓTTIR** Framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna.

„Ég held að það sé mikilvægt að gera skýrar reglur um varnarmál á Íslandi og nýju lögin um varnarmálastofnun eru liður í því. Lykilorðin eru gagnsæ stjórnsýsla og lýðræði,“ segir Eva Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Ungra Jafnaðarmanna, um frumvarp um varnarmál sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð saman um.

„Það er líka eðlilegt að gera skýran greinamun á borgaralegri löggæslu og öryggi landsins. Svo er kominn tími til að hugsa öryggi landsins í víðara samhengi því það eru margar raunhæfari ógnir aðrar en Rússar og hryðjuverk.

Frumvarpið tryggir að Ísland verði áfram herlaust land sem er grundvallaratriði. Íslendingar eiga að mínu mati að beita sér fyrir friðsömum úrlausnum í deilumálum og virðingu fyrir alþjóðalögum.“

# Dýrmætt að uppgötva þennan heim góðverkanna

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í næsta mánuði. Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, er meðal þeirra sem situr í dómnefnd. Hún hefur gert það frá upphafi og því er þetta þriðja árið hennar í því embætti.**

„Mér finnst það mjög flott hjá Fréttablaðinu að efna til þessara verðlauna og vekja þannig athygli á öllu því starfi sem er unnið af ótrúlega mikilli fórnfýsi og umhyggju fyrir náunganum,“ segir hún. „Oft er talað um að pressan fjalli fyrst og fremst um það sem miður fer og því finnst mér það gott að Fréttablaðið skuli með þessum hætti reyna að nálgast það sem er að gerast jákvætt, og ég leyfi mér að segja fallegt, í okkar samfélagi.

Fyrir mig persónulega hefur það líka verið dýrmætt að uppgötva þennan heim góðverkanna. Að fá vitneskju um öll þessi félagasamtök, formleg og óformleg, einstaklinga og hópa sem eru að beita sér að því að bæta samfélagið. Ég er sjálf alin upp í stjórnmálum og hef því haft meiri kynni af hinu opinbera starfi á vegum stofnana í þágu almennings. Nú hef ég einnig kynnst því hve ótrúlega fjölbreytt hin óformlega flóra er.

Allt þetta fólk sem vinnur ýmist sem einstaklingar eða innan félaga og hópa við að þjóna náunganum og samfélagi sínu með einhverjum hætti, umfram það sem skyldan býður, er mjög merkilegt. Því starfi er þýðingarmikið að lyfta og það er það sem Samfélagsverðlaunin hafa gert.“

Svanfríður er eini fulltrúi landsbyggðarinnar í dómnefndinni. Hún segir það skipta máli að sú nefnd geti speglað ýmis sjónarmið, líka þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Spurð hvort eitthvað sérstakt hafi komið henni á óvart á undanförnum árum í þessu nefndarstarfi svarar hún:

„Það er sífellt undrunarefni hversu margir eru úti á akrinum að bæta sitt samfélag og styðja við einstaklinga þess. Langflestir gera það bara af því þeir vilja láta gott af sér leiða og gera ekki kröfu um neitt annað en að fá að leggja sitt af mörkum. Þeir vinna mikið og óeigingjarnt starf.“

Samfélagsverðlaunin skiptast í nokkra flokka. Svanfríður segir tilnefnd verkefni oft skarast þannig að þau gætu lent í fleiri flokkum en einum. Þá komi til kasta nefndarinnar. „Það er ekki alltaf einfalt að greina verkefnin niður,“ segir hún. „En afskaplega lærdómsríkt og skemmtilegt.“

**gun@frettabladid.is**



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR SVEITARSTJÓRI.** „Mér finnst það gott að Fréttablaðið skuli með þessum hætti reyna að nálgast það sem er að gerast jákvætt, og ég leyfi mér að segja fallegt, í okkar samfélagi.“
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér ?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

**Auglýsingasími**
**512 50 50**



– Mest lesið


# Hvað er langt til Mosó?

Tvennum sögum fer af því hvað langt er í Mosfellsbæ frá mótum Grafarvogs og Grafarholts í Reykjavík. Kílómetrarnir eru ýmist sex eða níu, eftir því á hvaða skilti er litið.

Víkurvegur liggur á milli Grafarvogs og Grafarholts, meðal annars um brú yfir Vesturlandsveg. Við brúna er skilti sem á stendur að níu kílómetrar séu í Mosfellsbæ. Áfram liggur leiðin yfir brúna og þegar yfir er komið mætir annað skilti vegfarendum. Á því stendur að sex kílómetrar séu í Mosfellsbæ. Leiðin hefur sem sagt styst um þrjá kílómetra þó aðeins hafi verið eknir 300 metrar.

Vitaskuld er þarna um einhver mistök að ræða, merkingin á öðru skiltinu er röng. En þessar upplýsingar hafa lengi mætt vegfaranda sem ekur leiðina reglulega og vakti athygli á málinu. Furðar hann sig á ruglinu.

**- bþs**




**NÍU KÍLÓMETRAR** Við brúna yfir Vesturlandsveg kemur fram að níu kílómetrar séu ófarnir í Mosfellsbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SVARTHOL?** Þrjú hundruð metra spölur er sagður þriggja kílómetra langur.




**SEX KÍLÓMETRAR** Þegar komið er yfir brúna stendur að sex kílómetrar séu í Mosfellsbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Tölvunám vorið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kenndar eru námsgreinarnar Windows Vista Client (70-620 og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 169.900

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 243 stundir/162 klst. **Verð**: 319.900

### Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620)
  **Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
  **Lengd**: 63 st./42 klst. **Verð**: 99.900

## C# .NET forritun

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
**Verð**: 139.900

## Tölvuumsjón

### Tölvuumsjón

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölva og/eða notendaþjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007(expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

**Ath**: Aðeins fyrir fólk með góða tölvuþekkingu
**Lengd**: 200 stundir/133 klst, **Verð**: 299.000

## Bókhaldsnám

### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

## Skrifstofunám

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Morgun (9-12) eða kvöld (19:30-22:30)*

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900

### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst, **Verð**: 52.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætlana og stjórnun verka.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

### Project verkefnastjórnun

Náðu betri tökum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 39.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

### Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

### Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

### Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

### PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

### Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

## Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Seðlabankinn hamlar fyrirtækjum uppgjöri í erlendum myntum.

# Stefnir í atgervisflótta

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Umsögn Seðlabanka Íslands um ósk Kaupþings að færa bókhald í evrum var neikvæð. Bankinn rökstyður afstöðu sína hraustlega og rök hans eru sannfærandi. Kaupþingsmenn hafa enn ekki svarað rökum Seðlabankans. Fleiri fyrirtæki en þeirra hafa sóst eftir að nota aðra mynt en krónu í uppgjörum. Seðlabankinn kann að hafa rétt fyrir sér, en gerir ekki grein fyrir augljósum afleiðingum þessa.

Það blasir við hverjum sem þekkir til umræðu um krónuna að hér stefnir í óefni. Íslensk fyrirtæki munu eðlilega koma rekstri sínum til annarra landa ef hagsmunir þeirra eru bornir fyrir borð hér á landi. Enginn er eyland, jafnvel ekki starfsfólk þjóðarinnar í svarta húsinu við Sölvhólsgötu.

Hvað þýðir það fyrir almannahag ef íslensk fyrirtæki sigla stjórnstöðvum sínum héðan? Sagan kennir að selstöðukaupmenn og kaupmenn fyrri tíðar kusu að hafa þann háttinn á. Arðurinn hvarf af landinu. Meginforsenda þróunar í atvinnuháttum hér á landi á síðustu öld var að atvinnurekstur tók bólfestu í landinu, bæði verslun og útgerð. Þaðan spratt sá kraftur sem breytti íslensku samfélagi úr mesta eymdarbæli Evrópu í frjálst og fullvalda ríki, skóp hér samfélag samúðar, menntunar og framfara.

Við erum ekki lengur heimóttarleg þjóð: ungt fólk íslenskt vílar ekki fyrir sér að setjast að um kyrrt í öðrum löndum. Opnun á öllum viðskiptum, bæði til austurs og vestur, þýðir að sá, sem stóð upp úr öskustónni og fór, þarf ekkert að koma aftur. Ef íslensk fyrirtæki sjá sig nauðbeygð að flytja sig um set gera þau það. Og með fer fólk, hagur versnar og dýrmæt reynsla tapast, sókn linnir, tímans hjól fer í bakslag.

Nú er Seðlabankinn bara kontór sem óx úr einni skúffu í Landsbankanum gamla. Hann lýtur lagaboði: Ungum þingheimi, nýrri ríkisstjórn bíður það verkefni að takast á við yfirvofandi flótta fyrirtækja frá Íslandi. Sama hvað menn láta í kontórum Seðlabankans.

Almenningur hér á landi þekkir mætavel það fullveldi sem felst í krónunni. Við þekkjum líka hina „varkáru og styrku" stjórn fjármála hér á landi. Fáir geta aftur útskýrt að gagni þá hættu sem krónan okkar býr við þessa dagana. Allir menntuðu mennirnir eru bara orðlausir og gætu eins spáð í innyfli á hundunum sínum ef marka má rýrar skýringar þeirra á ástandi efnahagsmála: kjarasamningar eru lausir, það er offjárfesting á húsnæðisframkvæmdum, fyrirtæki virðast mörg hver hafa spennt sig langt umfram getu, þensla í opinberum fjárfestingum hefur aldrei verið meiri, þau fáu félög sem eru á markaði falla í verði. Félög og fyrirtæki reyna í vaxandi mæli að sannfæra almenning um að hagur þeirra sé traustur. Órói er almennur á fjármálamörkuðum: á Bretlandi eru menn teknir að ræða þjóðnýtingu banka til að forða stórslysum í fjármálakerfinu. Öll merki eru uppi um að hér sé í uppsiglingu alvarlegt ástand.

Og í því ástandi megum við síst við því að fyrirtæki flytji starfsstöð sína og rekstur í önnur lönd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þursabit og samviskubit

Þeir sem fylgdust með útsendingum frá Alþingi í gær tóku ef til vill eftir því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var beygð og bogin og átti erfitt með gang. Skýringin er sú að Þorgerður fékk þursabit. Félagar hennar í ríkisstjórn gengu hins vegar sperrtir í baki og hnarreistir. Var ekki einu sinni að sjá að þeir þjáðust af samviskubiti, þrátt fyrir sérlega harðorða grein Sigurðar Líndal lagaprófessors í Fréttablaðinu í gær. Eftir slíkar tyftun frá jafn orðvörum manni hefðu sjálfsagt margir orðið hoknari en Þorgerður Katrín.



### Stolt siglir fleyið – og þó

Enn gengur erfiðlega að standsetja hina víðfrægu Grímseyjarferju. Þegar henni var siglt til Akureyrar á mánudag komu upp vélarvandræði sem gerðu að verkum að sigla þurfti á hálfu vélarafli norður. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að jafnvægi ferjunnar er gott. Það er svo sem huggun harmi gegn að lítil hætta er á að fleyinu hvolfi sem það rekur stjórnlaust um Atlantshafið.

### Gerir lífið skemmtilegra

Tæp tvö ár eru síðan Guðlaugur Þór Þórðarson lagði fram þingsályktunartillögu um að færa sumardaginn fyrsta og verkalýðsdaginn að helgum. Markmiðið var „að gera lífið skemmtilegra". Ekkert varð hins vegar úr því, eins og títt er með þingmannafrumvörp. Landsmenn fagna því sumarkomunni og verkalýðsdeginum á fimmtudegi í ár, í stað þess að fá þriggja daga helgi til að fara í bústað eða á hestbak, sem var eindregin ósk Guðlaugs. Það þykir honum eflaust óskemmtilegt. Í millitíðinni er Guðlaugur hins vegar orðinn ráðherra og hlýtur að beita sér fyrir því að lagt verði fram stjórnarfrumvarp um að gera lífið skemmtilegra.



bergsteinn@frettabladid.is

# Ástir Astreu og Celadons



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Kvikmyndalist

Fyrir nokkru var frumsýnd í Frakklandi nýjasta mynd hins aldna kvikmyndajöfurs Erics Rohmer og nefnist hún „Ástir Astreu og Celadons". Eins og áhugamenn um kvikmyndalist munu kannast við hefur innblástur Rohmers löngum komið úr tveimur vindáttum: annars vegar hefur hann gert fjölmargar myndir sem segja frá tilfinningaflækjum í samtímanum og setja á svið persónur sem ræða þær fram og aftur svo mjög að það nægði til að talsetja samanlagðar allar kvikmyndir þögla tímabilsins, en hins vegar hefur hann gert myndir sem gerast í einhverri fortíð, raunverulegri eða ímyndaðri, og þá gjarnan eftir bókmenntaverkum. Má til dæmis nefna meistaraverkið „Enska konan og hertoginn", sem gerist á tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar og ber byltingarmönnnum illa söguna. En þessar myndir eru færri.

**Hjarðsveinar og -meyjar**

„Ástir Astreu og Celadons" tilheyra seinni flokknum. Myndin er gerð eftir skáldsögu um hjarðsveina og -meyjar eftir Honoré d'Urfé nokkurn sem kom út í mörgum hlutum á fyrri hluta 17. aldar. Sagan taldi að lokum fimm þúsund blaðsíður en hún varð eigi að síður margföld metsölubók, allt fram á daga Maríu Antoinettu drottningar sem gleypti hana í sig, og skal þetta sagt þeim til umhugsunar sem finnst 350 bls. bók vera of löng.

Úr þessu óþrjótandi verki dregur Rohmer nú fram fremur einfaldan söguþráð. Sagan gerist á fimmtu öld eftir Krist í hinni fornu Gallíu eins og höfundur og samtímamenn hans gátu ímyndað sér hana. Sviðið sjálft er fjalla- og skógahéraðið Forez, fyrir vestan borgina Lyon, og eru allir atburðir staðsettir mjög nákvæmlega með tilvísunum í kennileiti og staðanöfn, enda voru á þessum slóðum uppruni og óðal höfundarins sjálfs. Hann gefur sér það nú að þetta hérað hafi engir innrásarmenn lagt undir sig, hvorki Rómverjar, né Búrgundar né heldur Vestgotar, heldur lifi menn þar frjálsu hjarðmannalífi í óspilltri náttúrunni, í graslendi og iðgrænum skógum, leikandi á flautur, sekkjapípur og lútur meðan borðin svigna undan réttunum og spakir drúídar útskýra trúarbrögðin, einhvers konar eingyðis-heiðni.

Þarna elskar nú Celadon Astreu og Astrea Celadon, en þar sem foreldrar þeirra beggja eru eitthvað saupsáttir biður hún hann að leika að hann sé ástfanginn í einhverri annarri og kasta þannig ryki í augu þeirra. En leikurinn er fullsannfærandi, hún fyrtist og segir honum að koma aldrei fyrir sín augu framar. Celadon reynir þá að drekkja sér í ánni Lignon en með takmörkuðum árangri og eftir nokkrar leikflækjur kemur drúídi honum endanlega til bjargar. Til að sættast aftur við Astreu sína dulbýr hann sig sem dóttur drúídans, og tekst það með ágætum, enda eru flest þessi ungmenni nokkuð tvíkynjungsleg: hann er í senn Celadon og dóttirin Alexis. Astrea verður fyrir djúpum áhrifum af þessari veru sem minnir hana á eitthvað.

**Hinn villti skáldskapur**

Myndrænn stíll Rohmers er í góðu samræmi við þessa sögu. Svo er að sjá að hinn 87 ára gamli meistari sé að gefa nútímanum langt nef með því að blása nýju lífi í þessar bókmenntir sem flestir héldu að væru steindauðar, og það gerir hann með óvæntri íroníu, einkum í seinni hlutanum, og svo ekki síst með frábærum náttúrumyndum sem ganga eins og leiðsöguþráður gegnum verkið. Til að undirstrika háðið byrjar myndin á skrifuðum texta eftir Rohmer sjálfan, þar sem hann tekur fram að hann hefði kosið að taka myndina á þeim stöðum þar sem sagan gerist, en því miður hafi hann orðið að leita annað: „Á Forez-sléttunni hafa nú borgir þanist út, vegir verið breikkaðir, ár þornað upp og barrtré komið í stað laufskóganna. Því þurfti að finna annars staðar í Frakklandi landslag sem hefði varðveitt óskert sinn villta skáldskap." Í viðtali sagði Rohmer að með þessu hefði hann viljað vara menn við ef þeir ætluðu að reyna að finna andrúmsloft myndarinnar á þeim stöðum sem væru nefndir. Það fylgdi líka sögunni, að Lignon væri nú orðin svo vatnslítil – vatnið næði varla upp í ökkla – að engum gæti dottið í hug að drekkja sér þar, hversu örvita sem hann væri af ástarsorg.

Svo er að sjá að þetta háð hafi hitt beint í mark. Skömmu eftir að myndin var frumsýnd barst út þau tíðindi að sveitarstjórnin í Leirárhéraði, sem Forez er nú hluti af, hefði höfðað mál gegn hinum síunga Rohmer fyrir illmælgi og róg …

# Um galskap og skynsemi

**UMRÆÐAN**

Skattalækkanir



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Í Silfri Egils á sunnudag lét ég þau orð falla að það væri hreinn galskapur að lækka nú tekjuskatt með almennri 2% skattalækkun, eins og leiðarahöfundur Viðskiptablaðsins hefur t.d. kallað eftir. En hvers vegna?

Við höfum á undanförnum árum búið við allt of mikla verðbólgu sem má fyrst og fremst rekja til gríðarlegrar einkaneyslu. Sú staðreynd – og áhrif erlendra spákaupmanna – hafa þrýst gengi krónunnar í hæstu hæðir, skaðað samkeppnisgreinar, lagt í rúst sjávarútveg vítt og breitt um landið og aukið á ærinn vanda í atvinnumálum. Verðbólgan hefur rýrt kaupmátt allra þeirra hópa sem búa við taxtalaun og ekki hafa notið launaskriðs og þá sérstaklega þeirra sem starfa í skólakerfi og heilbrigðisþjónustu. Misráðnar og illa tímasettar stjórnvaldsákvarðanir og skattalækkanir á undanförnum árum hafa aukið á þennan vanda.

Nú er komið að tímamótum. Aðgengi að lánsfé hefur dregist saman. Stýrivaxtahækkanir eru loksins farnar að hafa áhrif á markaðsvexti. Almenn skattalækkun á þessum tímapunkti yrði einungis til að kynda á ný undir þenslu í samfélaginu og draga úr virkni þeirrar aðlögunar hagkerfisins sem átt hefur sér stað á síðustu mánuðum.

Við þurfum að skapa aðstæður fyrir stöðugra efnahagsumhverfi, þar sem Seðlabankanum gefst kostur á að lækka stýrivexti í hröðum og öruggum skrefum. Þar eru hóflegar launahækkanir í almennum kjarasamningum lykilatriði. Jafnframt á að beita skattkerfisbreytingum til að vernda og bæta kaupmátt þeirra sem minnst hafa milli handanna og þeirra stétta sem ekki hafa notið launaskriðs á undanförnum árum. Við búum við veikt umhverfi peningamála og óskilvirka stýrivaxtastefnu. Þess vegna hafa stýrivextir verið allt of háir allt of lengi. Eftir miklar fórnir vegna þessarar vaxtastefnu eygjum við nú möguleika á að endurheimta stöðugleikann. Það er óðs manns æði að setja þann árangur í hættu með flatri skattalækkun sem brennur á verðbólgubáli áður en við er litið.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*




Fíton/SÍA FI24635

Verð frá
3.650.000 kr.
SJÁLFSKIPTUR

2WD 4WD LÆSING
Aftengjanlegt fjórhjóladrif

Upplifðu nýjan sjálfskiptan Outlander

Komdu og prófaðu nýjan og glæsilegan Mitsubishi Outlander. Hann fæst bæði sjálfskiptur og beinskiptur og státar af fullkomnum drifbúnaði og stöðugleikastýringu. Það tryggir að aksturinn er alltaf öruggur og skemmtilegur – rétt eins og verðið!

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

# Sérfræðingar segja...

**UMRÆÐAN**
Áfengisstefna


ARI MATTHÍASSON

Í leiðara Fréttablaðsins þann 14. janúar sl. lýsir ritstjórinn þeirri skoðun að mikilvægt sé að slaka á núverandi áfengisstefnu með því að hefja sölu áfengis í almennum verslunum með afnámi einkasölu ÁTVR. Þetta er vond skoðun og byggð á miklum misskilningi, bæði á hættum sem því myndu fylgja og mikilli og aukinni þjóðfélagsbyrði.

Í stuttu máli mun ég reyna að leiðrétta þann misskilning sem birtist í grein Jóns Kaldal í þeirri veiku von um að einhver leggi við eyrun, aðrir hugsi sinn gang og þetta sé jafnframt smávægilegt andóf við þeirri lensku á Íslandi að hlusta helst aldrei á þá sem hafa sérfræðiþekkingu en leggja fremur eyrun við lýðskrumi og mönnum sem æpa hátt. Með þessu er ég auðvitað að vísa til þess að okkar mestu sérfræðingar í andlegum og veraldlegum málum er varða heilsu eru mér hér sammála. Þar á ég auðvitað við biskupinn sem mestur er sérfræðingur í kristilegu siðgæði og landlækni og forstjóra Lýðheilsustöðvar sem sem eru fulltrúar sérfræðiþekkingar í heilbrigðisvísindum. Þannig eru okkar bestu menn sem hafa víðtækt umboð sem nær yfir gröf og dauða sammála um að varhugavert sé að slaka á núverandi áfengisstefnu.

*Munurinn á góðri og slæmri áfengisstefnu er ekki óáþreifanleg stærð heldur er áfengisstefna þvert á móti oft spurning um líf og dauða.*

En sem sagt, að misskilningnum og rangtúlkunum. Jón segir að svartsýnismenn, sem vöruðu við að bjórnum fylgdi aukinn áfengisvandi og vaxandi unglingadrykkja með tilheyrandi slæmum afleiðingum fyrir heilsufar og almennt siðferði þjóðarinnar, hafi haft rangt fyrir sér. Hvað finnst Jóni Kaldal þá um þá staðreynd að skv. könnun á drykkjuskap í framhaldsskólum frá 2004 kom fram að 62,2% af mættum 17 ára hefðu orðið full sl. 30 daga? Við getum gefið okkur að mættir 17 ára í framhaldsskólum séu kannski ekki verstu fulltrúar þessa aldurshóps. Hvað finnst Jóni Kaldal um þá staðreynd að 76,2% af framhaldskólanemendum hafi drukkið sl. 30 daga? Þó ég eigi á hættu að teljast bölsýnismaður þá lýsi ég þeirri skoðun að þetta sé ekki ásættanlegt og birti um leið kolsvartan spádóm um að þetta muni ekki skána við að setja áfengi í almennar verslanir. Og þá ekki ástandið í miðborginni um helgar.

Ritstjórinn segir að félagsleg vandamál vegna áfengisneyslu hafi dregist saman. Þetta er rangt. Dagdrykkja á Íslandi eykst með aukinni áfengisneyslu í lítrum talið. Þessi dagdrykkja kemur fyrst og fremst niður á hinum eldri sem í auknum mæli koma vegna þess inn á Vog. Til að sýna umfang þessa vandamáls má vísa til stórrar könnunar frá apríl 2006 þar sem fram kom að 86% svarenda ættu einhvern nákominn sem glímir við alkóhólisma eða annan vímuefnavanda. Þetta er gríðarlegt félagslegt vandamál og áþjánin er okkar allra.

Því get ég ekki fallist á þá niðurstöðu að bjórinn hafi verið góður fyrir samfélagið.

Um lesskilning okkar Jóns Kaldal er það að segja að ég skil grein Bjarna Þjóðleifssonar barasta með allt öðrum hætti en Jón Kaldal. Þannig er skilningur minn á greininni sá að það sé góðu aðgengi að góðri meðferð líklega fyrst og fremst að þakka að aukin heildarneysla á áfengi komi ekki fram í auknum líkams- eða samfélagsskaða. Það að nýgengi skorpulifrar á Íslandi er hið lægsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða er fyrst og fremst að þakka þessari staðreynd, þó enn sé ekki útséð með afleiðingarnar af aukinni drykkju Íslendinga því meðgöngutími skorpulifrar sé 10-30 ár.

Að endingu má vekja athygli leiðarahöfundar Fréttablaðsins á þeirri staðreynd að með nýjum samningi um kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu af SÁÁ mun verða dregið úr þeim aðgerðum sem samkvæmt grein Bjarna skipta mestu máli þegar koma á í veg fyrir skaðleg áhrif heildaráfengisneyslu Íslendinga. Nýr samningur gerir ráð fyrir að dregið verði úr árlegum innlögnum á Vog um 20%. Er von að spurt sé við það tækifæri hvort Fréttablaðið vilji ekki beita áhrifum sínum með öðrum hætti þegar kemur að mótun og framkvæmd áfengisstefnu Íslendinga? Munurinn á góðri og slæmri áfengisstefnu er ekki óáþreifanleg stærð heldur er áfengisstefna þvert á móti oft spurning um líf og dauða.

*Höfundur er framkvæmdastjóri félags- og útbreiðslusviðs SÁÁ.*

# Ólögleg embættisveiting

**UMRÆÐAN**
Skipan héraðsdómara


ÁSTRÁÐUR HARALDSSON

Það er sosum ekki nýtt að deilt sé um það á Íslandi hvernig staðið er að því að velja á milli umsækjenda um opinber embætti. Við höfum búið við það lengi að þurfa að kyngja ýmsu misjöfnu frá stjórnmálamönnum okkar hvað það varðar. Nýleg skipan héraðsdómara fyrir norðan og austan er hins vegar dæmi sem erfitt er að bera saman við þær deilur af þessum toga sem við eigum að venjast.

Þeir stjórnmálamenn sem tala í sömu andrá um skipanina í héraðsdómaraembættið og þær aðrar umdeildu embættisveitingar sem frést hefur af síðustu vikur eru á villigötum. Þau dæmi eru ekki sambærileg. Þeim sem embætti veitir er að lögum ætlað nokkurt svigrúm til mats á hæfni umsækjenda. Ráðherra verður að velja úr hópi umsækjenda þann sem best er fallinn til að gegna embættinu. Það mat getur verið flókið og oltið á ýmsu eftir atvikum. Slíkt svigrúm, sem vissulega er til staðar, dugar hins vegar á engan hátt til að brúa það bil sem er milli verðleika þess sem skipaður var í héraðsdómaraembættið og hinna sem samkvæmt hlutlægu og málefnalegu mati voru betur hæfir til að taka við embættinu.

Settur dómsmálaráðherra hefur lagt á það áherslu að það sé hann sem hafi haft valdið til að skipa í embættið en ekki dómnefndin sem mat hæfni umsækjendanna. Þetta er bæði rétt og ekki rétt. Vissulega var það í höndum setts dómsmálaráðherra að skipa í embættið. Vandinn er hins vegar sá að það mátti hann ekki gera að eigin geðþótta. Niðurstaða ráðherra fer út fyrir þau mörk sem á grundvelli málefnalegrar og hlutlægrar stjórnsýslu verður að draga um valdsvið hans og mögulegar niðurstöður. Hæfasta umsækjandanum bar embættið.

Niðurstaða ráðherrans er ekki bara óheppileg. Ekki bara röng og ómálefnaleg. Hún er ólögmæt. Stjórnvaldsákvörðun sem byggð er á ómálefnalegum sjónarmiðum er ólögmæt. Ráðherrann hafði ekki vald til að taka slíka ákvörðun. Ákvörðun setts dómsmálaráðherra er að líkindum ógildanleg. Verulegar líkur eru til þess að dómstólar myndu komast að þeirri niðurstöðu ef málið bæri að með þeim hætti að slíkt yrði undir þá borið.

Þá stæðum við í þeim sporum að með ógildanlegri ákvörðun hefði maður verið skipaður í embætti sem samkvæmt stjórnarskrá er ekki hægt að svipta hann nema með dómi. Það væri vægast sagt óheppileg staða. Það að bera saman deilur um mismunandi mat á hæfni umsækjenda um tímabundin embætti forstöðumanna ríkisstofnana og skipan í dómaraembætti er rangt og villandi. Staða og hlutverk dómara samkvæmt stjórnskipan okkar og nauðsyn þess að þeir standi sjálfstætt gagnvart framkvæmdavaldinu krefst þess að skipan þeirra sé enn betur hafin yfir vafa en aðrar embættisveitingar. Þar er um að tefla grundvallaratriði sem varða réttaröryggi og sjálft réttarríkið.

Það andrúmsloft pólitískrar valdbeitingar sem hér hefur skapast er þrúgandi og óþolandi. Allir sem vit hafa til, forðast í lengstu lög að tjá sig af ótta við að þurfa að gjalda þess á eigin skinni. Það er sérstaklega ömurlegt að hugsa til þess að félag okkar lögmanna skuli ekki sjá neina ástæðu til að koma fram til varnar dómskerfinu og réttarríkinu þegar að því er sótt einsog nú er gert. Tilraunir sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni til að snúa málinu upp í flokkspólitík snúast um það eitt að reyna að smala sínu fólki oní skotgrafirnar sjálfum sér til varnar. Þeir vita sem er að í þeirra eigin ranni er varla nokkur maður sem ekki sér að hér hefur verið gengið fram gegn betri vitund og réttur brotinn á þjóðinni.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður í Reykjavík.*

# Bylting árið 2008

**UMRÆÐAN**
Vaxtastefna


LÚÐVÍK GIZURARSON

Það er svo bágt að standa í stað sagði byltingarskáldið Jónas Hallgrímsson, sem hylltur var um þessi jól eða jólin 2007. Hann fann grunntóninn í íslensku máli og lét kvæði sín hljóma sem ljúfa tónlist til dýrðar Íslandi og íslensku máli, var tónskáld í máli sínu. Jónas dó of ungur en varð einn mesti byltingarmaður Íslands. Hann sneri okkur til sjálfstæðis meira en nokkur Íslendingur hefur gert þótt ævi hans yrði stutt. Okkur ber að lofa hann. En við eigum að gera meira.

Við eigum að gera árið 2008 að byltingarári eins og Jónas hefði viljað væri hann lifandi. ASÍ eða Alþýðusamband Íslands á að neita að gera nýja kjarasamninga nema við fáum öruggan gjaldmiðil með lágum grunnvöxtum, 1-2%. Við borgum í dag okurvexti, sem við greiðum bönkunum og útlendingum til að geta haldið krónunni okkar uppi. Öll okurlán okkar enda með skelfingu þegar ekki er framlengt lengur nema stýrivextir fari í 20% eins og Seðlabanki Íslands hefur hótað. Bjarga á verðbólgunni. Samt skammta þessir sömu menn sér sjálfir 20% kauphækkun sem er verðbólguhvetjandi meðan aðrir fá mikið minna eða jafnvel ekki neitt. Fá sama og verðbólgan tekur til baka sem er núll í raunverulegri kjarabót.

Við eigum að skipta um aðalseðlabankastjóra og fá nýjan sem lofar okkur evru eða svissneskum frönkum. Þá geta grunnvextir farið í 1-2% af öruggum lánum án lánskjaravísitölu, sem yrði lögð niður. Væri óþörf með traustum gjaldmiðli eins og evru eða svissneskum franka.

Þetta er vel hægt með öruggri stjórn fjármála okkar. Best væri að gera Björgólf Thor Björgólfsson að aðalbankastjóra Seðlabanka Íslands, en hann hefur í ræðu og viðtölum viðrað svipaðar hugmyndir. Hann hefur manna mest vit á þessu og myndi ekki hafa þessar skoðanir opinberlega um evru og svissneskan franka nema hann mæti svo af praktískri reynslu sinni að þær væru vel framkvæmanlegar.

Vinnum í anda Jónasar Hallgrímssonar. Það er svo bágt að standa í stað árið 2008 og eiga von á 20% stýrivöxtum þegar hægt er að komast í 1-2% grunnvexti með réttum manni við stýrið í peningamálum og Seðlabanka Íslands.

Gerum byltingu í vaxtamálum árið 2008. Fáum 1-2% grunnvexti í stað 20% sem stefnt er að með óbreyttri stefnu Seðlabanka Íslands.

Fáum lægstu fáanlega grunnvexti, 1-2%, með t.d. evru eða svissneskum franka.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK






Safapressa
fyrir heilsuna og línurnar

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Magimix safapressan er afar handhæg og einföld í notkun. Á örskotsstund má töfra fram með henni vítamínríka og ferska ávaxta- og grænmetisdrykki sem hressa bæta og kæta. Magimix safapressuna er auðvelt að þrífa, hún er stílhrein, krafmikil og endingargott töfratæki.

Verð frá kr.: 23.500

magimix

Aðrir söluaðilar:
Kokka, Laugavegi
Villeroy & Boch, Kringlunni
Egg, Smáratorgi
Líf og list, Smáralind

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

**Frönskunámskeið**
**hefjast 21. janúar**

Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

**Innritun 7.-18. janúar**

**Upplýsingar**
**í síma 552 3870**
Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is

Alliance Française
Tryggvagötu 8
101 Reykjavík




Gunnar Steinn hefur skíðað nánast sleitulaust frá áramótum en segist þrátt fyrir það furðulega slakur skíðamaður.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frekar á skíði en strönd

***Síðastliðin tvö ár hefur Gunnar Steinn Mánason farið í skíðaferð í kringum áramót og segir hann það meiri háttar.***

„Í ár fór ég í skíðaferð til St. Anton í Austurríki en í fyrra til Ítalíu. Í bæði skiptin fór ég með hópi fólks úr læknisfræði og núna held ég að við höfum verið í kringum átján," segir Gunnar Steinn Mánason læknanemi. „Reyndar voru þetta ekki allt krakkar úr skólanum því ýmsir aðrir fylgdu með," bætir hann við.

Gunnar Steinn segist ekki hafa stundað skíðaíþróttina að neinu ráði í gegnum tíðina. „Ég fór nokkrum sinnum í Oddsskarð sem krakki en er alls ekki góður. Ég rétt kemst niður brekkuna, nánast í plóg, og fer mjög rólega. Það er ekki beint neinn stíll yfir þessu hjá mér," upplýsir Gunnar Steinn. Hann segist þó hafa haft mjög gaman af skíðaferðunum. „Þær eru öðruvísi en sólarlandaferðir og önnur frí að því leyti að þarna er maður að púla allan daginn og kemur þreyttur heim á kvöldin. Ég hugsa að þeir sem fari einu sinni í svona ferð vilji alltaf fara aftur. Þetta er alveg meiri háttar."

Þótt Gunnar Steinn vilji ekki kannast við að vera kominn með skíðadellu fór hann ásamt nokkrum skólafélögum sínum norður í land til að renna sér nokkrar ferðir um síðustu helgi. „Við gistum í bústað rétt fyrir utan Akureyri og var þetta bara gert í gamni."

*vera@frettabladid.is*


**Jamaica**

**14. og 24. febrúar**

**frá kr. 99.990**

**– með allt innifalið**

*10 eða 11 nætur - allt innifalið*






***Mjög takmörkuð gisting í boði á þessu verði!***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í ferðir til Karíbahafsperlunnar Jamaica 14. og 24. febrúar. Í boði er gisting á góðu fjögurra stjörnu hóteli við Ocho Rios, Shaw Park Beach Hotel & Spa á ótrúlegum kjörum. Ævintýraeyjan Jamaica lætur engan ósnortinn. Eyjan er án efa ein fegursta eyja Karíbahafsins og hún býður stórkostlega náttúrufegurð og veðurfar. Á Jamaica ríkir einnig einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu í Karíbahafinu. Sandstrendurnar eru drifhvítar og með þeim fegurstu í heimi. Eyjan skartar náttúruperlum eins og Dunn's fossunum, Blue Mountains og YS fossunum sem eru einstakar og láta engan ósnortinn. Reggie tónlistin ómar allsstaðar, taktur Bob Marleys frægasta sonar Jamaica. Þeir sem hafa komið til Jamaica eru flestir sammála um að eyjan hafi einstakt aðdráttarafl. Gríptu þetta frábæra tækifæri til að heimsækja þessa einstöku Karíbahafseyju á hreint ótrúlegum kjörum.

Verð kr. **99.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið í 10 nætur, 14. febrúar. Ferð 24. febrúar í 11 nætur kr. 7.000 aukalega. Ath. mjög takmörkuð gisting í boði á þessu sérstaka tilboðsverði.

**Heimsferðir**

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**



**BEINT FLUG FRÁ KEFLAVÍK**

**Riga**
Lettlandi

**Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.**

**Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa á verði sem slær öllu við. Næturlíf eins og það gerist best.**



Gamli bærinn er frá árinu 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Rigu, kirkja ST Peter's og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.

| Tímabil | Brottför | Hótel | Verð |
|---|---|---|---|
| 15.-19.mars( 5 nætur ) | Keflavík | **** | kr 76.295 |

**MUNIÐ FRÁBÆR TILBOÐ TIL KENNARA**

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eistrasaltslandanna Verð miðast við gengi evru 15. jan 2008
www.transatlantic.is



vísir.is
„...ég sá það á vísi"

**Skófla** getur komið sér vel á langferðalögum að vetrarlagi ef bíllinn festist í snjó. Því er ekki vitlaust að vera með eina slíka í skottinu.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerru-smíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Flottir fjölskyldubílar

***Þegar fjölskyldan stækkar og börn bætast í hópinn er oft þörf á að fá sér stærri bíl.***

Ýmsir valkostir eru fyrir hendi en hér gefur að líta nokkra bíla sem uppfylla kröfur um öryggi og þægindi.

hrefna@frettabladid.is



**Ford C-MAX Trend 1,6i** er fimm dyra og fimm gíra bíll. Við hönnun bílsins var öll nýjasta tækni Ford Motor Company nýtt í þágu öryggis og þæginda fyrir fjölskylduna. Í honum er mikið rými fyrir fólk og farangur og er hann með sterka yfirbyggingu, stöðugur og mjúkur í akstri. Aftursætið er þrískipt og börnin hafa því sér sæti fyrir sig. Auðvelt er að festa börn í bílstóla þar sem þau sitja hátt og ekki þarf að beygja sig mikið. Bíllinn er fáanlegur bæði fyrir bensín og dísil og hefur Bílaumboðið Brimborg bílinn til sölu.



**Ford Focus** Collection hefur hlotið fjölda verðlauna og er vel búinn. Hann hefur hlotið hæstu einkunn í Euro NCap árekstrarprófinu enda er hann með stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, fjórum öryggispúðum ásamt öryggisgardínum í hliðum til varnar fólki bæði í fram- og aftursætum. Í bílnum er mikið af þægindabúnaði eins og upphitanleg framsæti og framrúða, hálkuviðvörun, hæðarstillir og fleira. Bíllinn er rúmgóður og farangursrýmið er með því mesta sem gerist í þessum flokki. Bíllinn er sparneytinn og fáanlegur bæði í með bensín- og dísilvél. Brimborg býður nú Ford Focus Collection á sértilboði út janúar en því er lýst nánar á www.ford.is.



**MM Outlander 4x4** hefur sportlega aksturseiginleika og er kjörinn fyrir þá sem eru mikið á ferðinni. Hann fæst í bæði fimm og sjö manna dísil- og bensínútgáfu og er nú fáanlegur sjálfskiptur. Verðið á bílnum er frá 3.650.000 krónum hjá Heklu hf. og er hann þá búinn sjálfskiptingu og öflugri bensínvél.

**Nissan X-Trail** er nýr millistærðarjeppi sem hentar vel sem fjölskyldubíll vegna stærðar sinnar en aðeins stærri en flestir jepplingar. Hann ætti að þjóna vel þörfum allt að fimm manna fjölskyldu og er hentugur kostur fyrir fólk sem hefur gaman af ferðalögum og útiveru. Bíllinn er fáanlegur bæði með bensín- eða dísilvél og sex gíra sjálfskiptingu. Verð er frá 3.390.000 krónum hjá Bílaumboðinu Ingvar Helgason ehf.

**Skoda Octavia** Scout er rúmgóður fjölskyldubíll með meiri veghæð en bílar í sama stærðarflokki og með öfluga 140 hestafla dísilvél. Bíllinn byggir á grunni Skoda Octavia sem hlotið hefur ýmis verðlaun og selst vel. Hann fæst hjá Heklu hf.





STOFNAÐ 1998
PLANIÐ bílasala 517 0000
Breiðhöfða


**Nissan Patrol, Elegance**, 44" 2/02, 133þ.km. einn með öllu, 2 dekkjagangar, mikið yfirfarinn, topp bíll. Verð 4.490.000.- Skipti ath.


**Audi Q7 quattro**, S line, 3,0 TDI, 11/07, 3þ.km. Verð 8.490.000.- áhvílandi 7.600.000.-


**Dodge Ram 1500 Larami,** 5,7 hemi, **Nýr bíll.** Verð 3.990.000.- áhvílandi 3.700.000.- BÍLLINN ER Í ÁBYRGÐ


**Nissan Patrol Elegance** 3,0, 33" 07/00, 160þ.km. ssk, Ný dekk og felgur. Allt að 100% lán, Verð 1.760.000.-


**Toyota Landcruiser** 120LX, 38", 5/05, 77þ.km. GPS, kastarar, verð 5.390.000.-


**Toyota Landcruiser** 120VX, 12/04, 46þ.km. 33" dekk, ssk, leður. Verð 4.790.000.- áhv,

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi
Tvíhliða munstur Eykur gripöryggi og stuðlar að betri aksturseiginleikum við hemlun og í beygjum
Tennt brún Eykur gripöryggi
Bylgjótt mynstur Til að tryggja betra veggrip
Þríviðir gripkubbar Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu

TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát



30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

**Handklæðaofn** er hinn mesti munaður og fátt jafn notalegt og að þurrka sér með hlýju handklæði eftir baðið. Á handklæðaofnum er líka mjög gott að þurrka föt eins og gallabuxur, bómullarboli og sokka.



# Fleiri stelpur í fagið

***Húsasmíði er spennandi fag sem felur í sér mikla atvinnumöguleika. Berglind Jónasdóttir er að ljúka húsasmíðanámi á Akureyri og veit fátt skemmtilegra en að taka sér hamar í hönd.***

Berglind, eða Dídí eins og hún er oftast kölluð, er að klára nám í húsasmíði við Verkmenntaskólann á Akureyri og er nú á sinni fimmtu önn. „Námið hefst í grunndeild, síðan fer maður í framhaldsdeild og svo er eitt og hálft ár á samningi,“ segir Dídí.

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni en pabbi Dídíar er húsasmíðameistari. „Ég hef verið að þvælast með honum og svo hef ég verið að gera upp íbúðir sem ég hef átt og þess háttar. Ég bý til dæmis í húsi núna sem ég reif allt út úr og gerði upp,“ segir Dídí sem sá alfarið um þær breytingar nema að hún fékk aðstoð við að leggja parketið vegna tímaskorts. „Það er náttúrulega mun ódýrara að geta gert þessa hluti sjálfur og auk þess er mikil eftirspurn eftir húsasmiðum sem liggja ekki alltaf á lausu,“ útskýrir Dídí.

Í gegnum tíðina hefur hlutur kvenna í iðngreinum á borð við húsasmíði verið heldur lægri en karla en hugsanlega horfir þar til breytinga. „Í bekknum mínum eru þrjár stelpur að læra húsasmíði en svo er alltaf ein og ein á stangli. Yfirleitt er manni vel tekið sem kvenkyns húsasmíðameistara þó stundum séu einhverjir sem vita ekki alveg hvernig þeir eiga að vera. En þá fer maður bara að smíða og þá skiptir það engu máli lengur. Þá sést að maður kann sitt fag alveg jafn vel og strákarnir,“ segir Dídí kímin. „Ég hef alltaf verið að dunda mér við smíði en fór þó frekar seint í skólann af því ég vissi ekki hvort ég myndi geta klárað þetta. Svo bara skellti ég mér og þá var þetta ekkert vandamál,“ segir Dídí sem þykir námið skemmtilegt og aðstaðan góð.

Grunnurinn í öllu smíðanámi er hinn sami en síðan fer fólk í framhaldsdeild þar sem það velur sér sína sérgrein og fer á samning hjá viðeigandi aðila. „Það er alltaf nóg að gera en það vantar alltaf smiði. Ég hef ekki verið mikið að vinna úti heldur hef ég verið meira í innréttingum og hönnun. Þá hef ég til dæmis verið að breyta eldhúsum, baðherbergjum og þess háttar. Þá skiptir máli að hafa góð verkfæri,“ segir Dídí sem er líka tveggja barna móðir og hefur því í nógu að snúast.



Berglind Jónasdóttir, húsasmiður á Akureyri.

„Að lokum vil ég bara hvetja stelpur til að fara í smíði og að vera ekki hræddar við að stíga það skref. Við getum þetta alveg eins og strákarnir. Það er helst að við þurfum kannski stundum smá aðstoð við að losa eitthvað sem hefur verið hert mjög fast eða lyfta einhverju þungu en þá bara fær maður hjálp og það er ekkert að því. Strákarnir þurfa þess stundum líka,“ segir Dídí glettin og bætir við: „Einhver sagði að bestu smiðirnir væru þeir sem gætu reddað sér út úr mistökunum.“ Það er því með smíðina eins og flest annað, hún lærist af reynslunni.

*hrefna@frettabladid.is*



Eldstæðið getur verið hluti af vegghillu eins og sjá má á þessari mynd.

# Hlýlegt á heimilið

***Notaleg eldstæði og umhverfisvæn eru í versluninni Ylur – fyrir heimilið að Bæjarlind 2 í Kópavogi.***

Fátt er huggulegra í vetrarkuldanum en snarkandi eldur í arni. Í versluninni Ylur – fyrir heimilið fást fyrirferðarlítil eldstæði úr stáli sem hægt er að koma fyrir nánast hvar sem er því þau sóta ekki og krefjast ekki reykrörs. Ástæðan er sú að þau brenna etanóli sem er hreinn orkugjafi og eru þau því umhverfisvæn. Eldstæðin eru fjölbreytt að gerð og einföld í uppsetningu. Til dæmis er hægt er að fá vegghillur með innbyggðum eldstæðum. Jafnvel er hægt að hafa þau í kassa sem færa má úr stað. Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.ylur.is

*- gun*

## Góður tími fyrir framkvæmdir

ÞEIR SEM VILJA RÁÐAST Í FRAMKVÆMDIR Á HEIMILUM SÍNUM ÆTTU AÐ FARA Í VERSLUNARLEIÐANGUR NÚNA Á MEÐAN ÚTSÖLURNAR STANDA YFIR.



Útsölur standa nú yfir í byggingavöru- og heimilistækjaverslunum eins og öðrum verslunum og tilvalið að nota tímann til þess að gera góð kaup.

Í verslunum Byko má til dæmis fá allt að 60 prósenta afslátt af ýmsum vörum og allt að 80 í Húsasmiðjunni.

Meðal þess sem fæst á góðu verði þessa dagana er Penta plastmálning á loft og veggi sem er seld með 60 prósenta afslætti í Húsasmiðjunni og þar er einnig 25 afsláttur af öllum flísum.









Útsala 10. til 19. janúar. Dansskór og -fatnaður, ballettföt, skautakjólar & fylgihlutir. Arena dansverslun, Eiðistorgi, Seltjarnarnesi. S: 893-8184. Opið 12-18 virka daga og 10-14 laugard.




friendtex

**Verðhrun!**
Allir jakkar á 1.900.- kr!! Opið 10-18 og laugardag 11-16. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is



Útsala! 25-50 % afsl. www.krili.is

## HEILSA

### Heilsuvörur




5-7 kíló á 9 dögum, 9 daga hreinsikúr frá Aloe Vera. 14.690kr. S. 6978928 Sigga

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Henning kúrinn! Allir geta lést! Uppl. í s. 869 1924

Ertu matarfíkill? Þá er „Matarfíkn-leið til bata með 12 spora kerfi OA samtakanna“ bók fyrir þig! Fæst í betri bókabúðum og á www.huxi.is

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

Óskum eftir perkneskum eða norskum skógarkettlingi. 616-1587,694-8433,ith4@hi.is

Til gefins yndislegur svartur kettlingur, 8 vikna. Uppl. í s. 866 0899 & 482 3882.

10 mánaða blendings hvolpur fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s: 891-9606

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa frítt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita frítt.
Leiga.is býður
- leit að leigjanda
- leigu- og tryggingaráðgjöf
- gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu notaleg skrifstofa í Garðastræti 17, 101 Reykjavík. Aðgangur að sameiginlegu rými og eldhúsi. Gluggi að garði í Grjótaþorpi. Möguleiki á háhraðatenginu beint í punkt. Upplýsingar í 861-6887.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

2 einstaklingsherbergi í 101 á 48þ og 53þ allt innif. Sameiginl. eldhús, WC, þvottav + þurrkari, ADSL mögul. s: 823 2937

3ja herbergja íbúð í Bökkunum til leigu frá og með 1. febrúar. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 8621340.

Fallegt herb. til leigu með aðgangi að eldhúsi, baði, þvottvél í Hfj. Uppl. í s. 690 0735.

### Húsnæði óskast

Reglusamur maður, óskar eftir 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Björn Sími: 896-8934

2 strákar utan af landi eru að leita sér að 3 herb. íbúð. Íbúðin þarf að vera laus frá 1. jan eða 1. feb. Geta borgað 6 mánuði fram í tímann. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 770 5214.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu 3 herb. 90fm+ útsýnisíbúð í Hólunum. V.130 þ. S. 695 1828 e.kl. 14:00

### Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Neglur og list**
**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing og nuddara til starfa. Einnig vantar manneskju í þrif. Upplýsingar í síma 553 4420 eða á www.negluroglist.is**

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma: 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.**

**Vaktstjóri á Subway**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 17 ár.**

**Sveigjanleg dagvinna**
**Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-100% starf. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.**

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg. Upplýsingar í síma 820 7370.**

aktu taktu

**Aktu Taktu**
Aktu Taktu Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

DÝRARÍKIÐ

**Starfsfólk óskast**
**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf til lagerstarfa. Viðkomandi verður að hafa bílpróf. Nánari upplýsingar í síma 568 7170 eða í versluninni.**

Granítsmiðjan

Granítsmiðjan óskar eftir röskum mönnum í uppsetningar og í vinnusal. Fjölbreytilegt starf í með mikla framtíðarmöguleika. vinsamlegast sendið fyrirspurn/umsókn á netfang: starf@granit.is eða hringja í Pétur s: 822-4777

**Garðabær - Okkar bakarí- Helgarstarfsfólk**
**Okkar bakarí óskar eftir hressum strákum og stelpum til afgreiðslustarfa um helgar. Gæti hentað skólafólki. Upplýsingar í síma 891 8258 eða 565 8070, Þóra.**

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Starfið felur í sér m.a. þjónustu og gæslu.Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár. Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Krókhálsi 5a Reykjavík. Opið er frá k.10-16 virka daga.**

**Ritfanga- og leikfangaverslun**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók“.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

**Rafvirkjar**
Óska eftir rafvirkja til starfa. Rafloft s. 896 2660.

Steinsmiðja í Rvk óskar eftir laghentum starfskrafti í framtíðar starf, góð laun fyrir öfluga menn. uppl síma 566-7878

**Iðnaðarmenn**
G.G. lagnir ehf óskum eftir pípulagningamönnum til viðgerða og viðhaldsvinnu, einnig verkamönnum. Uppl. í s. 660 8870, www.gglagnir.is.

RIZZO PIZZERIA í Kópavogi óskar eftir Vönum Pizzabökurum, Bílstjórum og í afgreiðslu. Nánari upplýs á staðnum eða Helgi í s. 8484613

**Góð íslenskukunnátta!**
Öflugt markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni 35 + ára í símasölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
Vantar fólk á kvöldvaktir og aðra hvora helgi, dag og kvöldvaktir. Tilvalið fyrir skólafólk. Fólk á öllum aldri kemur til greina. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

**Litalínan ehf**
Óskar eftir lærðum málurum eða mjög vönum mönnum í málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445.

Rafvirkjar og verkamenn óskast. Vanir jafnt sem óvanir. Laun e. samkomulagi. Uppl. í s. 897 7911.

Óskum eftir trésmiðum og fólki vönu byggingarvinnu. Unnið er í Færeyjum. Uppl í s. 00298595232. Bjössi.

Leitum að hressum og skemmtilegum sendibílstjórum með ríka þjónustulund. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg auk hreins sakavottorðs. Upplýsingar gefur Jón Birgisson í s. 892 9363.

**Vélstjórar.**
Yfir-vélstjóra og 1.vélstjóra sem leysir af sem yfirvélstjóri, vantar á stórt og öflugt línuskip, lámarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. upplýsingar á skiifstofu í síma 4204400 og hjá útgerðarstjóra í síma 8986825.

### Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

20 ára stelpa utan af landi óskar eftir vinnu á höfuðborgasvæðinu. Margt kemur til greina, góð laun. Er með bílpróf. Útkeyrsla kemur vel til greina. Uppl. í s. 616 6242.

Kona fra Lettlandi (40) oskar eftir vinnu a Islandi. Allt kemur til greina, S.8457158



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb..."

- ÚFÓ, Stuðmenn, Höf: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson





Nýr vefur › Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

**Gefðu vatn**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf. S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 461
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

## RÉTTINDANÁMSKEIÐ FYRIR BÍLSTJÓRA UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM FARMI

Fyrirhugað er að halda eftirtalin námskeið í Reykjavík, fyrir stjórnendur ökutækja sem vilja öðlast réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu:

| | |
|---|---|
| **Grunnnámskeið (flutningur á stykkjavöru (fyrir utan sprengifim- og geislavirk efni):** | **21.-23. janúar 2008.** |
| **Flutningur í tönkum:** | **24.-25. janúar 2008.** |
| **Flutningur á sprengifimum farmi** | **26. janúar 2008.** |

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiði fyrir flutning í tönkum og sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess. Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðsgjald í síðasta lagi fimmtudaginn 17. janúar 2008.

Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími 5504600.

vísir.is
*„...ég sá það á vísi"*

Viðskiptahúsið
MIÐLUN • RÁÐGJÖF • FJÁRMÖGNUN

## Fiskislóð 75 - 101 Reykjavík

**Til leigu er 300 fm skrifstofuhúsnæði.**

Frum

Um er að ræða gott skrifstofuhúsnæði á annari hæð með góðum síma- og tölvulögnum. Stækkunarmöguleikar fyrir hendi. Næg bílastæði.

**Verð 1.400 kr. per fm á mánuði.**

***Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi í síma 891 8803***

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.vidskiptahusid.is
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl & lögg. fasteignasali

## Hlégerði 9

200 Kópavogur
Hæð í rólegu hverfi

**Stærð: 135,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1969**
**Brunabótamat: 19.600.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind



Opið Hús

**Opið hús í dag á milli kl. 17-17:30**

**Verð: 36.900.000**

Falleg efri sérhæð á frábærum stað í Vesturbæ Kópavogs. Húsið er staðsett í rólegu, grónu hverfi þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu. Sérinngangur er inn á hæðina. Öll herbergi eru parketlögð, ásamt stofu en eldhús og baðherbergi eru flísalögð. Innaf eldhúsi er þvottahús. Bílskúrsréttur er til staðar. Eignin er töluvert mikið endurnýjuð, nýjar innihurðar, nýtt parket, flísar og innréttingar. Skipt var um dúk á þaki síðastliðið sumar.



Sigurdór Bragaso
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Arnarás 13

210 Garðabær
Glæsileg eign á rólegum stað

**Stærð: 97 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2000**
**Brunabótamat: 17.050.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind



Opið Hús

**Opið hús í dag á milli kl. 17-17:30**

**Verð: 28.900.000**

Glæsileg 97 fm 3-4 herb. íbúð í litlu fjölbýli á frábærum stað í Ásahverfinu í Garðabæ. Húsið er staðsett í rólegu, góðu hverfi þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu. Sérinngangur er í íbúðina, íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Bæði svefnherbergin, gangur, sjónvarpshol og stofa eru með fallegu gegnheilu parketi úr rauðeik, góðir fataskápar í herbergjum. Glæsilegt útsýni úr stofu og af svölum.



Sigurdór Bragaso
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Fiskislóð 34 - 38

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnarinnar vegna lóðanna nr. 34, 36 og 38 við Fiskislóð. Tillagan gerir ráð fyrir sameiningu lóðanna númer 34, 36 og 38 við Fiskislóð. Sameinuð lóð verður 9093 m² og heimilt verður að byggja atvinnuhúsnæði á 1 – 2 hæðum. Bílastæði á lóð verða 56 og hámarksnýtingarhlutfall lóðar 0,5.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. janúar 2007 til og með 27. febrúar 2008.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 27. febrúar 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 16. janúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2008, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. janúar 2008 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2008, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

**Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.**

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2008.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# „Raunverulegt jafnrétti“ á kostnað jafnréttis

**UMRÆÐAN**
Jafnréttismál

Fyrir nokkru skrifaði Steinunn Stefánsdóttir leiðara um jafnrétti þar sem fram koma tvenns konar hugmyndir um það (Fbl. 12/3 ‘07). Sú fyrri er það að fólk hafi jafnan rétt óháð kynferði sínu. Þetta eigi við bæði er varðar landslög og aðra þjónustu. Þannig geri lögin ekki upp á milli einstaklinga eftir því hvort þeir séu karlar eða konur (Steinunn minnist að vísu ekki á að lögin horfa stundum á kynferði einstaklinga og þá hafa konur meiri réttindi en karlar, eins og varðandi umgengni við börn eftir skilnað). Einnig hefur fólk jafnan rétt til að mennta sig, taka þátt í stjórnmálum o.þ.h. Þetta jafnrétti, bendir Steinunn á, hefur náð fram að ganga.

Síðan talar hún um raunverulegt jafnrétti („raungert“ í leiðaranum). Með því er átt við að kynin eru ekki jafn fjölmenn í ýmsum stéttum samfélagsins: Fleiri karlar á þingi og í stjórnum fyrirtækja, svo dæmi sé tekið. Steinunn segir ekki nægja að hafa „hlutlausa lagatexta“ heldur verði lög að „gera ráð fyrir að grípa verði til sértækra tímabundinna aðgerða til að tryggja konum sambærilegan rétt og karlar hafa“.

Sé grannt skoðað er með „raunverulegu jafnrétti“ átt við jöfnuð en ekki jafnréttti. Þar sem Steinunn talar um „sambærilegan rétt“ á hún við „sambærilega stöðu“. Almennt er talað um að kynin skuli hafa jafna stöðu í efstu stigum samfélagsins, og það þrátt fyrir að slíkt geti verið á kostnað jafnsréttar einstaklinga. Því að, svo dæmi sé tekið, ef karl verður að víkja úr sæti á lista stjórnmálaflokks eða úr stjórn fyrirtækis vegna þess að hann er karl, er þá réttur hans ekki minni vegna kynferðis hans (og það sama á við ef kona víkur)?



JÓHANN M. HAUKSSON

Rétt er að jafnrétti ætti að leiða til jafnaðar ef enginn munur er á hópunum sem miðað er við; ef konur hegða sér eins og karlar ættu þær að verða hlutfallslega jafn margar í öllum stéttum með tíð og tíma. Ef hins vegar hóparnir hegða sér ekki á sama hátt, þá er vart hægt að ná fram jöfnuði án þess að það sé á kostnað jafnréttis.

Þessi mismunandi sýn á jafnrétti – hvort æskilegt sé að sækjast eftir jafnrétti eða jöfnuði – virðist eiga grunn í því hvernig fólk horfir á samfélagið, í því hvort litið sé til einstaklinga eða hópa (í þjóðfélagsfræðum er talað um methodological individualism og holism). Femínistar blína greinilega á hópa með sínum „kynjagleraugum“. Það sama hefur oft átt við um vinstrimenn á meðan hægrimenn hafa frekar litið til einstaklinga. Auðvitað er þetta mikil einföldun (þjóðernishyggja, sem einkennist af holisma, hefur verið jafn áberandi yfir alla línuna hér á landi, svo dæmi sé tekið), en þó má sjá í dag að vinstriflokkarnir á Íslandi vilja fremur stuðla að jöfnuði kynjanna (með kynjakvótum og slíku) en Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga.

Ef kynin hegða sér á sama hátt í samfélaginu þá er í raun ekkert vandamál, því þá leiðir jafnrétti til jöfnuðar. Ef svo er hins vegar ekki, þá er spurning hvort prinsippið er manni hugleiknara; er réttlætanlegt að berjast fyrir auknum jöfnuði ef það er á kostnað jafnréttis?

*Höfundur er doktor í stjórnmálafræði.*

# Yfirgang á undan réttlæti

**UMRÆÐAN**
Fiskveiði

Á fjórðu síðu Fréttablaðsins 14.1. segir í fyrirsögn: „Álit mannréttindanefndar oft hundsuð.“ Fjallað er um niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þess efnis, að brotið hafi verið á mannréttindum tveggja sjómanna fyrir fáeinum árum, eins og öllum er kunnugt um, enda hafa fréttir verið í öllum fjölmiðlum.



JÓNAS BJARNASON

Vitnað er í Helga Áss Grétarsson, sem er sagður sérfræðingur í lagadeild Háskóla Íslands. Í fréttagreininni eru dregin fram ýmis atriði, sem eru til þess fallin að reyna að rýra gildi niðurstöðu mannréttindanefndarinnar. Einnig eru taldar upp þær þjóðir, sem eiga fulltrúa í nefndinni og stóðu að niðurstöðunni. Augljóslega er þar enn og aftur reynt að rýra gildið með því að benda á, að þjóðirnar séu í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. En þess er ekki getið, að sjálfur „sérfræðingur“ Háskóla Íslands er í tímabundinni stöðu við skólann og laun hans greidd af LÍÚ! Hvar skyldi það tíðkast í útlöndum, að háskólakennari í lögum, sem eru beint varðandi viðkvæm og stór mál á landsvísu, sé svo kostaður af öðrum málsaðila í deilu sem þeirri, sem er um kvótakerfið?

Hérmeð er dregið í efa, að það eigi sér stað á upptöldum landsvæðum að framan, en það gerist á Íslandi. Hvaða lærdóm má draga af því? Er þetta ekki umhugsunarefni fyrir virðingu Háskóla Íslands og Fréttablaðið? Segist ekki Háskóli Íslands stefna að því að verða einn af 100 bestu háskólum í heimi?

*Höfundur er efnaverkfræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Orkuveita Reykjavíkur

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag.
Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi.
Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum.
Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.
www.or.is

**DIAN FOSSEY DÝRAFRÆÐINGUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1932**



*„Fólkið sem drepur dýrin í dag er sama fólkið og myrðir manneskjur á morgun.“*

***Fossey rannsakaði górillur í Rúanda í fjölda ára og barðist fyrir verndun þeirra. Hún var myrt árið 1985, en þremur árum síðar var saga hennar gerð ódauðleg í myndinni Gorillas in the Mist.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. JANÚAR 2006

## *Fyrsti þjóðkjörni kvenforseti Afríku*

Ellen Johnson-Sirleaf, forseti afríska ríkisins Líberíu, tók við forsetaembætti þennan dag árið 2006. Hún er fyrsti þjóðkjörni kvenforseti Afríku og fyrsti kvenforseti Líberíu. Og er önnur svartra kvenna sem gegnir stöðu þjóðhöfðingja í heiminum.



Johnson-Sirleaf er fædd 29. október árið 1938 í höfuðborg Líberíu, Monróvíu. Hún útskrifaðist frá Vesturafríska háskólanum í Monróvíu og nam síðan viðskipti við Háskólann í Wisconsin í Bandaríkjunum og við Háskólann í Colorado. Síðan lauk hún meistaranámi í opinberri stjórnsýslu frá Harvard-háskóla árið 1971.

Johnson-Sirleaf á fjóra syni sem búa í Bandaríkjunum og Líberíu og átta barnabörn.

Eftir námið í Harvard sneri hún aftur til Líberíu þar sem hún gerðist aðstoðarkona fjármálaráðherra. Árið 1980 var þáverandi stjórn steypt af stalli og Johnson-Sirleaf fór í útlegð til Kenía þar sem hún starfaði fyrir Citibank. Hún sneri aftur árið 1985 og mótmælti opinberlega þáverandi stjórn samhliða því sem hún bauð sig fram til þings. Sökum spillingar í landinu var hún dæmd til tíu ára fangelsisvistar fyrir andstöðu við þáverandi stjórn. Henni var þó sleppt skömmu síðar og þá hélt hún til Washingtonborgar en sneri aftur til Líberíu 1997 og starfaði þá fyrir Heimsbankann og Citibank í Afríku þar til hún bauð sig fram til forseta og tók við því embætti. Johnson-Sirleaf var árið 2006 valin ein valdamesta kona heims að mati tímaritsins Forbes.

**MERKISATBURÐIR**

**1605** Fyrsta útgáfa Don Kíkóta kemur út í Madríd.

**1909** Leiðangur Ernests Shackleton finnur segulskaut Suðurpólsins.

**1947** Talsímasamband milli Íslands og Bandaríkjanna komið á. Fyrstir töluðu saman Emil Jónsson samgöngumálaráðherra, og Thor Thors, sendiherra í Washington.

**1960** Selma Jónsdóttir listfræðingur ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands fyrst kvenna.

**1973** Fyrsti stóri skuttogarinn sem Spánverjar smíðuðu fyrir Íslendinga kemur til Reykjavíkur.

**2005** Adriana Iliescu elur barn elst kvenna, til þessa, 66 ára gömul.



*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Jakob Hrafn Höskuldsson,**

Bröndukvísl 14, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Höskuldur Höskuldsson** **Aðalheiður Ríkarðsdóttir**
**Rakel Sara Höskuldsdóttir**
**Lea Ösp Höskuldsdóttir**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Þ. Valdimarssonar**

Ársölum 3, Kópavogi,
áður til heimilis í Ólafsvík,

sem lést þann 12. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks Krabbameinsdeildar Landspítalans og Hjúkrunarþjónustunnar Karítas.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Una Jóna Sigurðardóttir** **Níels Kirschberg**
**Guðlaugur Kr. Sigurðsson** **Anna María Jónsdóttir**
**Kristín Guðbjörg Sigurðardóttir** **Bjarni Arnarson**
**Valdimar G. Sigurðsson** **Rannveig H. Kristinsdóttir**
**Níels Pétur Sigurðsson** **Hrefna Kristmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ágúst Bjarnason**

bifreiðastjóri,

sem lést þriðjudaginn 1. janúar á Hjúkrunarheimilinu Víðinesi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Guðjón Ágústsson** **Hrönn Valentínusdóttir**
**Bjarni Ágústsson** **Ingibjörg Hafsteinsdóttir**
**Hrönn Ágústsdóttir** **Ágúst Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÍSLAND Á HJÓLUM** Jakob Þór Guðbjartsson er í forsvari fyrir nýstofnuð samtök Slóðavina sem stunda ferðamennsku og útivist á vélhjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SLÓÐAVINIR:** SAMTÖK UM FERÐAMENNSKU OG ÚTIVIST Á VÉLHJÓLUM STOFNUÐ

# Hjólað um fjöll og firnindi

„Aðdraganda samtakanna má rekja til ársins 2004 þegar umhverfisnefnd Vélhjólaíþróttaklúbbsins var stofnuð. Síðan langaði okkur að halda betur utan um þennan hóp og þá þróaðist þetta starf og varð að Slóðavinum,“ segir Jakob Þór Guðbjartsson, sem er í forsvari fyrir nýstofnuð samtök um ferðamennsku og útivist á vélhjólum sem nefnast Slóðavinir.

„Margir halda að utanvega-vélhjól séu eingöngu notuð í torfærukeppni, en það eru um 6.000 vélhjól á Íslandi sem eru alfarið notuð í útivist og ferðamennsku. Þessi hjól má einnig nota í umferðinni ólíkt torfæruhjólum, og eru sérbúin til ferðamennsku,“ segir Jakob, sem hefur hjólað um slóða og vegi landsins í fimmtán ár.

„Við förum bæði í styttri og lengri ferðir um allt land. Við ferðumst alfarið á vegum og slóðum eða eftir svonefndum torleiðum. Þetta eru ekki bara hefðbundnir fjallvegir heldur þjóðleiðir sem hætt er að nota, aflagðir línuvegir, girðinga- og smalavegir. Einnig vil ég taka það skýrt fram að við hvorki stundum né stuðlum að utanvegaakstri,“ útskýrir Jakob og segir eitt markmiða vera að fræða félagsmenn, almenning og stjórnvöld um þennan ferðamáta. „Þarna er hægt að njóta útivistar og sjá landið án þess að þramma um á tveimur jafnfljótum eða vera kannski á rándýrum jeppa,“ segir Jakob og bætir við að mikil þörf hafi verið fyrir þennan félagsskap. „Þessi hópur hefur ekki átt neinn málsvara og ekkert geta sótt félagsskap né fræðslu, svo úr þessu ætlum við að bæta,“ segir Jakob og bætir við að slóðanet landsins sé um 30-40.000 km en þar er vegagerðin að þjónusta um 13.000 km. „Við ferðumst um allt land en förum að sjálfsögðu eftir aðstæðum og tíð. Við förum bæði styttri dagstúra eða lengri ferðir langt frá byggðum, þá ýmist með vistir og bensín sjálf eða með fylgdarjeppa,“ segir Jakob og bætir við að hjólamennskan sé samspil af ofsalega góðri útivist og líkamsrækt.

„Maður kemur heim með hressandi harðsperrur svo það getur verið gott að æfa sig fyrir ferðalagið,“ segir Jakob og bendir á svæðið við Bolaöldu þar sem Vélhjólaíþróttaklúbburinn er með aðstöðu og er að sögn Jakobs mjög góður stökkpallur út í sumarið til að æfa sig og komast í form.

Slóðavinir verða með skipulagðar ferðir fyrir félagsmenn, aðgengi að upplýsingum um leiðir á GPS-formi, spjall á heimasíðu um búnað, akstursleiðir, færð, veður og annað, auk reglulega félagsfunda og afsláttarkort svo eitthvað sé nefnt. Sjá nánar: www.slodavinir.org.

rh@frettabladid.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Kristjánsson**

fyrrum bóndi, Drumboddsstöðum, Biskupstungum,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, 13. janúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 19. janúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Bræðratungukirkjugarði.

**Svavar Ásmundur Sveinsson** **Laufey Eiríksdóttir**
**Ragnheiður Sveinsdóttir**
**Guðríður Sveinsdóttir**
**Gísli Rúnar Sveinsson** **Sigurveig Helgadóttir**
**Baldur Indriði Sveinsson** **Betzý Marie Davíðson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valdís Pálsdóttir**

sem lést 3. janúar sl. hefur verið jarðsett í kyrrþey að eigin ósk.

**Páll Einarsson** **Sólveig Bogadóttir**
**Guðmundur Einarsson** **Hafdís Ólafsdóttir**
**Einar Valur Einarsson** **Berglind Hallgrímsdóttir**
**Logi Einarsson** **Helga Eyjólfsdóttir**
**Bára Þuríður Einarsdóttir** **Páll Pálsson**
**Kristín Snjólaug Einarsdóttir**
**Tómas Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Halldórsdóttir**

Höfðagrund 25, Akranesi,

er lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 13. janúar, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Ólafur Ólafsson**
**Halldór Ólafsson** **Guðlaug Sigurjónsdóttir**
**Jóhannes S. Ólafsson** **Herdís H. Þórðardóttir**
**Ólafur Ólafsson** **Ingiríður B. Kristjánsdóttir**
**Þráinn Ólafsson** **Helga Jóna Ársælsdóttir**
**Lárus Þór Ólafsson** **Valgerður Sveinbjörnsdóttir**
**Steinunn H. Ólafsdóttir** **Halldór Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**MET Í FLUGI** Farþegar í innanlandsflugi á Íslandi hafa aldrei verið fleiri og flugumferð jókst verulega um íslenska flugstjórnarsvæðið og íslenska flugvelli á nýliðnu ári.

# Met í flugumferð á Íslandi

Yfir 100.000 flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2007 og farþegar í innanlandsflugi hafa aldrei verið fleiri. Þetta kemur fram í tölum frá Flugstoðum ehf., sem hafa nú lokið sínu fyrsta starfsári.

Þar segir einnig að veruleg aukning hafi verið í flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið og flugvelli á nýliðnu ári. Fjöldi flugvéla sem fór um íslenska flugstjórnarsvæðið á árinu 2007 var í fyrsta skipti yfir eitt hundrað þúsund. Farþegar í innanlandsflugi hafa aldrei verið fleiri, eða yfir hálf milljón farþega.

Umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið jókst jafnframt um 7,7 prósent á árinu en samtals fóru 105.414 flugvélar um svæðið, eða 289 vélar á dag að jafnaði. Um 32 prósent þeirra voru í flugi til eða frá Íslandi. Íslenska flugstjórnarsvæðið er um 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð. Það nær frá Greenwich-lengdarbaugnum í austri og vestur fyrir Grænland, frá Norðurpólnum og suður fyrir Færeyjar, langleiðina til Skotlands.

Á síðustu fjórum árum hefur umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið aukist að meðaltali um 7,6 prósent á ári. Á sama tímabili hefur flugumferð yfir Norður-Atlantshafið aukist um 5,2 prósent á ári að meðaltali.

Hlutverk Flugstoða ohf. er að sjá um um rekstur og uppbyggingu fjórtán áætlunarflugvalla víðs vegar um landið. Þrír þeirra, flugvellirnir í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum eru varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll og eru skilgreindir sem alþjóðlegir millilandaflugvellir.

Auk þess sjá Flugstoðir um viðhald og rekstur á fimmtíu og einum lendingarstað sem þjóna sjúkraflugi, leiguflugi og einkaflugi. Flugstoðir annast einnig alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug, að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Flugstoðir sjá að auki um flugprófanir í Færeyjum og Grænlandi auk margvíslegra sérverkefna, svo sem uppbyggingu Pristina-flugvallar í Kosovo. Hjá Flugstoðum ohf. starfa um 230 manns. Nánari upplýsingar er að finna á: www.flugstodir.is.

# Dómnefnd velur úr 250 ljóðum

Liðlega 250 ljóð bárust ljóðasamkeppninni Ljóðstafur Jóns úr Vör sem er keppni á vegum lista- og menningarráðs Kópavogs.

Dómnefndin hefur farið yfir ljóðin og lagt á þau mat en greint verður frá niðurstöðunum og veitt verðlaun næstkomandi mánudag, 21. janúar 2008 en það er afmælisdagur Jóns úr Vör. Verðlaunin verða veitt í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, klukkan 20.00. Aðgangur er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.

Dómnefndina skipa Þórarinn Eldjárn skáld, Sigþrúður Gunnarsdóttir bókmenntafræðingur og Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Þetta er í sjöunda sinn sem lista- og menningarráð Kópavogs stendur fyrir slíkri samkeppni, en hugmyndin er upphaflega komin frá félögum úr Ritlistarhópi Kópavogs. Samkeppnin er nefnd eftir ljóðskáldinu Jón úr Vör, sem bjó nánast allan sinn starfsaldur í Kópavogi, en tilgangurinn er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist.

- sg



**DÓMNEFND AÐ STÖRFUM** Sigþrúður Gunnarsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Ingibjörg Haraldsdóttir. MYND/KRISSÝ



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Almar Viktor Þórólfsson**

Tjarnarbakka 14, Reykjanesbæ,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 6. janúar, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Hrefna Pétursdóttir**
**Viktoría Ósk Almarsdóttir** **Steinþór Kristinsson**
**Þórólfur Almarsson**
**Guðrún Petra Tómasdóttir** **Jón Einar Jónsson**
**Sigurgeir Guðni Tómasson** **Sjöfn Olgeirsdóttir**
**Alma Tómasdóttir**
**Hrefna Guðný Tómasdóttir** **Ásgeir Svavar Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eydís Hansdóttir**

Hjallavegi 7, Reykjavík,

verður jarðsungin í Fossvogskapellu miðvikudaginn 16. janúar klukkan 13.00.

**Guðbrandur Kjartansson** **Alda Gunnarsdóttir**
**Magdalena Margrét Kjartansdóttir** **Ingólfur Óskarsson**
**Kolbrún Björgólfsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún G. Magnúsdóttir**

Krílundi 21, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 14. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 22. janúar kl. 15.00.

**Knútur Guðmundsson**
**Guðmundur J. Knútsson** **Anna Marý Pétursdóttir**
**Unnur G. Knútsdóttir** **Jón J. Ögmundsson**
**Bryndís Knútsdóttir** **Örn S. Holm**
**Vilborg Knútsdóttir** **Þórður Þorkelsson**
**Jenný K. Knútsdóttir** **Helgi Birkir Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Jónsson**

listamaður og kennari, Ægisíðu 101,

verður jarðsunginn fra Dómkirkjunni föstudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Halldór Bjarnason**
**Jón Haukur Bjarnason** **Anna Lena Wass**
**Lúðvík Bjarnason** **Eileen Hooks**
**Guðrún V. Bjarnadóttir** **Jimmie D. White**
**Erna Svala Ragnarsdóttir** **Kristján Sverrisson**
**stjúpbörn og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Ingibjörg Árnadóttir**

Laufskógum 40, Hveragerði,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 8. janúar, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 19. janúar kl. 14.00.

**Guðmundur F. Baldursson**
**Rósant Guðmundsson** **Edda Rúna Kristjánsdóttir**
**Heiða Margrét Guðmundsdóttir**
**Valdemar Árni Guðmundsson**
**Enea og Mía Rósantsdætur**
**Hallfríður Bjarnadóttir**



†

*Elskulegur faðir minn,*

**Jóhann Oddur Gíslason**

lést á heimili sínu 2. janúar. Útförin fór fram frá Keflavíkurkirkju 11. janúar. Ég þakka auðsýnda samúð og vinsemd.

**Sigríður Jóhannsdóttir**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Klara Guðmundsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, áður Tjarnarlundi 13i,

lést á heimili sínu, Hlíð, mánudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Höfðakapellu föstudaginn 18. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Kristinn Ketilsson**
**Bjarney Sigvaldadóttir**
**Einar Már Guðmundsson** **Katrín Melstað**
**Bjarni Freyr Guðmundsson, Arna Hrönn Skúladóttir, Klara Guðmundsdóttir og langömmubörn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför*

**Gísla Þórs Agnarssonar**

Skarðshlíð 23a, 603 Akureyri.

Starfsfólki Heimahlynningar er sérstaklega þökkuð hjúkrun og stuðningur í veikindum hans.

**Hrefna Þorbergsdóttir**
**Eyrún Huld Gísladóttir og Bergvin Þór Gíslason**
**Aðalsteinn Rúnar Agnarsson** **Ragnheiður Brynjólfsdóttir**
**Þórir Páll Agnarsson** **J. Nicoleta Lacramiora**
**Jórunn Kolbrún Agnarsdóttir** **Sigurgeir Pálsson**
**Þórey Agnarsdóttir** **Árni Björnsson**
**Ingi Stein Agnarsson**
**Gissur Agnar Agnarsson** **Sigrún Sigfúsdóttir**



†

*Ástkær systir okkar,*

**Svava Ársælsdóttir**

Kaplaskjólsvegi 98, Reykjavík,

andaðist á St. Jósefsspítala, Sólvangi, mánudaginn 14. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásdís Ársælsdóttir**
**Baldvin Ársælsson**
**Hreiðar Ársælsson**
**Sigrún Ársælsdóttir**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valdimar R. Jónsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu 9. janúar sl. Útförin fer fram í Langholtskirkju fimmtudaginn 17. janúar nk. kl. 13.00.

**Jón Valdimarsson** **Hafdís Arnkelsdóttir**
**Herdís K. Valdimarsdóttir** **Jón Grettisson**
**Bryndís M. Valdimarsdóttir** **Ólafur W Finnsson**
**Valdís Valdimarsdóttir** **Kristján H Kristinsson**
**Ásdís Valdimarsdóttir** **Helgi Jónsson**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Sorglegar samræður

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** GERIST SJÁLFSKIPAÐUR UPPALANDI UNGLINGSSTÚLKNA



Fyrir nokkrum árum síðan skrifaði ég pistla í blað sem var vel lesið af ungum stúlkum. Þó að ég væri sjálf ung stúlka á þeim tíma gerði ég mitt besta til að leiðbeina kynsystrum mínum í gegnum gryfjurnar sem á vegi okkar verða í blessuðu lífinu. Þó að ég geti kannski ekki titlað mig lífsgúrú án þess að gerast sek um dálitla hagræðingu sannleikans er ég ekki verr fallin til þess en aðrir til að deila með mér af þeirri óendanlegu visku sem mér hefur áskotnast í gegnum tíðina.

Ég hafði svo sem ekki hugsað mér að gerast sjálfskipaður uppalandi unglingsstúlkna á nýjan leik, en get ekki orða bundist. Á síðustu vikum hef ég ítrekað slysast inn í samræður sem valda því að ég fæ gæsahúð á augasteinana af skelfingu og sorg. Í mátunarklefum í öllum fataverslunum landsins heyrast umræddar unglingsstúlkur rakka sjálfar sig niður í því sem virðist vera keppni í minnimáttarkennd. Oj, hvað ég er feit, vá, hvað ég er ljót í dag, og sérðu hvað maginn/lærin/hakan/olnbogarnir á mér eru feitir í þessu eru allt frasar sem hafa náð eyrum mínum upp á síðkastið. Ég þoli það ekki.

Þessir frasar hafa nefnilega verið síendurteknir gestir í mínum eyrum frá barnsaldri. Ég er sannfærð um að strákar eiga sér líka sína niðurrökkunarfrasa, en mig grunar að þeir séu eitthvað frábrugðnir þessum. Það sem ég vil segja er bara: elsku stelpur mínar, er ekki komið nóg af þessu? Heimurinn verður ekkert betri af því að ykkur finnist þið ekki nógu góðar, en ég get hins vegar alveg ábyrgst það að lífið verður mun leiðinlegra.

Í guðanna bænum, hættið bara að hugsa um lærin á ykkur, kaupið buxurnar og gerið eitthvað skemmtilegt í þeim. Ef ykkur líður vel og þið eruð ánægðar tekur enginn eftir læra- eða olnbogastærð. Ég lofa. Mömmur ykkar hafa rétt fyrir sér – þið eruð fínar eins og þið eruð. Gúrúinn hefur talað.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 23.10**

*Þýska heimildarmyndin „Bíll fyrir eitt mark – fyrirbærið Trabant“ er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 23.10 í kvöld. Í myndinni er ljúfsár saga þessa dyggðum prýdda bíls rakin í máli og myndum og farið í saumana á þeirri lýðhylli sem hann hefur unnið sér hjá ólíklegasta fólki eftir fall Berlínarmúrsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bandarísk úthverfi og örvænting

Flestum er vel kunn hugmyndin um hina örvæntingarfullu bandarísku úthverfahúsmóður. Húsmóðir þessi er furðu lífseig og hefur reglulega skotið upp kollinum í bandarískri afþreyingarmenningu undanfarna áratugi. Ein þekktasta og jafnframt nýlegasta birtingarmynd hennar er í sjónvarpsþáttunum Aðþrengdar eiginkonur sem sýndir hafa verið hér á landi við töluverðar vinsældir.

Nokkuð eru skiptar skoðanir á því hvaða merkingu húsmóðir þessi hefur í huga almennings. Skoðanir eru ekki aðeins skiptar um þetta mál, heldur einnig missterkar, en á morgun geta þeir kæst sem láta sig málið miklu varða því þá rekur sannkallaðan hval á fjörur þeirra. Bryndís Björgvinsdóttir, meistaranemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands og Kaliforníuháskóla í Berkeley, flytur þá fyrirlestur sem fjallar einmitt um birtingarmynd bandarískra úthverfa í afþreyingarefni. Fyrirlesturinn nefnist Örvænting í úthverfum: Bandarísk úthverfi í samtímamenningu. Bryndís leitast meðal annars við að finna uppruna hugmyndarinnar um örvæntingu húsmóðurinnar í skipulagi bandarískra úthverfa.

Fjallað verður um birtingarmynd úthverfa í afþreyingarefni á borð við kvikmyndir og tölvuleiki. Jafnframt verður saga bandarískra úthverfa rakin og hönnun þeirra skoðuð með sérstöku tilliti til mismunandi stöðu kynjanna innan þeirra. Fyrirlesturinn er því líklegur til að höfða jafnt til áhugafólks um skipulagsmál, byggingarlist, stjórnmál og menningu. Bryndís hefur í námi sínu og rannsóknum gert bandarísk úthverfi og menningararf þeirra að sérlegu viðfangsefni og talar því af mikilli þekkingu.

Fyrirlesturinn fer fram á morgun í stofu 113 í húsnæði Listaháskóla Íslands í Skipholti og hefst kl. 12.10.

- vþ



**AÐÞRENGDAR EIGINKONUR** Stafar örvænting þeirra af því að búa í úthverfum?

# Í undirdjúpum

Myndlistarkonan Astrid Sigurðardóttir heldur sína fyrstu einkasýningu um næstu helgi á hótelinu Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Sýningin nefnist „Í undirdjúpum“ og samanstendur af röð olíumálverka af landslagi sem finna má í undirdjúpum vatns. Í verkunum kafar Astrid í senn ofan í vatnið og í undirdjúp hugans.

Astrid lærði í Myndlistaskólanum í Reykjavík á árunum 2003–2007 og í Centro d'Arte Verrochio á Ítalíu sumarið 2006 og 2007.

Sýningaropnun fer fram næstkomandi laugardag kl. 14.

- vþ




# Ritsmiðja í Kópavogi

Bókasafn Kópavogs stóð fyrir samskriftarátaki í nóvember síðastliðnum í tengslum við hinn alþjóðlega skáldsöguskrifamánuð. Átakið var svo vel heppnað og aðsókn að skriftaraðstöðunni svo góð að safnið hefur í kjölfarið tekið þá ákvörðun að taka höndum saman við ritlistarvefinn Rithringur.is um stofnun ritsmiðju á bókasafninu.

Öllum áhugasömum verður opinn aðgangur að smiðjunni. Sérlegir ritsmiðjufundir verða á bókasafninu fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar frá kl. 18-20 og verða þeir með nokkuð fjölbreyttu sniði.

Meðlimir smiðjunnar munu halda hringborðsumræður um ákveðna þætti ritlistarinnar, boðið verður upp á æfingar, góðir gestir munu líta inn og þátttakendur munu nokkrum sinnum á ári deila verkum sínum hver með öðrum til umræðna. Þó mun skipulag og starfsemi hópsins mótast fyrst og fremst af þeim sem mynda hann.

Fyrsti fundur ritsmiðjunnar fer fram á morgun. Hann verður að nokkru leyti frábrugðinn þeim sem á eftir koma. Fundurinn hefst kl. 17.15 með því að Jón Yngvi Jóhannsson heldur fyrirlestur um jólabókaflóðið. Að fyrirlestrinum loknum, kl. 18.30, hefst hin eiginlega ritsmiðja þar sem sniðið á komandi fundum verður rætt.

Umsjónarmaður ritsmiðjunnar verður Arndís Þórarinsdóttir, deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs og stjórnandi á Rithringur.is.

- vþ



**ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR** Umsjónarmaður ritsmiðjunnar á Bókasafni Kópavogs.



# Þverstæða lífs og dauða

**Leikritið norway.today verður frumsýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á morgun. Um er að ræða farandsýningu á vegum Þjóðleikhússins sem kemur til með að ferðast á milli framhaldsskóla landsins.**

Þjóðleikhúsið gerir leikferðir út á land með sýningar fyrir ungt fólk að reglulegum viðburði í starfi sínu og leggur áherslu á að uppfærslur þessar séu sérlega vandaðar, enda dugir ekki minna til þegar reynt er að fanga athygli yngri kynslóðarinnar. Nýjasti liðurinn í þessu átaki er leikritið norway.today sem verður frumsýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á morgun.

Verkið er margverðlaunað og hefur vakið athygli og áhuga ungs fólks víða um heim frá því að það var fyrst frumsýnt árið 2000.

Leikritið fjallar um hina tvítugu Júlíu. Hún leitar á veraldarvefnum að einhverjum sem er tilbúinn til þess að fremja með henni sjálfsmorð. Hún kynnist hinum nítján ára gamla Ágústi á spjallrás og þau ákveða að láta af sjálfsvíginu verða saman. Hvorugt þeirra hefur þó augljósa ástæðu til að vilja fyrirfara sér. Aftur á móti virðist sem hversdagsleiki lífsins sé við það að bera þau ofurliði og þau finna einfaldlega ekki neina gilda ástæðu til að lifa. Birg af samlokum og bjór og með myndbandstökuvél í farteskinu leggja þau af stað í langferð upp á himinháa bjargbrún í Noregi þar sem þau ætla að binda enda á líf sitt með því að stökkva.

Eins og efniviðurinn gefur til kynna er leikritið norway.today grátbroslegt verk um tvær ungar manneskjur sem telja sig hafa fundið í dauðanum eitthvað sem gæti hleypt spennu í grámóskulegt lífið. Leikritið er uppfullt af svörtum húmor og tekst á við þverstæðuna um tilgang og tilgangsleysi lífsins.

Sem fyrr segir var verkið fyrst frumsýnt fyrir átta árum, en hefur síðan þá verið þýtt á 25 tungumál. Það hefur verið sett upp við góðan orðstír víðs vegar í Evrópu, í Bandaríkjunum og víðar. Þýðandi verksins hér á landi er María Kristjánsdóttir.

Leikstjóri norway.today er Vigdís Jakobsdóttir og tveir ungir leikarar, Sara Marti Guðmundsdóttir og Þórir Sæmundsson, leika í sýningunni.

Tvær sýningar verða á verkinu á morgun: sýning fyrir nemendur Menntaskólans á Ísafirði kl. 10.45 og sýning fyrir almenning kl. 20.

vigdis@frettabladid.is



**TILGANGUR EÐA TILGANGSLEYSI?** Úr verkinu norway.today sem sýnt verður á Ísafirði á morgun.





Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






> AFMÆLISKATE

Ofurfyrirsætan Kate Moss er 34 ára gömul í dag. Hún fagnar afmæli sínu ekki alveg eins og meðaljóninn, því fyrirsætan hefur skipulagt hverja afmælisveisluna á fætur annarri þar til að hátíðahöldum lýkur næstkomandi sunnudag.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Gemsum úthýst á bíósýningu

„Það skiptir þá miklu máli að það leki ekkert út um þessa mynd,“ segir Gísli Einarsson, eigandi Nexus, en á fimmtudag forsýnir verslunin hasarmyndina Cloverfield í Laugarásbíói degi á undan bandarískum kvikmyndahúsum.

Allir kvikmyndagestir verða skikkaðir til að skilja símana sína eftir úti í bíl og einnig mega þeir búast við leit í töskum og jafnvel léttri líkamsleit. „Ég er mjög sáttur,“ segir Gísli, sem er búinn að sjá myndina. „Þetta er mjög frumleg útgáfa af þessari tegund mynda. En það er best að segja sem minnst.“

Cloverfield, sem hefur verið sveipuð mikilli dulúð undanfarna mánuði, verður ekki frumsýnd hérlendis fyrr en átta dögum á eftir Nexus-sýningunni, sem er jafnframt sú fyrsta á árinu.

Sýningar á vegum Nexus hafa verið þrjár til fjórar á ári og hafa þær yfirleitt gengið vel að sögn Gísla. „Þetta eru nokkurs konar galasýningar á undan frumsýningum. Hjá okkur er ekkert hlé og enginn texti. Við reynum að hafa þetta eins flott og hægt er. Yfirleitt eru líka betri áhorfendur hjá okkur sem kunna að hegða sér í bíó. Bíóhegðun hefur tekið miklum afturförum síðasta áratuginn. Mönnum finnst allt í lagi að kjafta saman og tala í gemsana sína. Okkur finnst mjög gott að losna við farsímana því þeir lýsa líka svo mikið í myrkrinu þegar menn eru að kíkja á SMS-in. Þetta er eins og einhver sé að kveikja á fljóðljósum,“ segir hann. Miðaverð á sýninguna á fimmtudag er 1.500 krónur og eru miðar fáanlegir í Nexus. - fb



**GÍSLI EINARSSON** Eiganda Nexus finnst fólk hegða sér verr í bíó en áður.

## Syngur Megas á ensku

**Mike Pollock syngur enskan texta Megasar á nýrri plötu. Hann telur þetta vera fyrsta lagið sem kemur út með Megasi á ensku.**

„Ég var að glíma við að þýða texta eftir Megas og allt í einu kemur hann með bunka af enskum textum fyrir mig sem hann var búinn að vera að semja,“ segir Mike Pollock, sem syngur lagið Mary við texta Megasar á sinni nýjustu plötu.

„Hann sagði við mig: „Spáðu í þetta“ og þegar ég sá Mary hugsaði ég að þetta væri „brilliant“ og lagið kom um leið. Ég held að þetta sé fyrsta lagið sem kemur út með Megasi á ensku.“

Platan heitir Porch Songs og er væntanleg á næstu mánuðum. Mike til halds og trausts á henni er félagi hans Siggi Sig. Eitt af þremur tökulögum á plötunni er Voodoo Child (Slight Return) eftir Jimi Hendrix og er þetta í fyrsta sinn sem Mike leggur í að taka upp Hendrix-lag. „Ég vildi undirstrika að hann var 21. aldar blúsmaður. Það eru fleiri hundruð gítarleikarar búnir að rúnka sér yfir þessu lagi en ég hugsaði hvernig það væri gert án rafmagns. Ég er mjög stoltur og ánægður með hvernig það kom út.“

Vinnan við plötuna stóð yfir í þrjú ár og sá sem annaðist lokafrágang var James Walck, sem var nemandi hjá gítargoðsögninni Les Paul.

Mike er á leiðinni til Bandaríkjanna þar sem hann ætlar að heimsækja bróður sinn Danny og saman ætla þeir að spila á tvennum tónleikum með blúshetjunni Honeyboy, sem spilaði hérlendis fyrir tveimur árum. Einnig eru þeir bræður að undirbúa nýja plötu sem kemur út síðar á árinu. Tóndæmi af plötu Mike og Sigga má heyra á slóðinni http://www.insomniacathon.org/NYE07.html.

freyr@frettabladid.is



**MIKE OG SIGGI** Félagarnir Mike Pollock og Siggi Sig. hafa lokið við plötuna Porch Songs.



**MEGAS** Mike notar enskan texta Megasar á sinni nýjustu plötu.

## BBC-þulur til landsins

Aðalfréttaþulur BBC World sjónvarpsstöðvarinnar, Nik Gowing, er væntanlegur hingað til lands í vikunni. Hann mun halda fyrirlestur um fréttir, orðspor og fjölmiðlun á tímum breytinga á laugardag, en Gowing er nú eftirsóttur fyrirlesari.

Gowing hefur verið aðalfréttaþulur BBC World frá árinu 1996. Hann stýrir fréttaskýringaþættinum World News Today with Nik Gowing, og stýrir einnig reglulega umræðum í Dateline London, öðrum umræðuþáttum BBC World, og árlegum þætti að nafni Nobel Minds, þar sem nóbelsverðlaunahafar ræða málin.

Gowing hefur verið í útsendingu þegar mörg stærstu fréttamál síðari ára hafa komið upp. Hann var í loftinu þegar tsunami-flóðbylgjan setti mark sitt á jóladag árið 2004, og í sex klukkutíma samfleytt þegar flogið var á tvíburaturnanna í New York 11. september 2001. Hann flutti einnig um hálfum milljarði manna fregnirnar af láti Díönu prinsessu árið 1997.

Fyrirlesturinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica á laugardag klukkan 13. Hann er í boði Skóla 365 og breska sendiráðsins á Íslandi.



**NIK GOWING** Gowing hefur langa reynslu sem fréttaþulur, en hann færði til dæmis um hálfum milljarði manna fregnirnar af láti Díönu prinsessu.






## Longoria ráðleggur Jessicu

Eva Longoria beindi orðum sínum til Jessicu Simpson á dögunum, þegar hún sagði það síður en svo auðvelt að eiga í sambandi við íþróttastjörnu. Longoria giftist körfuboltamanninum Tony Parker á síðasta ári, en Simpson er nú að hitta ruðningsstjörnuna Tony Romo. Söngkonan fékk sinn skerf af reiðum aðdáendum, eftir að hún sat í áhorfendastúkunni á einum versta leik Romo frá upphafi. Aðdáendur liðsins létu Simpson heyra það, og sögðu hana eiga sök á einbeitingarleysi Romo.

Longoria segist hafa verið í sömu sporum þegar samband hennar og Parker var að fara af stað. „Ef hann átti slæman leik var það mér að kenna, ef hann slasaðist var það mér að kenna, ef hann átti góðan leik var það ekki mér að þakka,“ útskýrir Desperate Housewives-leikkonan. „Maður þarf að sætta sig við þetta í einhvern tíma, en þegar fólk jafnar sig venst það manni,“ segir hún.

Longoria biður íþróttabullur líka að vera raunsærri hvað varðar betri helminga leikmanna. „Trúið mér. Þeir eru ekki að hugsa um okkur þegar þeir eru að spila, sérstaklega ekki Tony Romo sem horfir upp á tíu línumenn hlaupa að sér. Haldið þið virkilega að hann sé að hugsa um Jessicu?“



**Í SÖMU SPORUM** Longoria segist hafa upplifað svipaða reiði íþróttaaðdáenda í sinn garð þegar samband hennar og Tony Parker var að hefjast.

## Yndislegt að vera ófrísk

**Leikkonunni Halle Berry finnst æðislegt að vera ófrísk og segir það yndislega tilfinningu sem mætti alveg vara að eilífu. Berry á von á barni í mars með kærasta sínum Gabriel Aubry.**

**„Húðin mín glóir vegna allra hormónanna. Mig langar að vera ófrísk út í hið óendanlega,“ sagði Berry.**

**„Núna líður mér svo vel og hef svo mikla orku að mér finnst eins ég hafi þegar framkvæmt tólf hluti í dag. Ég get haldið endalaust áfram.“**

**Berry, sem er 41 árs, segist ekki vita hvers kyns barnið er en hefur það samt á tilfinningunni að það sé stelpa.**



**HALLE BERRY** Leikkonan Halle Berry segist það yndislega tilfinningu að vera ófrísk.






## Milljónir til spítala

Leikarinn Johnny Depp hefur gefið eina milljón punda, eða um 126 milljónir króna, til Great Ormond Street-sjúkrahússins í London. Með gjöfinni vildi Depp þakka sjúkrahúsinu fyrir að hafa hafa bjargað lífi dóttur sinnar, Lily-Rose, sem var lögð þar inn á síðasta ári með nýrnabilun.

„Þetta var það hræðilegasta sem ég hef gengið í gegnum. Þetta var algjört helvíti,“ sagði Depp um sjúkrahúsdvöl Lily-Rose. „Hið frábæra er að hún náði sér aftur á strik. Great Ormond Street stóð sig stórkostlega, sannarlega gott sjúkrahús.“

Depp hefur einnig boðið fimm læknum og hjúkrunarkonum að mæta á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Sweeney Todd. Í blaðinu The Daily Mail kemur einnig fram að Depp hafi mætt á barnadeild sjúkrahússins í gervi sjóræningjans Jack Sparrow við mikinn fögnuð viðstaddra.



**JOHNNY DEPP** Leikarinn gaf eina milljón punda til Great Ormond Street-sjúkrahússins.

# Áttunda tilnefningin

Björk Guðmundsdóttir hefur verið tilnefnd til Brit-tónlistarverðlaunanna sem verða afhent í London 20. febrúar. Hún er tilnefnd sem besta erlenda tónlistarkonan, rétt eins og Alicia Keys, Kylie Minogue, Rihanna og Feist.

Þetta er í áttunda sinn sem Björk er tilnefnd til Brit-verðlauna og hefur hún fjórum sinnum borið sigur úr býtum. Þar af hefur hún þrisvar sinnum verið kjörin besta erlenda tónlistarkonan, síðast árið 1998.

Mika, Leona Lewis og hljómsveitin Take That hlutu flestar tilnefningar í ár eða fjórar talsins. Arctic Monkeys, Kaiser Chiefs, Kate Nash og Mark Ronson hlutu þrjár hver.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk hefur verið tilnefnd til Brit-verðlaunanna í flokknum besta erlenda tónlistarkonan.

Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney fær heiðursverðlaun á hátíðinni fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins.

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í Þjónustuveri í síma 440 4000

LÁTTU PENINGANA ÞÍNA VINNA!

GLITNIR

# Airwaves á sínum stað

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves fer þetta árið fram dagana 15. til 19. október. Hátíðin hefur frá upphafi farið fram þriðju helgina í október og er árið í ár engin undantekning.

Athygli vekur að tónlistarhátíðin CMJ í New York, sem var haldin á sama tíma og Airwaves í fyrra, hefur fært sig aftur yfir á sinn gamla tíma. Bandarískir blaðamenn og starfsmenn tónlistariðnaðarins fagna eflaust þeim fregnum því þá þurfa þeir ekki að velja á milli hátíðanna tveggja. Þegar hafa rúmlega tvö hundruð erlendir flytjendur sótt um að spila á Airwaves í ár.

Sem fyrr er það Hr. Örlygur sem sér um framkvæmd Airwaves.

HELSTU KOSTIR VAXTAÞREPS

ÖRUGG OG GÓÐ ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR MÁNAÐARLEGA

# Ný Bubbalög loks á plötu

**Bubbi Morthens hefur í mörg horn að líta þessa dagana. Hann er á leið í stúdíó að taka upp nýja plötu, hann er spenntur vegna nýs sjónvarpsþáttar, þar sem hann er í aðalhlutverki, og hann hefur þegar hafið skriftir næstu veiðibókar sinnar.**



**BUBBI ÖNNUM KAFINN** Þann 18. þessa mánaðar arkar hann í stúdíó uppi í Breiðholti ásamt Pétri Ben. Og á yfirið nóg af nýju efni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Já, nú er ég að fara að gera þessa plötu með Pétri Ben. Hann er mjög áhugaverður músíkant og klár. Það sem hann hefur verið að gera, bæði sóló sem og með öðrum er flott," segir Bubbi Morthens.

Bubbi er á leið í stúdíó, nánar tiltekið 18. janúar, með hljómsveit sína Stríð og frið en Pétur Ben mun „pródúsera" plötuna. Langt er um liðið frá því Bubbi sendi frá sér plötu með nýju frumsömdu efni.

„Bíddu nú við. Plata með frumsömdu efni? Ég er fljótur að slá því upp. Við erum að gera nýja síðu um karlinn. Gríðarlega vönduð síða. bubbi.is sem verður miklu ítarlegri en sú gamla," segir Bárður Örn Bárðarson, einn helsti Bubba-sérfræðingur landsins.

„Sólóplötur... Þetta eru 50 plötur alls... Já, það hefur ekki komið út plata með Bubba með frumsömdu efni síðan árið 2005. Ást í sex skrefa fjarlægð."

Bárður og félagar í aðdáendaklúbbi Bubba bíða að vonum spenntir, sem og aðrir tónlistaráhugamenn, eftir því að þeirra maður mæti til leiks með ný lög. Bárður bendir reyndar á að Bubbi hafi á Þorláksmessutónleikum flutt talsvert af nýju efni sem væntanlega verði að finna á plötunni. „Jájá, ég á yfirdrifið nóg af efni. Það verður rokk þarna. Pétur Ben pródúserar og ég ætla rétt að vona að hann spili einnig á plötunni," segir Bubbi.



**BÁRÐUR ÖRN** Aðdáendaklúbbur Bubba leggur nú nótt við nýtan dag við glæsilegan Bubbavef sem verður opnaður á næstunni. Þar verður að finna allar helstu upplýsingar um hinn dáða tónlistarmann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samhliða því sem Bubbi er að taka saman ný lög og texta fyrir nýju plötuna sem ráðgert er að komi út í sumar er hann á fullu við að vinna sjónvarpsþáttinn „Bandið hans Bubba" en sýningar hefjast á Stöð 2 um næstu mánaðamót.

„Já, jeminn eini. Það eru rosalega flottir söngvarar þarna. Við vorum í niðurskurði um síðustu helgi og það var beinlínis blóðugt að láta suma fara. Þetta er sterkur hópur. Svakalega – vægt til orða tekið. Mér finnst þetta æðislegt," segir Bubbi. Og upplýsir jafnframt að í öllum þessum látum hafi hann hafist handa við skriftir – er að setja saman nýja veiðibók en bók hans „Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð" kom út fyrir síðustu jól.

**jakob@frettabladid.is**



# Brotin loforð

Emir Kusturica vann Gullpálmann í Cannes í annað sinn árið 1995 fyrir hina eftirminnilegu mynd Underground, sem fjallaði um Júgóslavíu í seinni heimsstyrjöld og fram að stríðunum í upphafi tíunda áratugarsins. Absúrd húmor hans átti þar vel við, enda fáar mannlegar athafnir jafn absúrdar og það að fara í stríð. En af einhverjum ástæðum tekst gamansemi hans verr upp þegar átt er við hluti eins og mansal, vændi og glæpahringi, þó að þeir séu varla verri en stríð.

Myndin byrjar á sveitabæ og svipar húmornum til þöglu myndanna, án þess að ná sömu hæðum. Ungur strákur fer síðan í bæinn til að selja kú og verða sér úti um eiginkonu. Hér lendir hann í slagtogi við góða snoðinkolla, slæst við vonda glæpamenn og reynir að bjarga ungri stúlku frá því að vera seld í vændi. Allt gerist þetta á ærslafullan og það sem á líklega að vera gamansaman hátt. Öllu er teflt fram, naut og menn eru geld, hænu er nauðgað, það er pissað upp í loft, menn dansa og drepa hver annan á víxl. Vandamálið er bara að ekkert af þessu er neitt sérstaklega fyndið. Slappstikk-tóninn er strax sleginn en verður eftir það fljótlega þreytandi. Kusturica er hér að gera hluti sem hann hefur gert margoft áður og yfirleitt betur, svo sem í Svartur köttur/hvítur köttur.

**KVIKMYNDIR**

**Lofaðu mér (Zavet)**

Leikstjóri: Emir Kusturica.

Aðalhlutverk: Marija Petronijevic, Uros Milovanovic, Ljiljana Blagojevic.

Sýnd á Franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

★

Lofaðu mér er í anda fyrri mynda Kusturica en nær engan veginn sömu hæðum og þær.

Kusturica hefur stundum verið gagnrýndur fyrir að vera harður serbneskur þjóðernissinni, og það má líklega finna dæmi um það hér, glæpamennirnir eru alþjóðasinnar sem tala mikið um útlönd en hinir góðu eru ýmist afskekktir bændur eða vel vopnaðir snoðinkollar. Þó að Kusturica sé mikill Íslandsvinur, og líklega álíka illa séð að gagnrýna slíka og að gagnrýna íslenska leikstjóra, verður að segjast eins og er að Lofaðu mér er afar slöpp mynd.

**Valur Gunnarsson**

# Stjarna Siennu fer rísandi

Sienna Miller og Transformers-leikarinn Shia LaBeouf eru meðal þeirra leikara sem eru tilnefndir til Orange Rising Star verðlauna BAFTA, en þau falla, eins og nafnið gefur til kynna, í skaut upprennandi leikara sem þykir hafa borið af á liðnu ári. Verðlaunin verða afhent 10. febrúar næstkomandi.

Fyrir utan þessar Hollywood-stjörnur eru leikararnir Ellen Page, Sam Riley og Tang Wei einnig tilnefndir til verðlaunanna. Leikkonan Eva Green, sem hlaut verðlaunin á síðasta ári, tilkynnti um tilnefningarnar í síðustu viku, og sagði við það tækifæri að allir leikararnir fimm ættu skilið að vinna. „Ég er viss um að við munum sjá mun meira af þeim á árinu 2008," sagði Bond-stúlkan.

Ellen Page er kanadísk leikkona sem sem leikur ólétta unglingsstúlku í kvikmyndinni Juno. Sam Riley vakti mikla athygli sem Ian Curtis, söngvari sveitarinnar Joy Division, í myndinni Control. Hin kínverska Tang Wai sló hins vegar í gegn í mynd Ang Lee, Lust, Caution, sem hlaut gyllta ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum á síðasta ári.

Dómnefnd á vegum BAFTA, bresku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, tilnefnir leikara til verðlaunanna, en það er almenningur sem sker úr um hverjum þau hlotnast með því að greiða atkvæði í gegnum síma eða internetið.



**TILNEFND** Sienna Miller er á meðal fimm upprennandi leikara sem þykja hafa borið af á liðnu ári og eru tilnefndir til Rising Star-verðlauna BAFTA. NORDICPHOTOS/GETTY




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE MIST | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE MIST LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 5.30 - 8 - 10.10 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| LIONS FOR LAMBS | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 6 - 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 6 ÍSL. TAL | |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10 | |

5%

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| SERKO kl. 6 | PERSEPOLIS kl. 8 | HELL kl. 10.20 |
| BREYTT HEIMILISFANG kl. 6 | MOLIERE kl. 8 | TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 10 |
| Í KÖÐLUNUM kl. 6 | | |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl.5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND DIGITAL | kl. 6 - 8:20 - 10:30 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 8 - 10:20 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 5:50D | L |
| BEOWULF Síðustu sýningar | kl. 5:50(3D) | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 8 | L |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ENCHANTED M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| I AM LEGEND | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| SAW IV | kl. 10:20 | 16 |






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE MYST | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5, 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 6, 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 6 | L |


# EBBINN OG MANGÓ Á ÍS

**Tveir sjónvarpsþættir fyrir ungt fólk voru settir í loftið seint á síðasta ári, Ebbinn og Mangó. Báðir eru nú komnir á ís.**

„Ebbinn var á Þristinum í 18 þáttum á einhverri stöð sem 365 á – ég var aldrei alveg viss á hvaða stöð þetta var – en nú er Ebbi farinn til Magalúff,“ segir Erpur Eyvindarson, náinn vinur Ebbans. Lokaþáttur Ebbans var sýndur 22. desember. „Sá þáttur var rosalegur og það má sjá hann í heild sinni á Youtube. Þar var pólska skúringakonan Gúgúslava allt í öllu.“

Erpur er ánægður með þættina. „Ebbinn tók nokkur geðveik viðtöl við tónlistarmenn. Ég er ánægðastur með viðtölin við Rúnar Júl og Nylon, og sérstaklega tímamótaviðtalið við Bjartmar. Frægast er þó líklega viðtalið við Geir Ólafsson sem aldrei var sýnt, en meira en 5.000 manns sáu á Youtube þessa fjóra tíma sem það var þar inni. Ebbinn var ekkert að reyna að gera fólk að fíflum, sumir eru það bara.“

Erpur segir Ebbann vera í útrás á Magalúff. „Hann er í jeppasafarí með fjársterkum global aðilum. Það er ekki spurning að Ebbinn snýr aftur með Þristinn International. Þangað til má benda á að hann leitar tilboða í vatnsskemmdan Fiat Uno árgerð 1987. Gúgúslava tekur við tilboðum.“

Eftir þáttaröðina Leitin að strákunum voru Sara Hrund Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Rósenberg Eiríksson og Hallur Örn Guðjónsson fengin til að sjá um sjónvarpsþáttinn Mangó á Sirkus. Þættirnir urðu alls sex, sá síðasti var sýndur 4. janúar.

„Það fór voðalega lítið fyrir þessum þáttum, en sjálfum fannst okkur þetta ganga vel,“ segir Sara.



**HORFIN AF SKJÁNUM**

Hallur, Sara og Eiríkur í Mangó eru horfin aftur til fyrri starfa sinna. Aðeins sex Mangó-þættir voru gerðir. Erpur Eyvindarson segir sjónvarpsmanninn Ebba vera í útrás á Magalúff.

„Við gerðum það besta sem við gátum úr því sem við höfðum úr að moða. Við vitum ekkert hvert framhaldið verður en höfum öll mikinn áhuga á að starfa á þessum vettvangi áfram. Við erum horfin til fyrri starfa, ég vinn á geðdeild, Hallur er kominn í ruslið á Akureyri og Eiríkur er rekstrarstjóri á Dillon.“

Þrátt fyrir að ekki verði framhald á sjónvarpsmennsku hjá Söru er heilmikið framundan. „Ég er á leið í heimsreisu, verð fyrst í tvo mánuði í Afríku og svo tvo mánuði í Ástralíu. Þegar það er búið fer ég til Danmerkur og klára masterinn í músíkþerapíu.“

gunnarh@frettabladid.is

FRAMKOMU & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 25.SEPTEMBER OG 27. SEPTEMBER.

Sjálfstyrking- framkoma og líkamsburðurinnsýn í fyrirsætustörf- förðun- umhirða húðar og hárs - myndataka ( 10 sv/hv myndir)- tískysýningarganga-fyrirsæta kemur í heimsóknfíknefnafræðsla- myndbandsupptökur- leikræn tjáning- næringarráðgjöf

Umsjónarkennarar námskeiðsins eru Stefanía Benónísdóttir fyrirsæta og Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Eskimo tösku, Maybelline mascara, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu í Smáralind. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu. EMM School of Make-Up sér um förðun.

Verð 17.900 kr.

Skráning er hafin í síma 533-4646 og á www.eskimo.is.
Skráning er einnig hafin á stig 2: Námskeið í auglýsinga- og kvikmyndaleik.
ATH: Fyrir bæði stráka og stelpur.



# Verðlaunahátíð í mars

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna verða gerðar opinberar í fyrstu viku febrúar, en verðlaunaafhendingin sjálf fer ekki fram fyrr en um miðjan mars. Þetta verður í fjórtánda skipti sem verðlaunin eru afhent en þau hafa aldrei verið svona seint á ferðinni. Ástæða þess er að samþykkt var að breyta fyrirkomulagi verðlaunanna í fyrra á þann hátt að allt almanaksárið er nú undir, ekki bara plötur útgefnar fyrir 20. nóvember. Tilnefninga-límmiðum var þar að leiðandi ekki skellt á plötur í jólaplötuflóðinu.

Tilnefninganefndir sitja nú sveittar við að hlusta á íslenska tónlist og eiga eflaust erfitt með að skera niður enda komu margar góðar plötur út í fyrra. Síðast voru verðlaunin veitt í Borgarleikhúsinu 31. janúar sl. fyrir árið 2006. Þá skiptust verðlaunin á óvenjulega marga staði, en Lay Low fékk flestar tilnefningar, fjórar talsins. Hún fór heim með þrenn verðlaun, sem besta söngkona og vinsælasti flytjandi ársins og fyrir plötuumslag ársins.



**VINSÆL SÍÐAST** Lay Low fór heim með þrjár styttur.

# Mýrin á 30 milljónir heimila

„Þeir ætla að fara bæði þessa leið og svo verður henni líka dreift í kvikmyndahúsin,“ segir Baltasar Kormákur en kvikmyndin Mýrin er í hópi fimm kvikmynda sem verður dreift á sérstakt VOD-kerfi dreifingarfyrirtækisins IFC. Yfir þrjátíu milljónir heimila í Bandaríkjunum munu hafa aðgang að þessu kerfi og þegar ofan á það bætast frumsýningar í kvikmyndahúsum er ljóst að Mýrin fær mikla dreifingu í Bandaríkjunum.

„Það var einmitt vegna þessa sem ég var svo ákveðinn í að fara í samstarf með þessu fyrirtæki. Þeir hafa einmitt svona úrræði. Og svo er því náttúrlega ekki að leyna að flestir Bandaríkjamenn sjá erlendar myndir eins og Mýrina á DVD eða í sjónvarpi,“ bætir Baltasar við.

Um er að ræða hálfgerða kvikmyndahátíð eða svokallað Festival Direct og er markmiðið að koma sjálfstæðri kvikmyndagerð á framfæri. Meðal annarra mynda sem verða í boði á þessu VOD-kerfi má nefna spennumynd Ken Loach, It's a Free World og hryllingsmyndina Puffball en meðal leikenda í þeirri mynd eru Donald Sutherland og Miranda Richardson auk Beautiful Ohio með þeim William Hurt og Ritu Wilson í aðalhlutverkum - fgg



**GÓÐ DREIFING** Mýrin, kvikmynd Baltasars Kormáks, verður í hópi fimm kvikmynda sem verða í boði á VOD-kerfi dreifingarfyrirtækisins IFC. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýir eigendur plötufyrirtækisins EMI ætla að segja upp um tvö þúsund starfsmönnum, eða ríflega þriðjungi vinnuaflsins, til að bregðast við dvínandi sölu geisladiska. Mikið hefur gengið á í herbúðum fyrirtækisins upp á síðkastið því stór nöfn á borð við **Paul McCartney** og Radiohead hafa sagt skilið við það og leitað á nýjar slóðir. Á meðal þekktra flytjenda sem enn eru á mála hjá EMI eru Rolling Stones, Coldplay og Kylie Minogue.



Réttarhöld yfir leikaranum **Wesley Snipes** vegna meintra skattsvika hans eru hafin í Flórída. Lögfræðingar Snipes ræddu við um sjötíu möguleg vitni fyrir réttarhöldin og á meðal þeirra voru Muhammad Ali, Spike Lee, Sylvester Stallone og Woody Harrelson. Snipes á yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hann fundinn sekur.



Söngkonan **Mary J. Blige** segir ekkert hæft í þeim fregnum að hún hafi notað stera. Blige, 50 Cent, Timbaland, Wyclef Jean og leikarinn Tyler Perry hafa öll verið sökuð um steranotkun og eru mál þeirra nú til rannsóknar.

Lokamyndin um **Harry Potter** verður hugsanlega sýnd í tveimur hlutum á hvíta tjaldinu. Óttast er að ekki sé nóg pláss fyrir sjöundu og síðustu Potter-bókina í einni mynd og því gæti þurft að taka aðra upp. Aðdáendur bókanna hafa gagnrýnt hversu mikið vanti upp á í kvikmyndirnar um Potter og fá þeir því væntanlega eitthvað fyrir sinn snúð ef lokamyndinni verður skipt í tvennt.






### > Grétar Rafn kominn til Bolton

Grétar Rafn Steinsson skrifaði í gær undir samning við enska úrvalsdeildarfélagið Bolton og samkvæmt fréttum í breskum fjölmiðlum mun kaupverðið vera um 400 milljónir íslenskra króna. Grétar Rafn skrifaði undir þriggja ára samning með möguleikanum á að framlengja samninginn um eitt ár til viðbótar og verður löglegur með liðinu strax í næsta leik á móti Newcastle. Fréttastofan Sky Sports greindi frá því að Grétar Rafn hefði fengið meðmæli frá Guðna Bergssyni sem lék um áraraðir með liðinu við góðan orðstír.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR:** HAFNAÐI ATVINNUMENNSKU OG ÆTLAR AÐ VERA ÁFRAM Í HERBÚÐUM KR

# *Spennandi tímar fram undan í Vesturbænum*



Knattspyrnukonan Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR hefur ákveðið að vera áfram í herbúðum Vesturbæjarliðsins og leika með liðinu í Landsbankadeildinni næsta sumar þrátt fyrir áhuga nokkurra liða frá bæði Þýskalandi og Svíþjóð.

„Ég velti hlutunum vel fyrir mér og ákvað að lokum að vera áfram hjá KR og er mjög ánægð með þá ákvörðun mína,“ sagði Hólmfríður og kvaðst mjög spennt fyrir því að komast á fullt með KR-liðinu á nýjan leik.

„Ég get ekki beðið eftir því að fara að æfa á fullu og einbeita mér að fótboltanum eftir góða hvíld. Það eru náttúrulega mjög spennandi tímar fram undan hjá KR og liðið er þegar búið að styrkja sig mikið og er í raun búið að vera á uppleið undanfarin ár. Mér hefði fundist mjög leiðinlegt að yfirgefa KR á þessum tímapunkti og ákvað því að vera áfram,“ sagði Hólmfríður sem var valin besti leikmaður ársins af leikmönnum í Landsbankadeildinni síðasta sumar og lenti í öðru sæti í kjöri KSÍ á knattspyrnukonu ársins 2007.

„Það er mikil áskorun fyrir mig að spila aftur í Landsbankadeildinni og reyna að gera enn betur en síðasta sumar og ég stefni að því að verða Íslandsmeistari með KR,“ sagði Hólmfríður sem á eitt ár eftir af samningi sínum við KR.

„Ég hef ekki skrifað undir nýjan samning við KR að svo stöddu og mun skoða mín mál þegar núverandi samningur minn rennur út eftir næsta tímabil. Ég er fullviss um að ég eigi eftir að fá fleiri tækifæri í framtíðinni til þess að fara utan í atvinnumennsku, þannig að ég er alveg róleg yfir því,“ sagði Hólmfríður sem bíður jafnframt spennt eftir komandi verkefnum með íslenska landsliðinu.

„Þetta er klárlega mest spennandi ár hjá íslenska landsliðinu og mjög mikilvægir leikir framundan sem skera úr um hvort liðið komist á lokakeppni Evrópumótsins árið 2009. Það er því mikið fram undan hjá bæði KR og landsliðinu og það er því eins gott að vera í toppformi,“ sagði Hólmfríður ákveðin.



**1 DAGUR Í EM Í HANDBOLTA**



**EM 2002** Magnus Wislander skorar hér gegn Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Magnus Wislander:
## Vantar grimmd

**HANDBOLTI** Það vakti athygli að sænska handboltagoðsögnin Magnus Wislander fór ófögrum orðum um sænska landsliðið í þarlendum fjölmiðlum eftir síðustu leiki Svía.

Hann sagði að alla grimmd og baráttuvilja vantaði í sænska liðið eftir leik þess gegn Sviss. Wislander sagði ljóst að liðið færi ekki langt á mótinu myndi hugarfarið ekki breytast. **– hbg**

Sænska handbotlalandsliðið:
## Óttast Ísland

**HANDBOLTI** Það var áhugavert að ræða við sænska fjölmiðlamenn í gær sem fjölmenntu á æfingu íslenska landsliðsins.

Það leyndi sér ekki að þeir hafa verulegar áhyggjur af leiknum við Íslendinga sem Svíar líta á sem algjöran úrslitaleik í mótinu ætli liðið sér að ná einhverjum árangri. Það sem sænskir hafa helst áhyggjur af hjá sínu liði er hvað liðið er skyttulaust en þeir segja að einungis Kim Andersson geti skorað af 8-9 metrum í liðinu og hinar skytturnar séu einfaldlega ekki nógu góðar. **- hbg**

# Fyrirliðinn skotinn niður í fótbolta

**Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði lá óvígur eftir þrumuskot Hreiðars Guðmundssonar þegar strákarnir spiluðu fótbolta á æfingu í Þrándheimi í gær. Ólafur hristi skotið af sér og mætir bjartur til leiks á EM.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar eru komnir til Noregs en þeir lentu í Þrándheimi um miðjan dag í gær. Var talsverð þreyta í hópnum enda búið að vera mikið álag og farið í ferðalag nóttina eftir seinni leikinn gegn Tékkum.

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari tók því aðeins stutta og létta æfingu með liðið í gær til þess að hrista ferðalagið úr mönnum. Var byrjað á upphitun og síðan farið í fótbolta þar sem alla jafna er lítið gefið eftir í leik eldri og yngri.

Boltinn gekk ekki áfallalaust fyrir sig því markvörðurinn Hreiðar Guðmundsson skaut fyrirliðann Ólaf Stefánsson niður. Ólafur lá óvígur eftir með blóð í munni og sprungna vör.

### Var að bjarga marki

„Maður var að bjarga marki þannig að þetta er í lagi. Það hefði samt verið frekar neyðarlegt að meiðast í fótbolta á æfingu tveim dögum fyrir EM,“ sagði Ólafur léttur eftir æfinguna en efri vörin var talsvert bólgin.

„Þetta var annars flott hjá Hreiðari því hann klippti boltann viðstöðulaust en við gefum engin mörk.“

Það er nokkuð síðan Ólafur mætti til leiks á stórmót í eins góðu ástandi og hann er í núna. Ólafur hefur alltaf sett markið hátt og sagst ætla að vinna til verðlauna og á því er engin breyting núna.

„Það er góð tilfinning að vera kominn á staðinn og gott til þess að vita að við verðum á þessum stað alveg fram að undanúrslitum. Það er mikil jákvæðni í gangi og ég er bjartur á gott gengi. Það er farið að síga á seinni hlutann á mínum ferli og ég ætla að njóta hverrar stundar sem eftir er,“ sagði Ólafur sem segist alltaf setja pressu á sjálfan sig fyrir stórmót.

„Það er komin mikinn tilhlökkun fyrir fyrsta leik og ég er kominn með smá fiðring í magann sem er gott. Fyrsti leikurinn er gríðarlega mikilvægur og vonandi mætum við rétt stemmdir til leiks,“ sagði Ólafur.



EM Í NOREGI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is





**ATVIKIÐ** Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, náði þessum myndum þegar Hreiðar skaut fyrirliðann Ólaf Stefánssyni niður á fyrstu æfingunni í Þrándheimi í gær. Ingibjörg Ragnarsdóttir kom Ólafi til aðstoðar.







FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KOMA SVO. ÉG HEF TRÚ Á YKKUR!

SENDANDI: SVANHVÍT LILJA VIÐARSDÓTTIR MÓTTAKANDI: LANDSLIÐIÐ SENT: 15. JAN. KL. 16:02

STYÐJUM STRÁKANA Í BLÍÐU OG STRÍÐU

**Skráðu þig á www.ibliduogstridu.is**
Þú getur sýnt stuðning þinn í verki með því að fara á vefsíðuna ibliduogstridu.is og skrá þig í „Í blíðu og stríðu“, stuðningssamtök handboltalandsliðsins fyrir Evrópukeppnina.

Á vefsíðunni mætast stuðningsmenn og landsliðsmenn, þar birtast nýjustu fréttir, sýnd eru valin myndbrot úr leikjum, allir blogga, spjalla, hvetja íslenska landsliðið og birta myndir frá keppninni og af íslenskum stuðningsmönnum á leikjunum sem hafa staðið sig frábærlega.

WWW.ICELANDAIR.IS

Í BLÍÐU OG STRÍÐU

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40684 01/08


MSI PR200 52 PI
FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI
1.5GHz Core Duo T5250 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA WideScreen
Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort
Windows Vista Home Premium
119.900
ACER A5520G-20
FRÁ 2.647 KR Á MÁNUÐI
1.6Ghz AMD Turion64 X2 TL-52 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
Geforce 7000M allt að 896MB skjákort
Windows Vista Home Premium
79.900
ACER A5520-40
FRÁ 3.247 KR Á MÁNUÐI
1.9Ghz AMD Turion64 X2 TL-58 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce 8400 GS skjákort
Windows Vista Home Premium
99.900
FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI
ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN
Acer Travelmate 5520-6A
Örgjörvi 1.8Ghz AMD Turion64 X2 TK55
1MB flýtiminni, 533FSB
Minni 1GB DDR2 667MHz
Hraðvirkt minni fyrir Vista
Harður diskur 160GB SATA hljóðlátur diskur
5400RPM og 8MB buffer
Skrifari 8xDVD±RW DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með með 1280x800
Skjákort 256MB ATI Radeon X1250
Allt að 896MB deilt minni
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium
Öruggara og öflugra
Annað Aðeins 2.88kg með rafhlöðu
Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar
89.900
ACER 5920G
FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI
2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce Go 8600 skjákort
Windows Vista Home Premium
119.900
ACER 5720G-1A
FRÁ 3.097 KR Á MÁNUÐI
1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250 örgjörvi
1GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
128MB ATI Radeon HD2300 skjákort
Windows Vista Home Premium
94.900
ACER 5623WSMi
FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
1GB minni • 120GB harður diskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
128MB DDR Geforce Go7300 skjákort
Windows Vista Business stýrikerfi
119.900
ASUS G1S-AK
FRÁ 5.347 KR Á MÁNUÐI
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce Go 8600 skjákort
Windows Vista Ultimate stýrikerfi
169.900
ASUS X51R-AP
FRÁ 2.347 KR Á MÁNUÐI
1.6Ghz Intel Celeron M 520 örgjörvi
1GB minni • 120GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
128MB ATI Radeon X1100 skjákort
Windows Vista Home Basic stýrikerfi
69.900
STÆKKAÐU VINNSLUMINNIÐ Á NÝRRI FERÐATÖLVU ÚR 1GB Í 2GB FYRIR AÐEINS 1.990 KR.
ASUS A8JS-4S
FRÁ 4.147 KR Á MÁNUÐI
2.0GHz Intel Core 2 Duo T7200 örgjörvi
1GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 14.1" TFT WSXGA
512MB GDDR3 Geforce Go7700 skjákort
Windows Vista Ultimate stýrikerfi
129.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Enski FA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| Liverpool-Luton | 5-0 |

1-0 Ryan Babel (45.), 2-0 Steven Gerrard (52.), 3-0 Sami Hyypia (57.), 4-0 Steven Gerrard (64.), 5-0 Steven Gerrard (72.).
Liverpool mætir utandeildarliðinu Havant & Waterlooville FC eða Walsall FC í 4. umferð.

| | |
|---|---|
| Reading-Tottenham | 0-1 |

0-1 Robbie Keane (15.). Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahópi liðsins. Tottenham mætir Manchester United í 4. umferð.

| | |
|---|---|
| Millwall-Walsall | 2-1 |
| Bury-Norwich | 2-1 |

*Spænski konungsbikarinn:*

| | |
|---|---|
| Barcelona-Sevilla | 0-0 |

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona en var skipt af velli á 56. mínútu. Barcelona komst áfram í 8-liða úrslit á mörkum skoruðum á útivelli.







# Gerrard skoraði þrennu

**Fimm leikir fóru fram í FA-bikarnum á Englandi í gærkvöldi og þar af voru þrjú úrvalsdeildarlið í eldlínunni. Liverpool fór létt með Luton á Anfield og Tottenham gerði góða ferð á Madejski-leikvanginn og vann heimamenn í Reading.**

**FÓTBOLTI** Liverpool komst í fjórðu umferð FA-bikarsins með auðveldum sigri gegn Luton og Tottenham hafði betur gegn Reading á útivelli.

Leikmenn Liverpool byrjuðu leikinn með því að pressa gestina hátt uppi á vellinum eins og fyrir var spáð og Luton varðist af kappi og virtist ganga betur í vörninni, ef eitthvað var, eftir því sem leið á leikinn og allt stefndi í markalausan fyrri hálfleik. En á lokamínútu hálfleiksins náði Liverpool loks að brjóta vörn gestanna á bak aftur og áðurnefndur Babel skoraði gott mark eftir undirbúning Stevens Gerrard og Fernando Torres.

Seinni hálfleikur hófst með sama hætti og sá fyrri endaði og Liverpool bætti fljótlega við öðru marki. Jermaine Pennant tók þá sprett upp hægri kantinn og sendi háa sendingu á fjærstöngina þar sem Peter Crouch kom boltanum út í teiginn á Steven Gerrard sem skallaði hann í netið.

Þriðja markið kom svo á 57. mínútu þegar Gerrard tók hornspyrnu og Sami Hyypia skallaði boltann í varnarmann Luton og þaðan fór hann í markið og lið Luton gjörsamlega heillum horfið. Gerrard var ekki hættur og skoraði fjórða mark Liverpool og sitt annað mark í leiknum á 64. mínútu með skoti frá vítateigslínunni niðri í hornið hægra megin. Fimmta markið kom á 72. mínútu þegar Gerrard fullkomnaði þrennu sína með skoti fyrir utan teig og þar við sat.



**MARK** Finninn Sami Hyypia stekkur hér hæst til þess að skora þriðja mark Liverpool gegn Luton í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ívar Ingimarsson var á sínum stað í byrjunarliði Reading þegar Tottenham kom í heimsókn á Madejski-leikvanginn en Brynjar Björn var fjarri góðu gamni að þessi sinni.

Gestirnir fengu óskabyrjun þegar framherjinn Robbie Keane skoraði af stuttu færi strax á 15. mínútu leiksins og það reyndist vera eina mark leiksins. Tottenham fær að launum verðugt verkefni í fjórðu umferð þar sem Englandsmeistarar Manchester United taka á móti liðinu.

**omar@frettabladid.is**



**TVEIR LEIKIR Í RÖÐ** Eiður Smári var í byrjunarliðinu hjá Barcelona í gær líkt og um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

### Eiður Smári hjá Barcelona:

# Lék fyrstu 55 mínúturnar

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona í markalausu jafntefli gegn Sevilla í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitunum spænsku bikarkeppninnar.

Þessi úrslit nægðu Barcelona til þess að komast áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli en liðin gerðu 1-1 jafntefli í Sevilla. Markið hans Thierry Henry í fyrri leiknum sá því til þess að Börsungar slógu bikarmeistara síðasta árs úr leik.

Eiði Smára var skipt útaf á 55. mínútu fyrir Bojan Krkic en Eiður Smári byrjaði fyrir aftan þá Thierry Henry og Giovani Dos Santos og átti eitt gott skot í fyrri hálfleik sem var varið. **- óój**

### Meiddir leikmenn landsliðsins að skríða saman einum degi fyrir EM í Noregi:

# Batnandi heilsufar landsliðsins

**HANDBOLTI** Það hafa verið talsverð meiðsli og veikindi í herbúðum íslenska landsliðsins síðustu daga en flestir leikmenn eru að skríða saman nú þegar aðeins einn dagur er í að EM byrji.

Allir leikmenn liðsins fyrir utan Bjarna Fritzson og Jaliesky Garcia Padron tóku þátt í léttri æfingu liðsins í gær en þeir Bjarni og Garcia létu sér nægja að skokka örlítið.

Bjarni hefur verið að glíma við erfið meiðsl í maga og svo var hann þess utan að meiðast á læri. Garcia á að vera orðinn heill heilsu og klár í slaginn.

Þeir Logi Geirsson og Einar Hólmgeirsson sem hvíldu í seinni leiknum gegn Tékkum tóku þátt í æfingunni í gær og verða tilbúnir í slaginn gegn Svíum. Sömu sögu er að segja af Alexander Peterssyni sem er allur að koma til.

Alfreð talaði um að hann myndi kannski hvíla Sverre Jakobsson gegn Svíum en Sverre sagðist í gær sjálfur vera til í að spila og vonaðist eftir því að fá að taka þátt í leiknum enda væri erfitt að sitja utan vallar og horfa á. **- hbg**



**KÖNGULÓARHLAUP** Einar Hólmgeirsson, Sverre Jakobsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Hannes Jón Jónsson á fyrstu æfingunni í Þrándheimi í gær. FRÉTTABLAÐÐ/PJETUR







### Útrás knattspyrnumanna af Akranesi verður í brennidepli á heimasíðu UEFA:

# Þáttur um uppeldisstarf ÍA

**FÓTBOLTI** Knattspyrnufélagið ÍA verður í brennidepli á heimasíðu knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, í kvöld þegar fyrst verður hægt að nálgast stutta heimildarmynd um öflugt unglingastarf ÍA. Í myndinni er vakin athygli á fjölda þeirra leikmanna sem hafa farið út í atvinnumennsku eftir að hafa alist upp í herbúðum félagsins. Heimildarmyndin er hluti af þáttaröð sem ber nafnið Training Ground eða æfingarvöllur og er liður í herferð UEFA til þess að styrkja grasrótarhreyfingu knattspyrnunnar um allan heim. Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri ÍA, er einn af þeim fjölmörgu leikmönnum sem fóru út í atvinnumennsku eftir að hafa alist upp á Akranesi og segir þáttinn góða viðurkenningu fyrir félagið.

„Myndatökumenn á vegum UEFA voru að taka upp úrslitakeppni U-19 ára landsliða kvenna á Akranesi síðasta sumar þegar þeir byrjuðu að grennslast fyrir um ÍA og urðu heillaðir af sögu félagsins. Þeim fannst merkilegt að svona lítið bæjarfélag gæti framleitt þvílíkt magn af góðum knattspyrnumönnum og þessi umfjöllun er mjög skemmtileg fyrir okkur og góð viðkenning fyrir félagið," sagði Þórður í samtali við Fréttablaðið í gær.

Grétar Rafn Steinsson er nýjasti fyrrverandi leikmaður ÍA til þess að komast á fyrirsagnirnar, en hann kom til ÍA þegar hann var 15 ára gamall og er nú á leið til Bolton í ensku úrvalsdeildinni eftir að hafa leikið með BSC Young Boys í Sviss og AZ Alkmaar í Hollandi. **- óþ**



**VIÐURKENNING** Þórður Guðjónsson segir umfjöllun UEFA góða viðurkenningu fyrir félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vertu fitt
# Veldu hollustu




## Hafðu Fitty við hendina

Um leið og Myllan óskar landsmönnum öllum gleðilegs árs minnir hún á hollu og bragðgóðu Fittybrauðin sem njóta mikilla vinsælda vegna næringarríks innihalds. Þú vilt góða og holla næringu fyrir þig og börnin og velur Fitty samlokubrauð, kjarnabrauð eða bollur. Hollt brauðmeti frá Myllunni.

### Góð og holl næring

Fitty heilsulínan frá Myllunni er þróuð í samráði við íþrótta-næringarfræðinga, einkaþjálfara og matvælafræðing Myllunnar. Markmiðið var að framleiða brauð sem væri í senn afar hollt og bragðgott. Fittybrauðin innihalda hátt hlutfall af grófu mjöli og eru rík af trefjum, próteini, magníum, kalki og E-vítamíni. Fittybrauðin veita náttúrulega vörn fyrir frumur líkamans, styrkja tann- og beinvef og bæta orkubúskap líkamans. Fittybrauðin fást í öllum matvöruverslunum.




Fitty




MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**Hafðu það trefjaríkt og gott með Fittybrauði**

www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.

## > Nicole Kidman

Stjörnurnar í Hollywood eru oft þekktar fyrir að vera gjafmildar og Nicole Kidman er ein af þeim. Hún bað brúðkaupsgesti sína að sleppa því að gefa sér og tilvonandi eiginmanni sínum, Keith Urban, gjafir og gefa heldur peninga til góðgerðasamtaka þegar hún giftist árið 2006. Nicole leikur í kvikmyndinni Bewitched sem er sýnd kl. 18 í kvöld á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SAT **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON** OG MINNTIST FORNKVENNA SEM VORU FÓL

## *Köld eru kvennaráð eða við viljum sápu*

Ljóta Bettí var í gærkvöldi og fór þá fram hörmungasögu hinnar mexíkósku vinnukonu í iðrum tískubransans í New York. Sem fyrr stefndu að henni ýmsar ógnir og þessi Ugla stóð sig að vanda af mikilli hugdirfsku gegn vélum hinna spilltu og auðugu. Þessi sápuskopstæling er skemmtilegt stöff – maður bíður bara eftir að framleiðendur átti sig á tvífara unga forstjórans hér uppi á Íslandi og ráði Frey Eyjólfsson í hlutverk hins týnda tvíbura frá fjarlægu landi. Þetta er svoleiðis stöff, sprottið upp úr vinnukonubókmenntum eins og þær voru kallaðar, framhaldssögum nítjándu aldar með týndum bréfum, ríkum frændum úr fjarlægum löndum, vonlausri ást, svikum og skaðræðiskonum: Sápur. Í Ugly Betty sem er upphaflega suðuramerískt prókúkt er snúið upp á alvarleika formsins sem við þekkjum úr húmorslausum langlokum á borð við Guiding Light, Bold and the Beautiful og Nágranna. Í væntanlegri flóru innlends leikins efnis hefur enginn gert ráð fyrir slíku – sem full ástæða væri að huga að:



**SÁPA MEÐ NÝJUM BRAGÐEFNUM** Ritarinn luralegi sem Ugla í New York.

allt tekið í veri, átökin sótt í íslenskt samfélag. Viðar Eggertsson, leiklistarstjóri hljóðvarps RÚV, hefur boðað samstarf milli hljóðvarps og sjónvarps í Efstaleitinu og mætti vel huga að slíku efni: leikarar munstraðir til langs tíma og þá ekki þessi fáu sem alltaf eru að leika eitthvað, heldur allir hinir sem eru ekki með föst verkefni. Guðrún frá Lundi, Jón Mýrdal, jafnvel Jón Thoroddsen sömdu svona sögur, því skyldi það ekki vera hægt nú. Svo ekki sé talað um fornkonur sem stóðu hvergi að baki kænum konum í heimi sápunnar. Man ég ekki rétt að Erna Kettler hafi tekið meiraprófið í framleiðslu af sápum af þessu tagi. Auðvelt ætti Snjólaug Bragadóttir frá Skáldalæk, hinn afkastamikli þýðandi á erlendu sápunum, að vinda sínu kvæði í kross og slá í svosem eina íslenska sápu. Það mætti byrja á sögunni í hljóðvarpi meðan framleiðslan er að komast í gang, sögusniðið og helstu persónur að mótast. Við höfum þegar séð móta fyrir skrifum af þessu tagi í skopþáttum þar sem Baugsmenn bögsuðu í bát.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 Man. City - West Ham** SÝN



▶ **20.00 Hollywood Uncensored** SIRKUS



▶ **20.15 Gossip Girl** STÖÐ 2



▶ **20.20 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30 Giada Everyday Italian** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára** (1:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (45:56)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (17:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty 2) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
**21.10 Martin læknir** (1:2) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Þættirnir hafa hlotið bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.10 Bíll fyrir eitt mark – fyrirbærið Trabant** (Ein Auto für eine Mark – Das Phänomen Trabant) Þýsk heimildarmynd um bíltegundina Trabant.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Date Movie**
**08.00 In Her Shoes**
**10.10 Napoleon Dynamite**
**12.00 Bewitched**
**14.00 In Her Shoes**
**16.10 Napoleon Dynamite**
**18.00 Bewitched**
**20.00 Date Movie** Gamanmynd þar sem gert er grín að mörgum af stærstu myndum síðustu ára.
**22.00 Cinderella Man** Sannsöguleg mynd um hnefaleikakappann Jim Braddock.
**00.20 Sweeney Todd**
**02.00 Dirty War**
**04.00 Cinderella Man**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Á vængjum ástarinnar** (103:120)
**10.10 Homefront** (12:18) (e)
**10.55 Freddie** (4:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (2:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover: Home Edition** (29:32)
**15.10 Las Vegas** (12:17)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.20 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Refurinn Pablo**
**17.18 Pocoyo**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (15:22) (e)
**19.50 Friends 4** (15:24)
▶**20.15 Gossip Girl** (2:22) Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
**21.00 Nip/Tuck** (1:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.
**21.55 The Closer** (7:15)
**22.40 Oprah**
**23.25 Stelpurnar**
**23.50 Grey´s Anatomy** (1:9) (Læknalíf)
**00.35 Kompás**
**01.10 Silent Witness** (10:10)
**02.05 Hotel Babylon**
**03.00 And Starring Pancho Villa as Himself**
**04.50 Gossip Girl** (2:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 FA Cup 2007** (Liverpool - Luton)
**16.20 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Sevilla)
**18.00 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.
**18.30 PGA Tour 2008 – Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.25 World´s Strongest Man 2007**
▶**19.55 Man. City - West Ham FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku bikarkeppninni.
**21.55 Real Madrid - Mallorca – Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Real Madrid og Mallorca í spænsku bikarkeppninni, leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra kl 19.50
**23.35 Inside Sport** (Justin Henin / Rory McIlroy) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**00.00 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum.
**00.45 Spænska bikarkeppnin** (Real Madrid - Mallorca)

## SÝN 2

**16.50 West Ham - Fulham** Útsending frá leik West Ham og Fulham sem fór fram laugardaginn 12. janúar.
**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin**
**19.30 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.
**21.55 Leikur vikunnar**
**23.35 Man. Utd. - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Queer Eye** (e)
**20.00 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni.
▶**20.30 Giada´s Everyday Italian** (20:26) Að þessu sinni býður Giada upp á gómsæta og girnilega eftirrétti. Amarettisúkkulaðikaka, furuhnetusmákökur, Panna Cotta með ferskum berjum og glæsilegur ostabakki.
**21.00 Canada's Next Top Model** (3:8) Kanadísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Átta stúlkur eru eftir og þær fá kennslu í að koma fram á tískusýningum.
**22.00 The Dead Zone** (2:12) Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika. Hann sér framtíð þeirra sem hann snertir og þarf oftar en ekki að grípa í taumana og bjarga lífi og limum viðkomandi. Þættirnir eru byggðir á samnefndri sögu eftir spennumeistarann Stephen King og aðalhlutverkið leikur Anthony Michael Hall.
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Heroes** (e)
**00.15 High School Reunion** (e)
**01.05 NÁTTHRAFNAR**
**01.05 C.S.I. Miami**
**01.50 Ripley's Believe it or not!**
**02.35 The World's Wildest Police Videos**
**03.20 Vörutorg**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Cores

ÚTSALA - ÚTSALA

Nýbýlavegi 12. Kópavogi • s. 554 4433 • Opið virka daga frá 10-18 - laugardaga kl. 11-16

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

Ný þáttaröð - Nip/Tuck



Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Cinderella Man**

**Stöð 2 Bíó kl. 22.00**

Öskubuskuboxarinn er sannsöguleg mynd eftir Óskarsverðlaunaleikstjórann Ron Howard um hnefaleikakappann Jim Braddock, sem allir töldu útbrunninn þegar hann gerði sér lítið fyrir og barðist alla leið aftur á toppinn í hnefaleikaheiminum á 4. áratug síðustu aldar. Óskarsverðlaunaleikarinn Russell Crowe fer á kostum í hlutverki Braddocks. Kvikmyndin er stranglega bönnuð börnum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Köld eru kvenna ráð
**23.00** Gárur
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (102:260)
**16.30 Hollyoaks** (103:260)
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.25 Special Unit 2** (4:19)
**18.10 Pink Floyd – The Dark Side Of** (e)
**19.00 Hollyoaks** (102:260)
**19.30 Hollyoaks** (103:260)
▶**20.00 Hollywood Uncensored** Hvað gerist bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.
**20.25 Special Unit 2** (4:19)
**21.10 Pink Floyd – The Dark Side Of** (e)
**22.00 NCIS** (18:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.
**22.45 American Dad 3** (e)
**23.10 Wildfire** (4:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**23.55 Totally Frank** (Hljómsveitarlíf) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mér finnst** Kolfinna Baldvinsdóttir, Ásdís Olsen, Elly Ármanns, Guðrún Bergmann o.fl. valkyrjur verða í loftinu.
**21.00 Hvað ertu að hugsa** Guðjón Bergmann kann listina að laða fram það góða og skemmtilega.
**21.30 Mörður** Mörður Árnason brýtur málin til mergjar á sinn hátt.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Ha' det godt **13.20** Guld og grønne skove **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **20.55** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Seinfeld **23.10** Arbejdsliv - find et job

## NRK 1

**11.00** NRK nyhete **11.10** Eksistens **11.35** Urter **11.55** Brennpunkt **12.45** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.30** Sommeren i mitt liv **14.56** Grusomme grøss **15.00** Hannah Montana **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Svenske slag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Ugler i mosen **17.40** Distriktsnyhete **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Sirkusliv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket presenterer: Burås tribute **23.05** The Wire

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.25** Storslam i Las Vegas **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Vrakletarna **17.00** BoliBompa **17.15** Mod **17.20** Voffy **17.25** Ärnsti **17.30** Loranga, Masarin och Dartanjang **17.45** Desmond **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Mamma, mamma, barn





Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum **Fiskisögu.**

Tilboð dagsins er
**"GRÍSKUR SALTFISKRÉTTUR"**
aðeins **990** krónur kílóið.

AUKAKRÓNUR 6%

Fiskisaga

ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi

## GAMLA MYNDIN



*„Á þessu ári var ég m.a. að vinna á NT. Gunnar Smári gerði stundum grín að mér fyrir að vera með sitt að aftan en maður bar það með miklu stolti. Ég var fjarskalega mjór á þessum árum. Ef ég sé þessa mynd stefni ég kannski að því að verða einhvern tímann aftur svona mjór.“*

Egill Helgason, sjónvarpsmaður.

Myndin er tekin árið 1985.

# Eiki Hauks missir ekki af leik í Þrándheimi

„Ég var búinn að ákveða það fyrir löngu að taka mér spilafrí á þessum tíma, er búinn að panta mér hótel og er kominn með miða á alla leiki íslenska liðsins,“ segir Eiríkur Hauksson, rokkgoð með meiru. Eiríkur, sem er búsettur í Noregi og hefur verið á miklu tónleikaferðalagi að undanförnu, segir það ekki hafa komið til greina að sleppa handboltaveislunni í Þrándheimi. Fyrsti leikur Íslands á EM er á morgun.

Eiríkur hefur fylgst vel með undirbúningi íslenska liðsins og sá meðal annars leik b-liðsins gegn Norðmönnum á Posten-Cup. Þótt sigur norska liðsins hefði verið nokkuð afgerandi segir Eiríkur að þulir norska ríkissjónvarpsins hafi farið lofsamlegum orðum um íslenskan handknattleik. „Þeim varð tíðrætt um hversu margir frambærilegir handknattleiksmenn kæmu frá þessari litlu þjóð.”

Eurovision-farinn átti sjálfur lipra spretti í handknattleiknum með unglingaliðum Þróttar, á meira að segja eina gullmedalíu, þótt fótboltinn hafi alltaf verið hans uppáhaldssport. Eiríkur segist þó lifa sig mikið inn í leikinn og vera einn þeirra sem bæði öskri og æpi þegar mikið liggi við. Og hann er ekki í vafa um að íslenska liðið geti vel lagt það sænska að velli á fimmtudaginn í fyrsta leiknum. „Ef það tekst eru okkur allir vegir færir,“ segir Eiríkur. - fgg



**KEPPNISMAÐUR** Eiríkur lætur vel í sér heyra á leikjum og hyggst leggja sitt af mörkum á EM.



**LÁRÉTT**
**2.** ævintýri **6.** skammstöfun **8.** fornafn **9.** lærdómur **11.** á fæti **12.** jakki og pils **14.** krapi **16.** tveir eins **17.** traust **18.** forsögn **20.** utan **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak **3.** tveir eins **4.** garðplöntutegund **5.** hár **7.** sjampó **10.** mas **13.** hola **15.** knippi **16.** kærleikur **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sögu, **6.** eh, **8.** öll, **9.** nám, **11.** il, **12.** dragt, **14.** slabb, **16.** áá, **17.** trú, **18.** spá, **20.** án, **21.** tabú.

**LÓÐRÉTT: 1.** lend, **3.** öö, **4.** glitbrá, **5.** ull, **7.** hársápa, **10.** mal, **13.** gat, **15.** búnt, **16.** ást, **19.** áb.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Færeyingar
2. Egill Örn Egilsson
3. Illugi Gunnarsson

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

SIGURJÓN SIGHVATSSON: KAUPIR SLYSAVARNAFÉLAGSHÚSIÐ Á GRANDA

# Kaupir hálfrar aldar gamalt hús á 215 milljónir króna

„Þetta er fimmtíu ára gamalt hús á góðum stað og með mikla sögu,“ segir Sigurjón Sighvatsson athafnamaður. Stjórn Faxaflóahafna ákvað í gær á fundi sínum að ganga að tilboði fasteignafélags Sigurjóns, Heimiliskaupa ehf., um kaup á Grandagarði 14. Alls bárust 16 tilboð í húsið, sem alla jafna kallast Slysavarnafélagshúsið, en tilboð Sigurjóns upp á 215 milljónir var hæsta boð. Sigurjón sagðist í samtali við Fréttablaðið fyrst og fremst ætla að gera húseignina upp.

Heimiliskaup ehf. gerðu á sínum tíma einnig tilboð í Laugaveg 4-6 sem hefur verið töluvert í umræðunni að undanförnu. „En þá var ekki jafn almenn samstaða meðal húsafriðunarsinna um að þær húseignir væru þess virði að bjarga,“ segir Sigurjón.

Umsvif Sigurjóns hér á landi hafa aukist með ári hverju að undanförnu en hann á meðal annars meirihlutaeign í 66°N en útivistarfatnaðar fyrirtækisins hefur notið mikilla vinsælda meðal stórstjarnanna í Hollywood. Einnig á og rekur Sigurjón menningarsetrið að Eiðum fyrir austan þar sem eiginkona hans, Sigríður Jóna Þórisdóttir, hefur ráðið ríkjum. Auk þess hefur kvikmyndaframleiðandinn verið að feta sig áfram á fasteignamarkaðnum í Danmörku en Heimiliskaup ehf. keyptu danska fasteignafélagið VG Investment fyrir tveimur árum. Sigurjón á auk þess stóran hlut í danska dreifingarfyrirtækinu Scanbox.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, segir verðið sem fengist hafi fyrir lóðina ásættanlegt og erfitt hafi verið að ganga framhjá tilboði Sigurjóns. Hann segir jafnframt að stjórninni hafi litist vel á áætlanirnar sem Sigurjón hafi um húsið. „Og ég er þess fullviss að Sigurjón framfylgir þeim,“ segir Björn Ingi. Hann telur jafnframt að miðað við þær áætlanir sem Reykjavíkurborg hafi um Örfirisey sé ljóst að Sigurjón hafi fest kaup á góðri eign. „Staðsetningin er náttúrlega stórkostleg,“ segir Björn Ingi.

freyrgigja@frettabladid.is



**GLÆSILEGUR STAÐUR** Staðsetning Grandagarðs 14 er góð en Sigurjón Sighvatsson keypti lóðina á 215 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**UMSVIFAMIKILL** Sigurjón Sighvatsson hyggst gera húseignina á Grandagarði 14 upp.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Um fátt er meira rætt á netinu nú en frétt Vísis af Porsche-bifreiðinni 911 GT3RS sem metin er á 25 milljónir og gereyðilagðist þegar hún fór út af Grindavíkurvegi um helgina.



Telja netverjar almennt að ökumaðurinn sé piltur en samkvæmt bifreiðaskráningu er umráðamaður bílsins fæddur árið 1971, heitir **Auðunn Svafar Guðmundsson**, forstjóri í Garðabæ, en sambýliskona hans er **Katrín Brynja Hermannsdóttir** þula á Ríkissjónvarpinu. Eigendur eru hins vegar skráðir SP fjármögnun og samkvæmt upplýsingum þaðan er gert ráð fyrir því að bílarnir séu í kaskó-tryggingu. Yfirmaður rannsóknardeildar bílslysa í Njarðvík er **Jóhannes Jensson** sem segir að rannsókn á óhappinu standi enn yfir.

**Karl Örvarsson** sló rækilega í gegn í jólaspjallþætti **Loga Bergmanns** á Stöð 2. Þar flutti hann ásamt vinum jólalagið Jólastund. En söngvarinn Karl féll gersamlega í skuggann af eftirhermunni Karli sem apaði af loknum flutningi lagsins eftir **Agli Ólafssyni**, **Birni Jörundi**, **Kára Stefánssyni** og kaffivél. Karl er nánast hættur að fá hringingar þar sem óskað er krafta hans sem söngvara en nokkuð er um að hann sé pantaður sem eftirherma. Þannig skemmti Karl á nýársfagnaði hjá **Gísla Marteini Baldurssyni** sem þótti óhætt að bjóða upp á skemmtiatriði þar sem hermt er eftir heimilistækjum. Engar líkur á að það stuði nokkurn mann.



- jbg

Culiacan
MEXICAN GRILL
HOLLUR & GÓÐUR
Hlíðasmára 15 & Faxafeni 9
sími 533 1033 www.culiacan.is
SADDUR
...ÁN SAMVISKUBITS

# Siv veiðir fugl en einkum fisk

„Ég get ekki sagt neinar frægðarsögur af mér sem skotveiðimanni en ég er með öll leyfi, passaði mig sérstaklega á að taka veiðikortið í ljósi umræðu sem var um lundaveiðar Einars K. Guðfinnssonar,“ segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og fyrrverandi ráðherra.

Siv var nýverið í sjálfboðavinnu með Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar en félagið er að koma sér upp stærri félagsaðstöðu. Það kostaði miklar væringar meðal skotveiðimanna þegar Siv setti sem umhverfisráðherra á rjúpnaveiðibann til þriggja ára 2002. „Ég hef áhyggjur af rjúpnastofninum. Hann gengur í sveiflum en lá þarna niðri. Því miður var bannið ekki nema til tveggja ára en arftaki minn Sigríður Anna [Þórðardóttir] aflétti banninu.“

Löng hefð er fyrir skotveiðum í fjölskyldu Sivjar og þar rjúpa á borðum á jólum. Faðir hennar gekk til rjúpna, maður hennar, sonur og bróðir skjóta. Siv leggur þó áherslu á að fjölskyldan aðhyllist gamaldags aðferðir sem ganga út á sjálfbærni og hófstillta töku þess sem landið gefur af sér. Siv segir fjölskylduna týna ber, sulta, týna sveppi og stunda útivist eins og kostur er.

„Það er langt síðan ég fékk byssuleyfi en stutt síðan ég fékk veiðikortið. Og get ekki sagt af mér neinar aflasögur. Ég skrepp stundum en er miklu meira fyrr lax- og silungsveiði. Svo hef ég farið út í nýtt sport sem er sjóstangveiði og keppti á stóru móti á Siglufirði í fyrra. Stærsta sjóstangveiðimót sem haldið hefur verið og okkar sveit fékk silfur í kvennaflokki.“ - jgb



**ALHLIÐA VEIÐIMAÐUR** Siv með gullfallega bleikju sem hún veiddi í Héðinsfirði í fyrrasumar.


HILMIR SNÆR GUÐNASON
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
LAUFEY ELÍASDÓTTIR
JÓHANN SIGURÐARSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON
ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON
ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR
FRUMSÝND UM LAND ALLT EFTIR TVO DAGA!
GSM
TAXI
GUIDED TOURS OF FLATEY only 800 kr 1200 kr
SÖGN EHF KYNNIR KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BRÚÐGUMINN
SÖGN EHF / BLUEEYES PRODUCTIONS NORDISK FILM HILMIR SNÆR GUÐNASON, MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR, LAUFEY ELÍASDÓTTIR, JÓHANN SIGURÐARSON, ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR, ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, ÓLAFUR EGILL EGILSSON, ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR RAGNA FOSSBERG HELGA STEFÁNSDÓTTIR ATLI GEIR GRÉTARSSON, GRETAR REYNISSON KJARTAN KJARTANSSON BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON ELÍSABET RONALDSDÓTTIR SIGURÐUR BJÓLA GARÐARSSON JÓNI ÓLAFSSYNI AGNES JOHANSEN, BALTASAR KORMÁKUR LILJA PÁLMADÓTTIR, KIM MAGNUSSON HERA ÓLAFSDÓTTIR LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR BALTASAR KORMÁKUR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON BALTASAR KORMÁKUR
ShortCut
sena
GLITNIR
DOLBY DIGITAL
Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af miðaverði ef greitt er með greiðslukorti frá Glitni
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Borgarbíó
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## Hollt og vont

Unglingsárin eru gjarnan blómaskeið róttækni (þó að margir táningar séu jafnframt heimsmeistarar í spéhræðslu, einkum varðandi allt sem viðkemur foreldrum þeirra) en með stöku undantekningum tölta flestir þaðan í frá veginn breiða í átt til íhaldssama landsins. Þeim sem áður kunnu best að meta ævintýraferðir með bakpoka á óþekktan áfangastað finnst nú notalegast að heimsækja Kanarí eins og í fyrra þar sem stutt er á Klörubar og svona. Þróun frá ævintýramennsku að öryggisþörf er vitaskuld persónubundin en ég hef lúmskan grun um að vanafestan drepi árlega fullt af fólki úr leiðindum. Ofdekur á hefðum og rútínu hefur tilhneigingu til að bólgna út og stökkbreytast í skort á nýjungagirni sem getur í engu reikningsdæmi skapað gjöfula og innihaldsríka tilveru.

**UNDURSAMLEGT** trix til að brýna heilastarfsemina og hrista upp í lífinu er að gera reglulega eitthvað nýtt og óþægilegt í þeim tilgangi einum að gera eitthvað nýtt og óþægilegt. Sumum gæti fundist fullkominn óþarfi að bæta óþægindum við tilveruna, sem hefur sterka tilhneigingu til að færa okkur allskyns vesen hjálparlaust. Meðvituð útfærsla á lífsreynslu getur hins vegar opnað nýjan útsýnisglugga á lífið og þarf hvorki að kosta fjármuni eða vandræði fyrir aðra. Við getum sem sagt valið okkur óþægindi innan þægilegra marka.

**FYRIR** einhverja væri til dæmis óþægilegt skref að borða kvöldverð á fínum veitingastað eingöngu í eigin félagsskap. Eða brydda upp á samræðum við ókunnugt fólk, skilja símann eftir heima eða biðja um aðstoð. Fara í strætó, gera kínverskar teygjuæfingar á almannafæri, lesa bók eftir Barböru Cartland og viðurkenna mistök. Fara á samkomu í Krossinum eða með næstu rútu þangað sem hún er að fara. Taka á sig annars sök eða hætta að kenna sjálfum sér um allt og ekkert. Henda draslinu úr geymslunni og fyrirgefa gamlar misgjörðir.

**SEM** boðberi ferðalaga út úr þægindahringnum ætti ég í kvöld að taka nokkra hressa slagara á gítarinn fyrir vegfarendur í Austurstrætinu. Hins vegar er líka mikilvægt að taka tillit til táningsstúlkunnar á heimilinu áður en ég svipti móður hennar ærunni. Best að hugsa aðeins málið yfir Grey's Anatomy, ha?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 16. janúar, 16. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.54 | 13.37 | 16.21 |
| Akureyri | 10.59 | 13.22 | 15.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Toyota** - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértilboðum í takmarkaðan tíma.
Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4?
Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

**Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota**



TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |